



EBBA GUÐNÝ
styður Pistorius í
Suður-Afríku ▶ 32



**BROTTHVARF
LÁRU STEFÁNS**
Dansararnir segja
sína hlið ▶ 6



**NÝJA
SENDIBÍLASTÖÐIN**

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

8. mars 2014
57. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




FRÁ HELVÍTI TIL HAMINGJU

Björg Guðrún Gísladóttir ólst upp í versta slömmi Reykjavíkur við heimilisofbeldi, misnotkun og einelti. Hún tókst á við upprunann og áföllin, gekkst við kynhneigð sinni og er í dag ímynd heilbrigðis. ▶ 28



VERÐLAUNUÐ FRAMAKONA

Liv Bergþórsdóttir er forstjóri Nova. Hún hefur alltaf haft gaman af vinnu en segir skólann hafa verið henni kvöð. ▶ 34



HEIMSMEISTARI INNAN ÁRS ▶ 72

SKÆRASTA STJARNA HOLLYWOOD

Allt um Óskars-
verðlaunahaf-
ann Lupitu
Nyong'ó
– leikkon-
una og
tískugyðj-
una sem er
á allra
vörum
▶ 36



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Whirlpool
ÞVOTTAVÉLAR
Heimilistæki ht.is

Lambalæri á tilboði!

A photograph of a roasted lamb chop on a plate.

998 Kr. kg.

The logo for Iceland, featuring a red circle with a white thumbs-up gesture and the word 'Iceland' in white on a red background.A photograph of a young child sitting in the snow, wearing a green and blue winter jacket.

next

MIKIÐ AF FLOTTUM
BARNAFATNAÐI
KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

GREIÐA RAFMAGN SEM EKKI NÝTIST 4

Río Tinto þarf að greiða Landsvirkjun fyrri raforku sem álverið mun ekki nota.

STARFSLOKIN LÉTTIR 6

Dansari í Íslenska dansfloknum segir að dönsurinum sé létt við starfslok listdansstjóra flokksins.

FÁ MILLJARÐ Í HLUTAFÉ 8

Íslenska tæknifyrirtækið Meniga hefur undanfarna mánuði fengið um milljarð króna í nýtt hlutafé.

MEÐ TENGLUM VIÐ ÖFGAHÓPA 12

Nokkrir hátt settir stjórnáamenn í Úkraínu eru umdeildir vegna tengsla við öfgahópa.

ÍSLENDINGAR GEFIÐ 2 MILLJARÐA 18

Íslenskir stuðningsmenn UNICEF hafa gefið rúma 2 milljarða króna á síðasta áratug.

**SKOÐUN 20→22****PUNG VIÐBRÖGÐ EN LÍTIL ÁHRIF 20**

Þorsteinn Pálsson um þjóðaratkvæði og ESB-viðræður.

ÍSLANDS FULLORÐNU SYNIR 22

Hannes Pétursson um afturkallanir ríkisstjórnarinnar.

KONUR ERU EIN FORSENDI FRÍÐAR 22

John Kerry, utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna, um lykilstærktverk kvenna.

KARLAR – TAKIÐ PÁTT! 22

Eygló Harðardóttir um jafnréttisbaráttu.

HELGIN 26→52**LEIKUR SÉR MEÐ VATN 26**

Listamaðurinn Jeremy Lynch opnar sýningu.

UMVAFIN LISTAVERKUM 40

Handverkskonan Guðrún Hödd Bjarnadóttir opnar heimili sítt í Eyjafjarðarsveit.

EINI KVENKYNS ODDVITINN Í REYKJAVÍK 42

Sóley Tómasdóttir um umhverfsvæna Reykjavík og gjaldfrjálsa leikskóla.

VIÐVÍS ÆSKUHETJAN 44

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir óperusöngkona í yfirheyrslunni.

MENNING 60→66**ÚTLAGALJÓÐ UM ÍSLAND 60**

Sólvi Björn Sigurðsson þýddi ljóð Melittu Urbancic.

KVENNASÓLÓ Í NORRÆNA HÚSINU 62

Tuttugu konur halda í dansleiddangur.

AUÐUR AVA OG JÓN KALMAN TILNEFND 62

Tveir íslenskir rithöfundar á tilnefningalista Independent.

UFSILON Í SÍM-SALNUM 63

Samsýning ungra myndlistarmanna.

LÍFIÐ 68→78**Á TÖKUSTAÐ MEÐ PINE 78**

Fyrirsætan Íris Björk Jóhannesdóttir er stödd á Nýja-Sjálandi með leikaranum Chris Pine.

EUROVISION-MYNDABAND Í BÍGERÐ 78

Finni í Dr. Spock bregður sér í hlutverk illmennis með Pollapönki.

FÖNDRÁÐU 70

Lítrikar glasamottur sem auðvelt er að gera.

SPORT 72**HVAÐ GERIR GUNNAR NELSON? 72**

Gunnar Nelson stígur í búrið í kvöld og mætir Rússanum Omari Akhmedov í UFC-barðaga í London.

GUÐJÓN FÆR MILLJÓNIR 72

Knattspyrnuvæling Grindavíkur var í gær dæmd til þess að greiða Guðjóni Þórðarsyni rúmar 8 milljónir króna.

FIMM Í FRÉTTUM ÓSKARSVERÐLAUN, FYLGJUR OG ESB

Daði Einarsson, listrænn stjórnandi Reykjavík Visual Effects, átti stóran þátt í tæknivinnslu Óskarsverðlaunamyndarinnar Gravity. Myndin hlaut sjö verðlaun á Óskarsháttíðinni, meðal annars fyrir tæknibrellur.



Hildur Harðardóttir, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans, segir ekki eðlilegt að fylgjur kvenna séu afhentar eftir fæðingu og farið með þær út af sjúkrahúsinu. Dæmi eru um að konur eldi fylgjur sínar eða geri úr þeim dufthylki.




Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðgjafi hélt því fram að Evrópusambandið krefðist þess að Ísland haldi aðildarviðræðum áfram eða dragi umsóknina til baka.



Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjörriss í Hveragerði, var kjörin formaður Samtaka iðnaðarins. Svana Helen Björnsdóttir, fráfarandi formaður, var fyrsta konan til að gegna embættinu.

Tilkynnt var um úrslitin á iðningi samtakanna í Laugardalshöll.



→ **Hlauparinn Aníta Hinriksdóttir** jafnaði heimsmet unglinga á HM innanhúss í Sobot en var dæmd úr leik fyrir að stíga á línu. Þetta var fyrsta HM fullorðinna sem Aníta tekur þátt í.

Fái ekki undanþágu frá brennisteinsreglu

Heilbrigðieftirlitið vísar í varúðarsjónarmið gagnvart heilsu íbúa og er á móti því að Orkuveitan fái undanþágu frá reglum um útblástur brennisteinsvetnis. Bæjarráð Kópavogs tekur undir þetta. Orkuveitan segir líklegt að farið verði yfir mörkin.

UMHVERFISMÁL „Okkur er það ekki alveg ljóst,“ segir Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, aðspurð hvaða afleiðingar það hafi fyrir OR ef undanþága vegna styrks brennisteinsvetnis í andrúmslofti fæst ekki frá umhverfisráðuneytinu.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis leggst gegn því að Orkuveitan fái undanþágu frá hertum reglum um styrk brennisteinsvetnisins.

„Sérhver ákvörðun um að draga úr kröfum um hámarksstyrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti þarf að byggja á sterkum grunni, þar sem hafa þarf í huga afar rík varúðarsjónarmið varðandi heilsu íbúa nærliggjandi byggða. Heilbrigðisnefnd er ekki kunnugt um rannsóknir sem gefa tilefni til breytinga á reglugerðinni,“ segir heilbrigðisnefndin.

Sérstök athygli er vakin á brennisteinsmengun við Waldorfskóla í Lækjarbotnum þar sem styrkurinn hefur mælst yfir leyfilegum mörkum.

„Mótvægisáðgerðir vegna skólahalds í Lækjarbotnum hafa ekki verið kynntar heilbrigðisnefnd og eru því enn frekari rök er mæla með að undanþágunnar verði hafnað,“ segir heilbrigðisnefndin. Bæjarráð Kópavogs tekur undir að ekki eigi að veita undanþáguna og skorar á Orkuveituna að bregðast sem fyrst við með mótvægisáðgerðum vegna mengunar í Lækjarbotnum.

„Það veltur vitaskuld á því hvort styrkurinn mun fara yfir hin lækkuðu reglugerðarmörk, sem vissulega eru líkur á að gerist, og þá



WALFORFSKÓLINN Styrkur brennisteinsvetnis hefur mælst yfir mörkum í Lækjarbotnum. Bæjarráð Kópavogs skorar á Orkuveituna að bregðast sem fyrst við.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hvernig yfirvöld bregðast við,“ segir Hólmfríður áfram um afleiðingar þess að undanþágan fái ekki.

Þá segir Hólmfríður Orkuveituna vinna eftir verkefnisáætlun um mótvægisáðgerðir sem kynnt hafi verið fyrir um ári.

„Á næstu vikum verður tekin í notkun gasskiljustöð við Hellisheiðarvirkjun og tilraunir hefjast á niðurdælingu á brennisteinsvetni frá einum hverfli virkjunarinnar,“ útskýrir Hólmfríður sem kveður þar um að ræða 15 prósent af brennisteinsvetninu.

„Að hreinsa útblásturinn og dæla brennisteinsvetninu aftur niður í jarðlögin er hagkvæmasta og langumhverfsvænsta lausnin sem skoðuð hefur verið. Við bindum miklar vonir við hana en við viljum fá reynslu á rekstur þessarar



„Að hreinsa útblásturinn og dæla brennisteinsvetninu aftur niður í jarðlögin er hagkvæmasta og langumhverfsvænsta lausnin sem skoðuð hefur verið.“

Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri OR

stöðvar áður en ráðist verður í stækkun,“ segir umhverfisstjórinn. Samhliða séu ýmsar aðrar lausnir skoðaðar, meðal annars að nýta brennisteinsvetnið til iðnaðar og að brenna það.

gar@frettabladid.is

MENNTASKÓLINN V/HAMRAHLÍÐ

Opið hús miðvikudaginn 12. mars 2014

Menntaskólinn v/Hamrahlíð verður með opið hús miðvikudaginn 12. mars frá kl. 17:00–19:00.

Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt. 10.–bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.



MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

PÓSTFANG
105 REYKJAVÍK
SÍMI: 595 5200 · FAX: 595 5250

Lögreglan hefur vísað brottnámsmáli á Álftanesi til barnaverndaryfirvalda: Faðir nemur barn sitt á brott

BARNAVERNDARMÁL Lögreglunni í Hafnarfirði var tilkynnt í gærmorgun að íslensk stúlka hefði verið numin á brott af föður sínum. Stúlkan var á leið til skóla í fylgd móður sinnar.

Lögregla sagði í samtali við fréttastofu í gær að engin lög hafi verið brotin, enda foreldrarnir enn giftir og stúlkan því einnig á forræði föður síns. Málinu var af þeim sökum vísað til barnaverndaryfirvalda.

Faðir stúlkunnar hitti mæðgurnar fyrir utan Álftanesskóla og hafði stúlkuna á brott með sér í óþökk móðurinnar. Í kjölfarið hafði fjölskylda stúlkunnar samband við lögregluna í Hafnarfirði.

Faðirinn og móðirin hafa búið á Íslandi og í heimalandi föðurins á víxl undanfarinn áratug. Nýlega fluttu mæðgurnar aftur



ÁLFTANES-SKÓLI Faðirinn hitti mæðgurnar fyrir utan skóla stúlkunnar og hafði hana á brott með sér í óþökk móðurinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

til Íslands og hafa þær verið búsettar hjá móðurömmu stúlkunnar undanfarinn mánuð. Eldra barn þeirra er drengur á átjándá ári.

Vegabréf stúlkunnar er hjá móður hennar og því erfitt að

koma stúlkunni úr landi. Engu að síður var myndum af henni dreift á meðal starfsmanna vegabréfaeftirlitsins á Keflavíkurflugvelli. Fjölskylda stúlkunnar hefur kosið að tjá sig ekki um málið opinberlega.

- kt

MÁLUM Í MARS!

LÆGRA VERÐ Á MÁLNINGU

LITIR ÁRSINS

Þórunn Högná
og Húsasmiðjan
kynna lit ársins

KOMDU
OG FÁÐU
LITAPRUFUR
Í NÆSTU
VERSLUN



JOTUN

20% afsláttur

Lady Vegg 10

Einstaklega slitsterk, fyrir stofuna, svefnherbergið og baðherbergið.

7122223



Veggmálning

6.583 kr.

VERÐ FRÁ

Innimálning

9.995 kr.

10 lítrar

HarpaSjöfn

Sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Þekur vel, sem þýðir færri umferðir og minna magn af málningu.

7119970



HarpaSjöfn
Aðeins í



Veggmálning

3.995 kr.

ÓDÝRT

Impra

veggmálning 10ltr.

Mött veggjamálning til notkunar innanhúss. Gljástig 5, hvít.

7119964

ANZA



Rúllusett

995 kr.

25 cm rúlla, bakki og handfang

„Elite“ rúllusett

Sett með bakka, „maxi“ handfangi og Anlon 25 sm rúllu.

7014822

LÆGSTA
LAGA
VERÐ

Harðparket
Hvíttaður eikarplanki

1.290 kr/m²

~~2.195 kr/m²~~

Harðparket

Með krækju, auðvelt að leggja. Rakavarið millilag, slitþol 31/AC3. Fallegur planki á frábæru verði.

146939



Rafhlöðu- borvél 14,4V

Rafhlöðuborvél
2 rafhlöður, 14,4V

11.995 kr.

~~17.995 kr.~~

5246006

**BLACK &
DECKER**



Juðari

7.995 kr.

~~12.795 kr.~~

Juðari

Black&Decker KA320EKA
240W, stíglaus hraði.

5245789

25% afsláttur

AF ÖLLUM NILFISK
HÁPRÝSITDÆLUM

Háprýsidæla

11.995 kr.

~~15.995 kr.~~

C105.6-5.105 bar,
5 m slanga, 440 ltr/klst.
Þyngd 5,5 kg.

5254249

NILFISK



Frystikista

G115, orkunýting A+
1805483

Frigor

5 ÁRA
ÁRVEGD
30 DAGA
SKILARETTUR

Frystikista

43.900 kr.

Frigor 103 ltr.



Electrolux



Blástursofn

77.900 kr.

Electrolux 74 ltr.

5 ÁRA
ÁRVEGD
30 DAGA
SKILARETTUR

Blástursofn

EOB 3410COX, 74 ltr,
UltraFanPlus hitakerfi,
orkunýting A.

1860230 / 1805611



HÚSASMÍDJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

KÍKTU Á
KJARAKLÚBBS
TILBOÐIN
Í NÆSTU
VERSLUN!

01.03.2013 → 08.03.2013

1/5



Rúmlega fimmti hver kjóandi ber mjög eða frekar mikið traust til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra og Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

5

Patrekur Jóhannesson hefur unnið alla fimm bikarúrslitaleiki sína í Laugardalshöllinni.

7


Kvikmyndin Gravity sópaði til sín sjö verðlaunum á Óskarsverðlaunahátíðinni í Hollywood.



Bankarnir og Íbúðalánasjóður eiga rúmlega 1.400 íbúðir. Talið er að 400 til 500 þeirra standi auðar.


600

Hafist verður handa við að byggja íbúðahverfi á Hlíðarenda næsta haust með 600 íbúðum.



5-8 milljarðar

Árlegur halli landbúnaðarins fyrir styrki nemur fimm til átta milljörðum, að mati hagfræðiprófessors.



64,6 milljarðar

Bankarnir högnuðust samanlagt um 64,6 milljarða króna í fyrra.



Útflutningur landsmanna: Ferðaþjónustan skilar mestu

EFNAHAGSMÁL Ferðaþjónusta var stærsta útflutningsatvinnugrein landsins í fyrra en útflutningstekjur af henni voru 26,8 prósent af heildarútflutningstekjum. Er það í fyrsta sinn sem útflutningstekjur ferðaþjónustu eru meiri en útflutningstekjur af sjávarútvegi, en þær námu 26,5 prósentum. Hlutfall ferðaþjónustunnar í útflutningstekjum jókst um rúmlega þrjú prósent milli ára.



HELGA ÁRNADÓTTIR

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þetta afar ánægjuleg tíðindi. „Þetta er í takt við það sem við gerðum ráð fyrir.“

Uppreisnarmaður frá Kongó: Dæmdur sekur um fjöldamorð

HOLLANDI, AP Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn hefur dæmt uppreisnarleiðtogann Germain Katanga sekan um fjöldamorð í þorpinu Bogoro í Kongó fyrir rúmum áratug. Hann var aftur á móti sýknaður af ákærum um nauðgun, kynlífsþrælkun og notkun barna í hernaði.

Tvö hundruð almennum borgurum var slátrað og mörgum konum var nauðgað og þær gerðar að kynlífsþrælum í Bogoro 24. september 2003.

LEIÐRÉTT

Ranglega sagði undir töflu með frétt um íslenska landbúnaðarkerfið í Fréttablaðinu í gær að tölur í töflunni væru í þúsundum króna. Rétt er að tölurnar voru í milljónum króna.

Álverið greiðir alla raforkuna en notar aðeins hluta hennar

Orkusamningur Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan vegna framleiðsluaukningar í Straumsvík er enn í gildi. Rio Tinto þarf að greiða fyrir raforku sem álverið mun ekki nota. Búðarhálsstöð kom í kjölfar samningsins.

ORKUMÁL Rio Tinto Alcan þarf að greiða Landsvirkjun fyrir nánast alla þá orku sem ný Búðarhálsstöð framleiðir þrátt fyrir að fyrirtækið geti einungis notað um 80 prósent af orkunni. Verðið er trúnaðarmál en orkusamningur fyrirtækjanna var undirritaður árið 2010 og gildir til ársins 2036.

Fyrirtækin komust að samkomulagi þegar unnið var að viðamiklum breytingum á álverinu í Straumsvík sem áttu að auka framleiðslugetu þess um tuttugu prósent. Í apríl á síðasta ári kom í ljós að framleiðslan yrði einungis aukin um átta prósent og orkupörf fyrirtækisins því minni en upphaflega var gert ráð fyrir. Samningurinn mun að sögn Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, standa þangað til fyrirtækin semja um annað.

„Rio Tinto er skuldbundið til að taka við orku í samræmi við þann samning og Landsvirkjun að afhenda í samræmi við samninginn og honum hefur ekki verið breytt. Fyrirtækinu ber að greiða fyrir raforku hvort sem það notar hana eða ekki,“ segir Hörður.

Raforkan sem virkjanir Landsvirkjunar framleiða fer inn á dreifikerfi Landsnets og þaðan til viðskiptavina. Landsvirkjun tilkynnti í janúar um orkuskerðingu til stórnotenda sem gæti staðið til aprílloka. Skerðinguna má rekja til veðurfars en ákvörðunin hefur meðal annars haft áhrif á rekstur álversins í Straumsvík sem þurfti í kjölfarið að draga úr fyrirhugaðri framleiðsluaukningu.

„Það eru takmarkanir fyrir því hvernig við getum fært orku á



Í STRAUMSVÍK Álverið kemur til með að nota um 60 megavött af þeim 75 sem samið var um. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

milli landssvæða, það getur verið gott ástand á einum stað, slakt á öðrum stað. Við lentum í þessu síðastliðið vor, þó ekki hafi komið til skerðingar, þá var næstum farið í þær Austurlandi en á þeim tíma var til orka á Suðurlandi en hún komst ekki austur. Og það eru ekki ósvipaðar aðstæður núna, núna er staðan öfug, það er enn til orka á Austurlandi,“ segir Hörður og bætir því við að það sé mjög mikilvægt fyrir orkufyrir-

tækin að dreifikerfi Landsnets verði eflt.

„Það bætir nýtinguna og eykur afhendingaröryggið. En þetta hefur því miður gengið mjög hægt,“ segir Hörður og bendir á að Landsnet hefur ítrekað reynt að ná fram breytingum sem hafa stöppað í skipulags- eða leyfisferlum.

„En við vonum að rofi eitthvað til þar en Landsnet hefur ekki enn fengið nein leyfi,“ segir Hörður.

haraldur@frettabladid.is

→ Gangsett í gær

Búðarhálsstöð, nýjasta afstöð landsins, var formlega gangsett í gær. Uppsett afl hennar er 95 megavött og með henni er virkjað áður ónytt fjórutíu metra fall vatns frá Hrauneyjafossi að Sultartangalóni. Landsvirkjun réðst í byggingu stöðvarinnar eftir að fyrirtækið samdi við Rio Tinto Alcan.


Superkaup.is

FESTING FYRIR SORPTUNNULOK

7 daga tilboð kr. 1.250 m/uppsetningu á Höfuðborgarsvæðinu

Borgaris ehf. Breiðvangu 28, 220 Hafnarfjörður s: 564 6700

Veðurspá



HÖRKU VETUR Það hversir af austri með morgninum og um hádegi verður hvassviðri eða stormur á sunnanverðu landinu. Síðdegis hversir í öðrum landshlutum en það tekur að lægja aðfaranótt sunnudags. Lægðinni fylgir síðan töluverð úrkoma.

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 14°	New York 9°
Apéna 13°	Gautaborg 8°	Orlando 22°
Basel 14°	Kaupmannahöfn 8°	Ósló 8°
Berlín 12°	Las Palmas 21°	París 18°
Billund 9°	London 15°	San Francisco 16°
Frankfurt 16°	Mallorca 19°	Stokkhólmur 8°

Á MORGUN
N- og NV-áttir, víða 10-18 m/s, hægari vindur vestan til.

MÁNUDAGUR
2-6 m/s norðan til, hversir SV-til síðdegis.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður



NOTAÐIR BÍLAR MIKIÐ ÚRVAL

**GÓÐIR
AFSLÆTTIR**

Gerðu betri bílakaup!



► **Verð: 10.270.000 kr.**

Volvo XC90 Momentum D5 AWD UUV86
Skráður des. 2012, 2,4TDI dísil, sjálfsk.
Ekinn 40.000 km.

[ábyrgð]



► **Tilboð: 3.890.000 kr.**

Ford Kuga Titanium S AWD FBY85
Skráður apríl 2012, 2,0TDCI dísil, beinsk.
Ekinn 51.000 km.

Ásett verð: 4.090.000 kr. [ábyrgð]



► **Tilboð: 2.590.000 kr.**

Ford Explorer Eddie Bauer 4x4 EXU26
Skráður ágúst 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.

Ásett verð: 2.890.000 kr.



► **Tilboð: 3.690.000 kr.**

Kia Ceed EX RYZ21
Skráður sept. 2012, 1,6Di dísil, sjálfsk.
Ekinn 4.000 km.

Ásett verð: 3.990.000 kr. [ábyrgð]



► **Tilboð: 3.490.000 kr.**

Ford Focus Titanium OLF07
Skráður mars 2013, 2,0TDCI dísil, sjálfsk.
Ekinn 36.000 km.

Ásett verð: 3.750.000 kr. [ábyrgð]

**FINNDU BÍLINN
PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS**

**TÖKUM ALLAR GERDIR
BÍLA UPPÍ!**



► **Tilboð: 1.950.000 kr.**

Kia Sorrento EX NL348
Skráður nóv. 2005, 2,5TDI dísil, sjálfsk.
Ekinn 138.000 km.

Ásett verð: 2.140.000 kr.



► **Verð: 3.390.000 kr.**

Ford B-MAX Titanium JFE65
Skráður maí 2013, 1,6TDCI dísil, beinsk.
Ekinn 28.000 km.

[ábyrgð]



► **Tilboð: 4.190.000 kr.**

Ford Kuga Titanium S AWD TKV42
Skráður apríl 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfsk.
Ekinn 71.000 km.

Ásett verð: 4.660.000 kr. [ábyrgð]



► **Tilboð: 7.490.000 kr.**

Mitsubishi Pajero Instyle 4x4 REJ72
Skráður maí 2011, 3,2TDI dísil, sjálfsk.
Ekinn 65.000 km.

Ásett verð: 7.990.000 kr.



► **Tilboð: 990.000 kr.**

Nissan Primera Aggcenta PS217
Skráður okt. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 111.000 km.

Ásett verð: 1.250.000 kr.

**BÍLADÍLL
DAGSINS!**
Hafðu samband
strax!



► **Tilboð: 3.650.000 kr.**

Ford Escape Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 66.000 km.

Ásett verð: 3.950.000 kr.



► **Tilboð: 1.690.000 kr.**

Hyundai i20 Classic LVB51
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 km.

Ásett verð: 1.940.000 kr.



► **Tilboð: 1.940.000 kr.**

Ford Fiesta Trend MUE42
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 32.000 km.

Ásett verð: 2.090.000 kr. [ábyrgð]



► **Tilboð: 1.490.000 kr.**

Nissan X-Trail Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.

Ásett verð: 1.690.000 kr.



► **Tilboð: 1.290.000 kr.**

Audi A6 UZ308
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.

Ásett verð: 1.490.000 kr.

Fylgstu með á
FACEBOOK



Notaðir bílar
- Brimborg

Tilboðsbílarirnir fara
beint á Facebook!

**ÞARFTU 100%
FJÁRMÖGNUN?**

HAFDU SAMBAND VÍÐ RÁÐGJAFNA OG
FÁÐU UPPLÝSINGAR UM HVAD ER Í BODI.

**VÍÐ TÖKUM ALLAR
TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

Víð tökum notaða bílinn
pinn uppi á hagstæðu verði.
Sýndu okkur bílinn pinn
og víð gerum þér tilboð í
milligjöf. Engin skuldbinding.

Skoðuðu úrvalið á

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söluheildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgraininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Er um byrjaðar!

Toppjár

Snjólaug G. Kjartansdóttir
hársnyrtímeistari

Svanhildur
hársnyrtir

Dvergshöfði 27
110 Reykjavík
Netfang: stedji@stedji.is

587 2030

f Toppjár

Forseti Alþingis segir starfsfók Alþingis frábært og hann beri traust til þess: Kallaði á Vigdís vegna viðtals

ALÞINGI Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, hefur rætt við Vigdís Hauksdóttur vegna ummæla hennar um starfsmenn þingsins í Monitor, fylgiriti Morgunblaðsins, sem kom út á fimmtudag.

Greint var frá þessu í fréttum Stöðvar 2 í gær. Í viðtalinu sagði Vigdís meðal annars að viðmót starfsmanna hefði breyst frá því virðing þingsins var hvað mest. Þá hefðu starfsmenn ekki ávarpað þingmenn.



EINAR K. GUÐFINNSSON



VIGDÍS HAUKSÐÓTTIR

Einar sagði að hann væri viss um að ummæli Vigdísar endurspegluðu ekki viðhorf þingmanna

almennt og sannarlega ekki hans viðhorf gagnvart starfsfólkinu. „Við höfum hér frábært starfsfólk sem vinnur mjög vel að þeim verkefnum sem því er trúað fyrir og samskipti þingmanna og starfsfólksins hafa mér vitanlega alltaf verið óaðfínanleg,“ segir forseti Alþingis og kvaðst bera fullt traust til starfsfólks Alþingis.

Einar sagði að Vigdís yrði að standa fyrir ummælum sínum. „Þetta eru hennar skoðanir en ég er ósammála þeim.“ - hmp, jme

Dönsurunum er létt við starfslok Láru

Dansarar Íslenska dansflokksins segja ástandið hafa verið hrikalegt í stjórnartíð Láru Stefánsdóttur listdansstjóra vegna skipulags- og samskiptaleysis. Lára hefur hætt störfum og gefið það út opinberilega að dansararnir hafi snúist gegn henni.

STJÓRNSÝSLA „Það hafa fjórir starfsmenn hætt hjá Íslenska dansflokki frá því Lára hóf störf sem listdansstjóri, og ekki bara dansarar,“ segir Hannes Þór Egilsson dansari. „Svo hafa margir farið í leyfi undanfarna mánuði og í raun beðið eftir að hún hætti, þar á meðal dansarar sem hún hafði nýlega ráðið.“

Í gær var undirritað samkomulag milli Láru og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um starfslok hennar. Í viðtali við Fréttatímann segir hún starfið hafa snúist upp í martröð eftir að dansarar flokksins snerust gegn henni, kvörtuðu undan henni í fjölmiðlum og sökuðu hana um einelti. Lára hafnar því í viðtalinu og segist einfaldlega hafa gert kröfur og hún hafi viljað auka metnað flokksins.

„Lára talaði mikið um stefnubreytingar en var algjörlega stefnulaus stjórnandi. Við dansararnir tjáðum oft óánægju okkar við hana, á yfirvegaðan og kurteislegan hátt, og báðum um skýrari sýn en það gerðist aldrei neitt,“ segir Hannes.

Hann segir ítrekað hafa verið troðið á rétti dansara vegna samskipta- og skipulagsleysis stjórnanda. Einnig að Lára hafi hafið störf ákveðin í að bæta fjárhagsstöðu, fjölga áhorfendum og ferðast meira um landið með sýningar. „En með hennar stjórnarháttum þá varð staðan á öllum þessum þáttum verri.“

Síðasta vor skrifuðu dansararnir Láru bréf og báðu hana að segja af sér vegna óviðunandi ástands innan flokksins. Hún hafnaði því. Í kjölfarið leitaði Hannes á ný mið og fór í launalaust leyfi frá flokknum því



VORBLÓT Miklir árekstrar urðu á milli dansaranna og Láru Stefánsdóttur við uppfærslu dansverksins Vorblóts síðasta vor. Ástæðan var að Lára samdi fyrir hönd dansaranna án þess að bera það undir þá og fannst dönsurunum troðið á rétti sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Lára talaði mikið um stefnubreytingar en var algjörlega stefnulaus stjórnandi.“

Hannes Þór Egilsson dansari

Lára hefur samið um starfslok sín.

Dönsurum er létt við starfslokinn og sagði dansari sem blaðið ræddi við að þau séu bjartsýn á framtíðina. „Við erum mörg hver búin að taka þátt í uppbyggingu á flokknum og þykir mjög vænt um þessa einu dansstofnun á Íslandi. Nú viljum við bara byggja flokkinn aftur upp og trúum að það sé hægt vegna þeirrar samheldni sem hefur alltaf ríkt í flokknum fyrir utan síðasta árið.“

erlabjorg@frettabladid.is

Engir sáttafundir hafa enn verið haldnir á Alþingi til að leysa ESB-deilur:

Beðið eftir Sigmundi og Bjarna

ALÞINGI „Boltinn er í höndum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra,“ segir Birgitta Jónsdóttir þingflokksformaður Pírata. Einar K. Guðfinnsson,

forseti Alþingis, kallaði formenn þingflokka til fundar í gær en engar sættir urðu í ESB-málum.

„Það var engin niðurstaða af fundinum,“ segir Róbert Marshall, formaður þingflokks Bjartrar framtíðar. Hann segir að nú bíði menn eftir að heyra frá formönnum stjórnarflokka. „Það var



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR



RÓBERT MARSHALL

alveg skýrt hvert samkomulagið var þegar fundur Alþingis var frestað fyrir viku. Skilaboðin voru að það ætti að reyna að ná sáttum í þessari deilu,“ segir Róbert.

Hann segir að ef ekki náist samkomulag um helgina sé ljóst að það verði mikið rætt á Alþingi í næstu viku þegar þingsályktunartillaga Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að draga til baka aðildarumsókn Íslands að ESB verður á dagskrá.

Sigmundur Davíð Gunnlaugs-



Á ALÞINGI Stjórnarandstaðan segir boltann í ESB-málinu í höndum meirihlutans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

son forsætisráðherra hefur verið í heimsókn í Kanada frá því á miðvikudag en er væntanlegur til landsins í dag. Hvorki náðist í Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra né Einar K. Guðfinnsson við vinnslu fréttarinnar.

- jme

Nýtt!

2 í 1

Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



Otrivin[®] Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldsýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópiumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (brúttinnar nefslímhúðar) og nefrennsli af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xylometazólinhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örliðið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hyoscýamin eða skópólámin), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða muninn, ef þú ert með neipurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Punguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtli), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjujúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurlrauni 12a, 210 Garðabæ.

Danskir dagar

LEGO CHIMA

20%
afsláttur af
LEGO CHIMA
á dönskum
dögum



LEGO

Friends



20%
afsláttur af
LEGO FRIENDS
á dönskum
dögum

Gildir til 16. mars á meðan birgðir endast.



24
Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Bankinn greiddi kostnaðinn: Greiddi málskostnað Más

DÓMSMÁL Seðlabanki Íslands greiddi málskostnað Más Guðmundssonar þegar Már fór í mál við bankann til að fá úr því skorið hvort Kjararáð hefði verið í rétti þegar það lækkaði laun hans árið 2009.

Lára V. Júlíusdóttir lögmaður var formaður bankaráðs þegar málið var fyrir dómi. Hún segir í yfirlýsingu að það hafi ekki síður verið hagsmunamál bankans en Más að fá skorið úr málinu. Því hafi bankinn greitt málskostnaðinn. Hún segir að bankaráð hafi vitað allt um málið.



MÁR GUÐMUNDSSON

-jme

Samþykktu sáttatillögu: Drífandi felldi eitt félag

VINNUMARKAÐUR Öll félög, nema eitt, sem felldu kjarasamninga á almenna markaðnum, samþykktu sáttatillögu ríkissáttasemjara sem lögð var fram 20. febrúar.

Drífandi í Vestmannaeyjum felldi tillöguna. Kjörsoðni í Eyjum var tæplega 47 prósent, af þeim sem kusu sögðu 61 prósent nei. Meðalkjörsoðni hjá öðrum félögum var um 20 prósent.

Kjarasamningurinn sem undirritaður var í desember tekur þar með gildi hjá þeim sem samþykktu sáttatillöguna auk þeirrar viðbótar sem sáttatillagan gekk út á.

-jme

Milljarður í hlutafé á einu ári

Íslenska tæknifyrirtækið Meniga hefur undanfarna mánuði sótt um milljarð króna í nýtt hlutafé. Verðmæti fyrirtækisins stendur nú í um þremur milljörðum króna, en stefnan er sett á frekari vöxt og framþróun.



„Við höfum vaxið mjög hratt að undanfögnu og erum stærstir á okkar sviði í Evrópu. Framtíðin er björt og allt bendir til áframhaldandi hraðs vaxtar og nýrra landvinninga.“

Georg Lúðvíksson
framkvæmdastjóri Meniga

Þekkingu á fyrirtækjum á sviði fjármálhugbúnaðar.

„Fjárfesting þeirra staðfestir verðmæti og möguleika Meniga og er í raun fyrsta fjárfesting erlendis áhættufjárfestingasjóds í íslensku nýsköpunarfyrirtæki frá hrúni.“

Hann segir að fjármagnshöftin og íslenskt lagaumhverfi hafi truflað en sem betur fer hafi það ekki stöðvað viðskiptin.

Georg segir margt í burðarliðnum hjá Meniga í nánustu framtíð. „Við höfum vaxið mjög hratt að undanfögnu og erum stærstir á okkar sviði í Evrópu. Framtíðin er björt og allt bendir til áframhaldandi hraðs vaxtar og nýrra landvinninga. Hugbúnaður Meniga verður kominn í snertingu við um fimmtán milljónir neytenda um mitt þetta ár, og við erum á góðri leið með að ná til tuga milljóna á næstu misserum.“

thorgils@frettabladid.is



Í ÖRUM VEXTI Meniga var stofnað árið 2009 og er nú með viðskiptavinum í þrettán löndum. 75 manns vinna hjá fyrirtækinu, þar af 55 hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

730 milljóna tekjur á síðasta ári

- Meniga var stofnað árið 2009 utanum lausnir á sviði heimilisfjármálhugbúnaðar og er nú markaðsleiðandi í Evrópu, með sautján viðskiptavinum í þrettán löndum sem flest eru í Evrópu.
- Nú síðast tilkynnti Meniga að ING Direct-bankinn á Spáni væri að ljúka innleiðingu á hugbúnaði Meniga, en innan tíðar mun hugbúnaður Meniga ná til um 15 milljóna netbankanotenda í þessum þrettán löndum.
- Fyrirtækið er enn að mestu leyti í eigu íslenskra aðila, stofnendanna ásamt Frumtaki og Kjölfestu.
- Á árinu 2013 jukust tekjur Meniga um 75% eða í um 730 milljónir. Starfsmenn fyrirtækisins eru nú um 75 og þar af um 55 á Íslandi en aðrir í Stokkhólmi og London þar sem Meniga opnaði nýlega skrifstofu.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki

Virðing · Vægi · Verðmæti



NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐUR
PÁLMA JÓNSSONAR
STOFNANDA HAGKAUPS

Markmið sjóðsins er að auka almenna þekkingu á íslenskrum náttúru svo að umgengni okkar og nýting á verðmætum hennar geti í ríkari mæli einkennst af virðingu og skynsemi. Samhliða er leitast við að bæta tengsl Íslendinga við náttúru landsins og efla með því gott hugarfar, mannlíf og atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið.


Markmiði þessu verði náð með því að styrkja verkefni sem fást við sköpun og miðlun þekkingar um náttúruna í víðum skilningi. Farvegurinn getur verið í gegnum listir, hvers kyns fræði og vísindi.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar. **Skilafrestur er 15. apríl.** Heildarúthlutun á þessu ári nemur allt að 25 milljónum króna. Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar má fá á vefsíðu sjóðsins: www.natturuverndarsjodur.is.

Umsóknir sendist sjóðnum í
Pósthólf 10, 550 Sauðárkróki.

Opnað hefur verið fyrir framtalsskil á **skattur.is**

Skilafrestur er til **21. mars**



■ Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 1. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

■ Upplýsingar á framtali

Áriðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

■ Auðkenning

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

■ Símapjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 31. mars og 1. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.



Landsvirkjun

Nýjasta aflstöð Íslendinga

Orkuvinnsla er hafin í Búðarhálsstöð, nýjustu aflstöð Íslendinga. Uppsett afl stöðvarinnar er 95 MW og árleg orkuvinnsla verður um 585 GWst.


Búðarhálsstöð er sjötta aflstöðin á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár, stærsta vinnsluvæði Landsvirkjunar. Hún skapar veruleg verðmæti með því að virkja áður ónýtt 40 metra fall milli Hrauneyjafoss og Sultartanga.

Byggingu stöðvarinnar fylgdi mun minna rask en byggingu virkjunar á nýju svæði. Allt steypufni var til staðar, eldri efnisnámur

voru nýttar aftur og aðrennsli að stöðinni er að mestu neðanjarðar. Samrekstur aflstöðvanna á svæðinu skapar hagkvæmni með samlegðaráhrifum.

Um 900 ársverk voru unnin við byggingu Búðarhálsvirkjunar. Nú verða vinnubúðir fjarlægðar og unnið að frágangi og uppgræðslu á svæðinu. Markmiðið er að ný aflstöð við Búðarháls verði okkur öllum til sóma.

Við þökkum öllum sem komu að framkvæmdinni við Búðarháls kærlega fyrir frábært samstarf.





Ríkisstjórn með tengsl við öfgahópa

Forseti Rússlands heldur því fram að nýfasískir öfgahópar séu að taka völdin í Úkraínu. Evrópuþingið hefur gagnrýnt hægriöfgaflokkinn Svoboda sem fer með umtalsverð völd í nýju ríkisstjórninni. Fékk 2% atkvæða í forsetakosningum 2012 en er nú fjórði stærsti flokkurinn.

ÚKRAÍNA Vladímír Pútín, forseti Rússlands, heldur því fram að nýfasískir hægriöfgahópar séu á bak við „valdaránið“ í Úkraínu eins og hann kallar það. Viktor Janúkovítsj, fyrrverandi forseti Úkraínu sem var hliðhollur Rússum, hrökklaðist úr embætti í síðasta mánuði eftir blóðug mótæli í Kænugarði.

Pútín hefur sett spurningamerki við það hversu lýðræðis-sinnaðir mótmælendurnir voru í raun og veru og lýsir þeim sem „körlum með svartar grímur og Kalashnikov-riffla“. Á vefsíðu CNN er velt vöngum yfir því hvort þessi orð forstans eigi við rök að styðjast.

Ljóst er að hægriöfgahreyfingar, gyðingahaturshópar, andstæðingar Rússa og opinberir fasískir hópar hafa þrífist í Úkraínu. Árið 2012 fordæmdi Evrópuþingið fjölmennasta, en alls ekki öfgafyllsta, hægriöfgaflokkinn Svoboda og sagði hann uppfullan af „kynþátta-, gyðinga- og útlendingahatri“. Í skýrslu þingsins lýsti það yfir áhyggjum sínum af „aukinni þjóðernishyggju í Úkraínu“.

Oleg Tjahníbok, leiðtogi Svoboda, lét eitt sinn hafa eftir sér að Kænugarði væri stjórnad af „rússneskri gyðingamafíu“ og að Úkraínnum hafi barist af miklu hugrekki gegn Rússum, Þjóðverjum, gyðingum „og öðrum öpverrum“ í síðari heimsstyrjöldinni. Þessi hópur, ásamt hinna öfgafullu Hægrihreyfingu,



MÓTMÆLENDUR Stuðningsmenn Svoboda fyrir utan þinghúsið í Kænugarði þar sem bláir fánar flokksins voru áberandi. NORDICPHOTOS/AFP

tók virkan þátt í mótmælunum í Úkraínu og átti þátt í að ryðja brautina fyrir nýju stjórnina með bráðgabirgðaforsetann Túrtsjínov í fararbroddi.

Svoboda-flokkurinn hlaut aðeins tveggja prósentu fylgi í forsetakosningunum árið 2012 en nú er hann orðinn sá fjórði stærsti í landinu. Lykilembætti í úkraínsku bráðabirgðastjórninni tengjast flokknum, þar á meðal embætti aðstoðarforsætisráðherra og yfirmanns þjóðaröryggis- og varnarmálaráðsins.

Svoboda hefur jafnframt umsjón með saksóknaraembættinu og ráðuneytum umhverfis- og landbúnaðarmála.

Svoboda er engu að síður uppfullur af mismunandi þenkjandi einstaklingum og sumir þeirra gengu í flokkinn til að starfa gegn spillingu. Þjóðernishyggjan hefur heldur verið á undanhaldi í Svoboda, sem einnig styður samvinnu við Evrópusambandið, sem er undantekning á meðal hægriöfgaflokka í Evrópu. freyr@frettabladid.is

Þrjú umdeildir í ríkisstjórninni

Olexander Sítsj

Hinn 49 ára aðstoðarforsætisráðherra er meðlimur hægriöfgaflokksins Svoboda (Frelsisflokksins). Hann er mótfallinn fóstureyðingum og sagði eitt sinn að konur eigi að „haga lífsstíl sínum þannig að dragi úr hættunni á því að þeim verði nauðgað, þar á meðal með því að drekka ekki áfengi eða vera í vafasömum félagskap“. Sítsj hefur verið gagnrýndur af konum og mannréttindasamtökum.



OLEXANDR SÍTSJ Sítsj, til hægri, ásamt forsætisráðherra Jatsenjúk. NORDICPHOTOS/GETTY

Andrí Parúbí

Yfirmaður þjóðaröryggis- og varnarráðsins er meðlimur Föðurlandsflokksins og hafði yfirumsjón með mótmælaaðgerðunum í síðasta mánuði. Hann er annars stofnandi Þjóðernissósíalístaflökksins, sem var fasistaflokkur undir áhrifum frá nasistum. Inn-göngu í flokkinn fengu aðeins „gegneilir“ Úkraínnumenn. Síðar meir fékk flokkurinn nafnið Svoboda.



ANDRÍ PARÚBÍ Yfirmaður þjóðaröryggis- og varnarráðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Dmítro Jarosj

Aðstoðarmaður þjóðaröryggis- og varnarráðsins er yfirmaður hins herskúa hægriöfgahóps Praví Sektor, sem var áberandi í mótmælunum í síðasta mánuði. Margir hafa bendlað hópinn við ofbeldið sem mótmælendur beittu, þar á meðal er þeir hentu mólótokokteilum að lögreglunni og grýttu hana. Sumir vestraenir ráðamenn hafa lýst yfir áhyggjum sínum af veru Jarosj í ríkisstjórninni.

Má bjóða þér aðstoð við vörupróun?

Auglýst eftir hugmyndum að nýsköpun í matvælaframleiðslu.

Matís auglýsir eftir hugmyndum frá áhugasömum aðilum um vörupróunarverkefni. Um er að ræða sérfræðiaðstoð við vörupróun á matvöru, aðstoð við nauðsynlegar mælingar og/eða uppsetningu gæðakerfis við framleiðslu.

Mögulegt er að nýta framleiðsluáðstöðu í matarsmiðjum Matís sem staðsettar eru í Reykjavík, Höfn og á Flúðum.

Ekki verður greitt fyrir eigin vinnu umsækjanda, hráefni eða tækjakaup.

Gert er ráð fyrir að vörupróun hefjist í mars og verði lokið um mánaðarmót maí/júní 2014.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Matís www.matis.is.

Hægt er að sækja um þátttöku í verkefninu til 13. mars n.k.

Verkefnið er styrkt af Norræna ráðherraráðinu.

Nánari upplýsingar veita Sigrún Elsa Smáradóttir og Ingunn Jónsdóttir hjá Matís í síma 422 5000.



ALLT DÝRAFÓÐUR OG VÖRUR
20 TIL 30%
AFSLÁTTUR

Stórhundakynning um helgina

DAGSKRÁ FRÁ 13:00 TIL 17:00 ★ LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Á ÚTISVÆÐINU: KRAKKARNIR FÁ AÐ SITJA Á SLEÐA ★ DREGNUM AF SLEÐAHUNDUM
Í GRÓÐURHÚSINU: SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR ★ KYNNIÐ YKKUR YFIR
20 TEGUNDIR STÓRRA HUNDA ★ HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ DÝRALÆKNIR ★
KYNNINGAR Á FÓÐURVÖRUM ★ LUKKUPOTTAR O.FL.



ALÞJÓÐLEGUR KVENNADAGUR ER 8. MARS

20% AFSLÁTTUR AF
FERMINGARVÖRUM

GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS

FRÆ OG LAUKAR Í ÚRVALI
FÁIÐ RÁÐGJÖF HJÁ GARÐYRKJURFÆÐINGI!

KRYDDJURTARNÁMSKEIÐ 11. MARS
MEÐ VILMUNDI HANSEN
SKRÁNING Á NAMSKEIÐ@GARDHEIMAR.IS



ÍS Á 150KR



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á



Getum við aðstoðað?

✓ Glögg er gests augað



Við bjóðum þeim sem verða 76 ára á árinu upp á öryggisheimsókn

„Glögg er gests augað“ er átaksverkefni um öryggi eldri borgara sem slysavarnadeildir innan Slysvarnafélagsins Landsbjargar þar sem farið verður yfir öryggismál og slysavarnir á heimilinu.

Á næstu vikum fá einstaklingar fæddir 1938 bréf og býðst þeim í framhaldi að fá heimsókn frá fulltrúum Slysvarnafélagsins Landsbjargar þar sem farið verður yfir öryggismál og slysavarnir á heimilinu.

Nánari upplýsingar á www.landsbjorg.is og www.oryggi.is



Hvert heimili sem þiggur heimsókn fær reykskynjara að gjöf!

Pingeyrarflugvöllur hefur verið lokaður í heilt ár vegna slitlagsskemmda: Viðgerð kostar um 100 milljónir

SAMGÖNGUR Þingeyrarflugvöllur, sem fyrir átta árum var byggður upp fyrir 200 milljónir króna til að vera varaflugvöllur Ísafjarðar, hefur verið lokaður í heilt ár vegna slitlagsskemmda. Engir peningar fást til að gera við hann.

Flugvöllurinn var byggður upp á árunum 2005 og 2006, brautin lengd, aðflugsljós sett upp og öryggissvæði lögð í fulla breidd. 190 milljóna króna kostnaður var réttlættur með því að rekstraröryggi flugs til Vestfjarða myndi aukast til muna þar

sem aðflug í Dýrafirði væri betra en á Ísafirði og veðurfar skárna.

Það var um þetta leyti í marsmánuði í fyrra sem skemmdir komu í ljós í slitlagi brautarinnar og hefur flugvöllurinn verið lokaður síðan. Frá Ísavia fengust þær upplýsingar að viðgerð myndi kosta hátt í eitt-hundrað milljónir króna og þeir fjármunir væru ekki til.

Á Þingeyri eru íbúar ekki sáttir við lokun vallarins en um 50 kílómetrar eru á milli Ísafjarðar og Þingeyrar.



VARAFLUGVÖLLUR Flugvöllurinn á Þingeyri átti að þjóna sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekjuskattur á lögaðila verður sex milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir: Arður í ríkissjóð yfir áætlun

EFNAHAGSMÁL Verði 20 milljarða króna arðgreiðsla Landsbankans samþykkt á aðalfundi bankans má búast við að heildararðgreiðslur viðskiptabankanna þriggja í ríkissjóð nemi 21,1 milljarði króna. Þetta er um 13 milljörðum meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum.



BJARNI BENEDIKTSSON

Ríkið er aðaleigandi Landsbankans með 97,7 prósentu eignarhlut en arðgreiðslur frá hinum bönknum eru töluvert lægri, tæpur milljarður vegna 13 prósentu hlutar í Arion banka og tæpur hálfur milljarður vegna 5 prósentu hlutar í Íslandsbanka.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, segir þetta vera góð tíðindi fyrir ríkissjóð og ef aðhalds verði gætt í ríkisrekstri megi búast við

að tekjuafgangur ríkissjóðs verði nærri 20 milljörðum í stað tæplega milljarðs eins og fjárlög gerðu ráð fyrir.

Daníel bætir við að búast megi við að tekjuskattur á lögaðila verði hærri en áætlað var vegna góðrar afkomu skráðra félaga hér á landi.

„Það eru umtalsverðar arðgreiðslur til annarra eigenda bankanna en ríkissjóðs og af því innheimtir ríkið um 20 prósentu tekjuskatt. Ef við reiknum þær tekjur auk skatttekna af skráðum félögum þá má reikna með að til viðbótar komi um sex milljarðar,“ segir Daníel.

Bjarni Benediktsson segir þetta góð tíðindi fyrir ríkissjóð. „Ég sé fyrir mér að þetta auki svigrúm til þess að lækka til dæmis skuldir og



ARÐGREIÐSLUR Ríkið fær um 13 milljörðum meira í arð frá viðskiptabönknum þremur en gert var ráð fyrir.

koma til móts við óvænt áföll ef einhver verða,“ segir Bjarni og bætir við að ríkið hafi lagt gríðarlega fjármuni í að tryggja endurreisn bankakerfisins og nú horfi til þess að ríkið geti endurheimt þann mikla kostnað.



BMW X5

www.bmw.is



Hrein akstursgleði

BMW X5

AKTU FRAMFÖRUM

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestaflla dísilvél og 8 gira sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!

BMW X5 - 5,8 l/100 km.* Verð frá 10.490 þús. kr.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.



*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Fylltu rafbílinn með Orku náttúrunnar

Velkomin á opnun fyrstu hraðhleðslustöðvar ON og málþing um rafbílavæðingu þriðjudaginn 11. mars



ENNEMI / SÍA / NÁTTÚRUNNAR

Við erum öll tengd við náttúruna

Orka náttúrunnar stendur fyrir átaki í rafbílavæðingu á Íslandi í samstarfi við BL ehf. og Nissan Europe. Á næstu vikum mun Orka náttúrunnar opna 10 hraðhleðslustöðvar en á þeim tekur aðeins um 20-30 mínútur að hlaða dæmigerðan rafbíl upp í 80%.

Þriðjudaginn 11. mars næstkomandi munum við opna fyrstu hraðhleðslustöðina við höfuðstöðvar Orku náttúrunnar að Bæjarhálsi 1. Af því tilefni bjóðum við til málþings kl. 13.00 - 15.30 sem ber yfirskriftina „Í samband við náttúruna“. Skráning fer fram á www.on.is.

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

- Bygging íbúðarhúsa á öllu landinu
Hafið á árinu, heimild frá Hagstofu Íslands.

769

Árið 2013

466

Árið 2012

321

Árið 2010

192

Árið 2009

142

Árið 2011



Tækifærin eru fyrir hendi

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna í íslenskum byggingariðnaði. Við styðjum frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna stoðum undir atvinnulíf landsins.

Byggingariðnaður er að rísa úr lægð. Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hefur aukist og nýjum verkefnum fer fjölgandi. Ólíkar þarfir fólks og fjölbreytt búsetumynstur kalla á útsjónarsemi og hagkvæmar lausnir í íbúðabyggingum.

Hjá Landsbankanum starfa yfir 70 sérfræðingar um land allt með víðtæka reynslu af fjármálaþjónustu og atvinnulífinu. Við erum öflugur samherji og leggjum áherslu á að styðja við uppbyggingu með þátttöku í nýjum verkefnum. Við fögnum vexti í greininni og erum tilbúin til samstarfs.





KUÐUNGURINN 2013

Umhverfisviðurkenning umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2013.

Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni. Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eigi síðar en sunnudaginn 30. mars n.k. merktar „Kuðungurinn“, á netfangið postur@uar.is eða með pósti í umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.umhverfisraduneyti.is/kudungurinn.



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is

Frábært fjölskylduleikrit

eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson



J.V.J. DV.
„Skemmtileg tónlist, fallett mál, smekklegr umgjörð og góður leikur.“
S.G. Mbl.



„Salurinn veltist um af hlátri. Gaman!!!“

E.B. Fréttablaðið.

GRÍMAN

Tónlist eftir Villa Naglbít!

sýningar!

Sun. 9. mars kl. 13
Sun. 16. mars kl. 13

Aðeins tvær sýningar eftir!!!

HÖRIN Á HÖFÐI

Miðasala á midi.is og í miðasölu Tjarnarbiós í síma 527-2102

Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukkutíma fyrir viðburð.

midi.is

TJARNARBIÓ



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



NJÓTA GÓÐS AF STUÐNINGI Þessi mynd er tekin fyrir utan sjúkrahús í Búrkína Fasó þar sem börn fá meðal annars meðferð við vannæringu, malaríu og mislungum. Foreldrarirnir söfnuðust saman fyrir utan bygginguna og fengu mat í hádeginu. MYND/UNICEF

Hafa gefið UNICEF rúma tvo milljarða

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá stofnun landsnefndar UNICEF á Íslandi hafa landsmenn stutt starf samtakanna um rúma tvo milljarða. Yfir 22 þúsund heimforeldrar eru á Íslandi og er hlutfallið hvergi hærra.

HJÁLPARSTARF Á þeim tíu árum sem liðin eru frá stofnun landsnefndar UNICEF (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna) hér á landi hafa Íslendingar látið yfir tvo milljarða króna renna til hjálparstarfs fyrir börn í neyð um allan heim. Þetta kemur fram í tilkynningu frá UNICEF, en þar segir jafnframt að hvergi í heiminum sé hlutfall heimforeldra í framlögum til UNICEF hærra.

Milljónir heimforeldra um heim allan styrkja starf UNICEF með mánaðarlegum framlögum. Hér á landi eru í dag 22.000 heimforeldrar. Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, segir árangurinn hafa verið framar öllum vonum.

„Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel og gaman að finna hvað fólk hefur mikinn áhuga á því að taka þátt í að verja líf og réttindi barna. Það er það fallegasta í þessu og hefur komið mest á óvart.“

Stefán segir að á þessum áratug hafi mikið áunnist í þróunarástöð og ákveðin viðhorfsbreyting hafi orðið. „Núna er talað um hvenær hægt sé að klára ákveðin þróunarverkefni frekar en hvort það sé hægt yfirhöfuð.“

UNICEF er rekið með frjálsum framlögum og fær beina styrki frá stjórnvöldum víðast hvar en hér á Íslandi er hlutur almennings mun meiri en annars staðar.

Stefán segir að ákveðin eðlis-

2.161

milljónir króna er upphæðin sem Íslendingar hafa látið af hendi rakna til starfs Unicef.

breyting hafi orðið á þessum áratug þar sem stór fyrirtæki og öflugir bakhjarlar studdu starfið í upphafi, en síðustu árin hefur UNICEF sótt sífellt meira til almennings.

„Stuðningurinn sem við nutum í upphafi lagði í raun grunninn að þessari fjárflygu meðal almennings. Síðan hefur orðið til þessi öflugra breiðfylking heimforeldra en við njótum þó enn stuðnings margra fyrirtækja,“ segir Stefán.


Hann bætir því við að framlögin skipti ekki bara máli sem slík heldur sé stuðningsyfirlýsingin sem í þeim felst ekki síður mikilvæg málstaðnum.

Þrátt fyrir árangurinn búa börn þó enn við mikla neyð víða um heim, til dæmis í Sýrlandi, Mið-Afríkulýðveldinu og Suður-Súdan.

„Börnin þar eiga sinn rétt og okkar skuldbinding er gagnvart þeim og þeirra réttindum. Heimforeldrar gera okkur kleift að standa í þessari baráttu, oft við erfiðar aðstæður, en nær alltaf með góðum árangri,“ segir Stefán.

thorgils@frettabladid.is

FJÖLDI HEIMSFÖRELDRA UNICEF Á ÍSLANDI





SIEMENS

Sölusýning

Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.

Í dag efnum við til sölusýningar í verslun okkar í Nóatúni 4.


Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum, m.a. flexInduction spanhelluborð sem veitir umtalsvert frelsi við eldamenskuna, kælikápa með tækni sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta, i-Dos þvottavélar sem skammta þvottaefnið sjálfar, þvottavélar með sérkerfi fyrir útvistarfatnað, þurrkara með sjálfhreinsandi rakapétti og fleira og fleira.

**Fjöldi tilboða í tilefni dagsins.
Veittur verður verulega
góður afsláttur.**

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Björg Guðrún Gísladóttir rýfur þögnina:

Ósk um að sagan endurtaki sig ekki

Bók Bjargar Guðrúnar Gísladóttur, Hljóðin í nóttinni, hefur fengið verðskuldaða athygli síðustu daga. Í bókinni, sem er sársaukafullt uppgjör Bjargar við æsku sína, erum við aftur minnt á fordóma okkar Íslendinga og hvernig við höfum ekki staðið okkur í að vernda þau okkar sem minnst mega sín.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Björg ólst upp í Höfðaborg og það er ekki nóg með að hún hafi þurft að upplifa fordóma samfélagsins og verið sett beint í tossabekk hjá barnaníðingi í Laugarnesskóla heldur upplifði hún drykkju og heimilisofbeldi á heimili sínu og pabbi hennar

misnotaði hana. Þetta er auðvitað svo skelfileg saga að við verðum öll að óska þess heitt að hún endurtaki sig aldrei.

En því miður er þetta sagan endalaus. Enn fáum við nýjar fréttir þess efnis að ofbeldi gegn börnum sé hvergi nærri horfið úr íslensku samfélagi. Í fyrra var til dæmis lögð fram skýrsla Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum á Íslandi. Þar voru raktar ýmsar úrbætur sem gera má í þessum málaflökki og í tilefni útgáfunnar heimsóttu börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi ráðherra ríkisstjórnarinnar. Þessi börn sögðu reynslu sína af kerfinu okkar vera slæma.

Á Íslandi höfum við nefnilega komið okkur upp þeirri hefð að við tökum vel á móti fólki eins og Björgu sem af miklu hugrekki stígur fram og rýfur þögnina. Það er gott því Björg er sönn hetja í hugum okkar allra. Hins vegar skulum við aldrei gleyma því að þegar Björg þurfti hvað mest á okkur að halda settum við hana í tossabekk í umsjá barnaníðings. Auðvitað vissum við sem samfélag ekki alla söguna þá og í dag er þetta slömm sem kallaðist Höfðaborg löngu horfið. En í dag vitum við meira og við vitum fyrir víst að við erum að bregðast börnum sem þurfa svo sárlega á okkar stuðningi að halda.

Aðeins brotabrot af þeim kynferðisbrotamálum sem send eru til lögreglu og rannsókuð leiða til ákæru. Og í þeim fáum málum sem kært er í eru margfalt meiri líkur á sýknuðomi en í öðrum brotaflökum. Við eigum enn erfitt með að trúá því að einhver fremji svo viðbjóðslegan glæp að misnota barn. Það er hins vegar staðreynd að slíkt fólk er til og það getur verið indælisfólk eins og Björg lýsir svo vel í bók sinni. Í viðtali í Fréttablaðinu í dag segir hún líka frá því af miklu æðruleysi þegar þær systur ákváðu að vera heiðarlegar við prestinn sem þær fengu til að jarða pabba sinn og þær spurðu: „Hvernig jarðar maður barnaníðing?“

En hvernig stöðvum við þessi ódæði? Við gerum það ekki með þögn heldur með því að rjúfa þögnina líkt og Björg. Við verðum að horfast í augu við sögu okkar og gera okkar besta til þess að eftir þrjátíu og fjórtíu ár komi ekki út fleiri bækur sem rjúfa þögnina um það hvernig við brugðumst börnum árið 2014. Þetta hefur verið sagt áður. Vegna þess að margt bendir til þess að bækur á borð við Hljóðin í nóttinni verði líka gefnar út árið 2044. Því miður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

From 31 March 2014 the British Embassy in Reykjavik will no longer receive visa applications. The UK Foreign & Commonwealth Office's new commercial partner, Teleperformance Ltd, will take over the running of the Visa Application Centre in Iceland.

The Visa Application Centre will move from the British Embassy Reykjavik to Radisson Blu Saga Hotel, Hagatorg, 107 Reykjavik.

All applications will continue to be assessed by UK Visas and Immigration (UKVI) staff.

Further information on the changes of the visa service is available on the Embassy's website, www.gov.uk/government/world/iceland

Follow us on:
www.facebook.com/UKInIceland
 @UKInIceland

British Embassy Reykjavik



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Pung viðbrögð en lítil áhrif

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hafa að engu loford sjálfstæðismanna um þjóðaratkvæði um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið hlaut að hafa afleiðingar. Fá dæmi eru um jafn mikinn þunga í almenningssálitinu. Hann hefur þó haft lítil skammvinn áhrif á stöðu málsins. Til lengri tíma eru þau torráðnari.

Fyrir utan mótmælafundi á Austurvelli og afar sterka undirskriftarsöfnun hafa riflega áttatíu hundradshlutar þjóðarinnar lýst stuðningi við þjóðaratkvæði í viðhorfskönnun. Það sem veldur ríkisstjórninni mestum vandkvæðum



er að gjáin milli hennar og þjóðarinnar í þessu máli hefur breikkað. Þetta eru fyrstu afleiðingarnar af viðbrögðum almenningss. Önnur áhrif koma fram í því að ríkisstjórnin hefur hoptað með þá hraðferð málsins í gegnum þingið sem hún hafði áformað. Ætlunin var að útiloka málefnalega umfjöllun; meira að segja um þá skýrslu sem ríkisstjórnin sjálf bað um frá hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þetta er

eftirgjöf sem vert er að virða við ríkisstjórnina.

Sumir stjórnarandstæðingar hafa túlkað þessa eftirgjöf sem vísbendingu um að ríkisstjórnin sé reiðubúin til viðræðna um efnislegar tilslakanir. Ekkert bendir þó til að svo sé. Miklu líklegra er að ríkisstjórnin hyggist kaupa sér tíma fram yfir sveitarstjórnarkosningar. Hún metur stöðuna svo að eftir þær verði móðurinn runnin af almenningi og hún geti þá keyrt í gegnum þingið þessi tvíþættu áform að slíta viðræðunum og virða að vettugi þjóðaratkvæðagreiðslufyrirheitið.

Flótti frá kjarna málsins

Athyglisvert er að sjá hvernig ríkisstjórnin hleypur frá kjarna deilumálsins með umræðu um formsatriði af ýmsu tagi. Þetta staðfestir að málefnalega hefur stjórnin kíknað undan þunga almenningssálitins. En það breytir ekki hinu að hún hefur næg atkvæði á Alþingi til að hafa það að engu og sýnist ætla að gera það.

Gott dæmi um þennan flóttu er sú staðhæfing forsætisráðherra að nauðir hafi rekið stjórnina til að hafa þennan hraða á viðræðuslitum vegna kröfu frá forystumönnum Evrópusambandsins. Að vísu hefur sendiherra þess sagt þá fullyrðingu vera rangtúlkun.

Í þessu samhengi er óþarfi að deila um hver segir satt. Það sem máli skiptir er að Íslendingar eiga að láta framvindu þessa máls ráðast af sínum hagsmunum og eigin mati á stöðu þess. Evrópusambandið á ekki að ráða því fyrir okkur. Telji forystumenn þess að tímaglasið sé tæmt er rétt að ábyrgðin á viðræðuslitum liggja þar. Það hvílir engin skylda á Íslandi að taka þann kaleik frá þeim.

Annað dæmi er sú staðhæfing forsætisráðherra að ekki sé unnt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu nema að undangenginni stjórnarskrárbreytingu. Gildandi stjórnar-

skrá hindrar ekki leiðbeinandi þjóðaratkvæði. Það er ekki brot á stjórnarskránni að þingmenn hafi þá sannfæringu að hlíta þjóðarviljanum. Og það er heldur ekki brot á henni að víkja eða rjúfa þing ef sannfæringin býður það.

Síðan er hægt að láta gildistöku þingsályktunartillögu stjórnarinnar um viðræðuslit ráðast í þjóðaratkvæði. Verði hún felld liggur umsóknin einfaldlega á ís án áhrifa á stöðu ríkisstjórnarinnar. Kosningaloforðið yrði ekki beinlínis eftir með þessu móti en farið ásettannlega nærri því. Óskiljanlegt er hvers vegna stjórnin ljær ekki máls á þessari leið.

Efnisleg umræða

Margt bendir til þess að áhugaverðustu áhrifin af því mikla umröti, sem vérláðin með þjóðaratkvæðið hafa þegar haft, komi fram í vaxandi áhuga á efnislegri umræðu um markmiðin með umsókninni og til að fá heildarhagsmunamat.

Eins og athugun á fréttaplutningi Ríkisútvarpsins ber með sér hefur ríkisstjórnin ráðið umræðunni síðustu mánuði. Hún hefur kosið að láta þær snúast um formsatriði og gagnkvæmt hnútkast um lesti eða ágæti einstakra stjórnmála-

manna. Allt hefur það verið heldur ófrjó umræða. En stuðningur við að ljúka viðræðunum hefur eigi að síður aukist á þessum tíma og andstaðan við aðild hefur minnkað.

Eftir nokkrar vikur munu nýjar skýrslur tveggja háskólastofnana liggja fyrir. Þá verður lag til að hefja þessa umræðu á herra plan. Áformin um tafarlaus viðræðuslit virðast hafa kveikt áhuga margra til að ræða þetta stóra álitamál í meiri alvöru og með því að kafa dýpra eftir svörum við ágengum spurningum.

Ágreiningurinn í fyrri ríkisstjórn leiddi til þess að efnisleg umræða varð aldrei með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. En verði mistök núverandi stjórnar til að opna þær umræður er það fagnaðarefni.

Niðurstaðan er sú að ekki er gerlegt að þagga umræðuna niður eða skrúfa fyrir hana. Og eftir því sem nær dregur þingkosningum mun þungi hennar aukast í öfugu hlutfalli við léttvægan vilja ríkisstjórnarinnar til að koma til móts við vilja fólksins.



BRUNNAÐU Á MILLJÓNIRNAR

Fimmfaldur Lottópottur stefnir í 45 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



JANUAR



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)

Karlar – takið þátt!

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna sendi ég baráttufólki um land allt bestu kveðjur. Dagurinn á sér sögu allt frá árinu 1910 þegar þýska baráttukonan Clara Zetkin bar upp hugmyndina um sérstakan dag tileinkaðan baráttunni fyrir réttindum kvenna. Upp úr 1970 tóku Sameinuðu þjóðirnar hann upp á arma sína og dagurinn fékk alþjóðlega viðurkenningu og vægi sem alþjóðlegur kvendagur.



Eygló Harðardóttir
félagsmálaráðherra

JAFNRÉTTI

→ Hvar eru karlarnir? Af hverju höfðar langskólamenntun ekki til þeirra?

foreldrar séu góðar fyrirmyndir fyrir börn sín og virði hvort annað sem jafningjar.

Á undanförunum áratugum hafa íslenskar konur verið í mikilli menntasókn.

Þær eru nú tvær af hverjum þremur nemendum í háskólum landsins. Hvar eru karlarnir? Af hverju höfðar langskólamenntun ekki til þeirra í sama mæli og kvenna? Þekkingarsamfélagið sem byggist á góðri menntun sem flestra er það sem framtíðin ber í skauti. Ef karlar mennta sig ekki fer mikill mannaúdur í súginn, alveg eins og þegar konur fengu ekki að mennta sig. Við höfum ekki efni á því. Of mörgum drengjum gengur illa í skóla og við því þarf að bregðast. Karlar og konur eiga að geta valið það nám og starf sem hugur þeirra stendur til, óháð kyni. Við verðum líka að taka höndum saman gegn ofbeldismenningu sem bitnar bæði á konum og körlum þótt með mismunandi hætti sé.

Á þessu ári fer Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Það stendur mikið til í jafnréttismálanum enda er samstarf Norðurlandanna á því sviði 40 ára. Mörg mál verða tekin á dagskrá sem snúa að rannsóknunum og aðgerðum sem hafa að markmiði að jafna stöðu karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins.

Það er margt að ræða á þessum alþjóðlega baráttudegi kvenna, allt frá uppeldinu til elliáranna. Það er líka mikilvægt að hugsa til þeirra kvenna víða um heim sem enn berjast fyrir rétti sínum til að tjá sig, ferðast óáreittar utandyra, fá að stunda nám, vinna fyrir sér og lifa án ofbeldis og átaka. Við sýnum þeim best stuðning í verki með því að vera til fyrirmyndar og sýna að það er hægt að breyta heiminum.

Áhrifarík lög

Nærtækt dæmi um slíkt er áhrif fæðingarorlofslaganna. Mikill meirihluti nýbakaðra feðra tekur nú fæðingarorlof og nýlegar rannsóknir sýna að hlutdeild feðra í umönnun ungra barna hefur aukist verulega frá því að löggin tóku gildi. Þannig höfðu löggin mikil áhrif til að fá karla og konur til að átta sig betur á hve gjöfult og mikilvægt föðurlutverkið er, hve brýnt það er að

Íslands fullorðnu synir

Ríkisstjórnin sem nú situr hefur haft nauman tíma til að fitja upp á einhverju nýju fyrir sífelldum afturköllum. Með sjálfum mér skipti ég þeim afturköllum í tvennt: afturkallanir hinar meiri og afturkallanir hinar minni, en þær ná til einstakra ráðherra, ekki ríkisstjórnarinnar í heild.

STJÓRN MÁL



Hannes Pétursson
ríthöfundur

Meðal afturkallana hinna minni má nefna að formaður Framsóknarflokksins og nú forsætisráðherra hefur afturkallað undirskrift sína undir bréf um Evrópumál sem hann sendi frá sér í nafni flokksins fyrir alþingiskosningar; í öðru lagi afturkallaði landbúnaðarráðherra kafla í ræðu sem hann flutti nýverið á Búnaðarþingi, þar fullyrti hann að Íslendingar væru sjálfum sér nægir um alla matvælaframleiðslu; í þriðja lagi afturkallaði utanríkisráðherra greinargerð sína með þingsályktunartillögu um slit aðildarviðræðna við ESB; það kom til vegna aðdróttana í garð þingmanna á síðasta kjörtímabili og þurfti að endurútfega skjalið.

Háleitasta kosningafyrirheitið

Meðal afturkallana hinna meiri skulu einungis tvær nefndar, í fyrsta lagi: Á viðhafnarmiklum blaðamannafundi í beinni útsendingu úr Hörpu seint á árinu sem leið afturkallaði ríkisstjórnin að verulegu marki háleitasta kosningafyrirheiti Framsóknarflokksins, „Leiðréttinguna“. Afturkallaðir voru á að gizka

220 milljarðar (sbr. fyrirheitið), eftir standa 20 milljarðar á ári í fjögur ár. Þær leifar eru nú til meðferðar einhvers staðar í nefndakerfinu, annaðhvort í nefnd (sem er lægsta þrep), vinnunefnd (næsta þrep fyrir ofan nefnd), starfshópi (á að láta meira að sér kveða en vinnunefnd) eða jafnvel í átakshópi (næsta þrep fyrir ofan starfshóp). Alveg sér á parti eru síðan svonefndir vinnukvöldverdir. Vera kann að „Leiðréttingin“ sé komin allar götur til meðferðar á vinnukvöldverðum.

Maríneraðir í ósamkvæmni

Í öðru lagi og það er nýjast: Ríkisstjórnin hefur afturkallað stjórnarsáttmálann í veigamiklu atriði, það er að segja því sem snýr að aðildarviðræðum við ESB. Ráðherrum og þingmönnum stjórnarflokka hefur verið gjarnt að vísa til stjórnarsáttmálans þegar þeim hentaði eins og væri hann Mósélög. En þeir eru svo heillum horfnir og maríneraðir í ósamkvæmni flestir hverjir að þeir bregðast byrstrir við þegar yfirgefandi meirihluti þjóðarinnar rís upp og skipar þeim að standa við stjórnarsáttmálann og eigin heitstrengingar í téðu efni, þó ekki væri annað.

Eðlilegast væri eins og málum háttar að ríkisstjórn sem er rúin fylgi og sérhæfð í afturköllum ynni það þægðarverk að afturkalla sjálfa sig, fyrst kjósendum gefst ekki kostur á að afturkalla hana sem stendur sökum kosningafyrirkomulags.

→ En þeir eru svo heillum horfnir og maríneraðir í ósamkvæmni flestir hverjir að þeir bregðast byrstrir við þegar yfirgefandi meirihluti þjóðarinnar rís upp og skipar þeim að standa við stjórnarsáttmálann og eigin heitstrengingar í téðu efni, þó ekki væri annað. Eðlilegast væri eins og málum háttar að ríkisstjórn sem er rúin fylgi og sérhæfð í afturköllum ynni það þægðarverk að afturkalla sjálfa sig, fyrst kjósendum gefst ekki kostur á að afturkalla hana sem stendur ...

Sumir þeirra sem nú verma ráðherrastólana voru einhverjir mestu hávaðamenn þingsögunnar meðan þeir sátu í stjórnarandstöðu, fóru mikinn og kunnu skjót ráð við öllum vanda, hvort heldur á himni eða jörð. Nú fara þeir sem sagt með landsstjórnina. Því er ekki ófyrirsýnjanlegt að mér koma í hug ljóðlínur eftir Hannes Hafstein. Hann þýddi á sínum tíma stakt erindi eftir Ludvig Holberg. Seinni hluti þess hljóðar svo:

Í blaða og funda gargans-gríð
menn geta fjölmargt sannað.
En til að stjórna landi og lýð
þarf langtum meira og – annað.

Ávinningur af aðildarviðræðunum við ESB

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur fullyrt að það sé ekki hægt að ljúka aðildarviðræðunum og leyfa þjóðinni að taka afstöðu til aðildarsamningsins. Hörðustu andstæðingar ESB-aðildar staðhæfa í sífellu að það sé ekkert til sem heiti að „kíkja í pakkann“, með aðildarviðræðum. Norðmenn hafa þó í tvígang hafnað aðildarsamningi í þjóðaratkvæðagreiðslu árin 1972 og 1994.



Elvar Örn Arason
stjórnsýslufræðingur

→ Íslensk stjórnsýsla og samfélag mun hagnast á aðildarferlinu.

járntjaldsins sótti fjöldi ríkja um aðild að ESB sem voru talsvert frábrugðin þeim ríkjum sem áður höfðu gengið í sambandið. Það var flókið og kostnaðarsamt að gera umfangsmiklar breytingar á stjórnsýslunni á skömmum tíma og því var ákveðið að veita umsóknarríkjum stuðning, bæði í formi peningastyrkja og sérfræðisþekkingar.

Þegar Ísland sótti formlega um aðild árið 2009 kaus fyrrverandi ríkisstjórn að nýta sér þann stuðning sem stóð umsóknarríkjum til boða. Verkefni voru valin með tilliti til þess að þau nýttust óháð aðild og það kom skýrt fram af hálfu ESB að ekki þyrfti að endurgreiða styrkina, ef ekki kæmi til aðildar.

Íslensk stjórnsýsla og samfélag mun hagnast á aðildarferlinu. Ferlið sjálft og þátttaka stofnana í margs konar verkefnum tengdum viðræðunum mun efla getu þeirra til að fást við krefjandi verkefni í framtíðinni. Jafnframt myndi landsbyggðinni, með aðkomu sveitarfélaga, standa til boða umfangsmiklir styrkir til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Það er því allra hagur að ljúka aðildarviðræðunum hvort sem samningurinn verður samþykktur eða honum sýnað af þjóðinni. Auk þess fengi þjóðin loksins tækifæri til að útkljá þetta pólitíska deilumál í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Konur eru ein forsenda friðar

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er meira en dagsetningin ein. Þetta er ekki bara dagur sem eflir okkur í þeirri viðleitni að auka frið og velsæld um heim allan, heldur erum við um leið minnt á að þar sem konur fá aukin tækifæri til að vaxa og dafna aukast enn fremur möguleikar á friði, velsæld og stöðugleika.

JAFNRÉTTI



John Kerry
utanríkisráðherra
Bandaríkjanna

Ég sé dæmi þessa dag hvern í starfi mínu sem utanríkisráðherra. Rétt eins og Assad afhjúpaði hið sanna eðli harðstjórnarinnar með linnulausum árásum á Aleppo sýndu sýrlenskar konur sitt sanna eðli með hugrekki sínu og þrautseigju. Í Montreaux í síðasta mánuði mátti heyra frásagnir frá nokkrum þessara ótrúlegu kvenna.

Sögur þeirra eru á meðal ótal annarra sem bera vitni um hugrekki sýrlenskra kvenna. Kona frá Idlib vann með Frelsisher Sýrlands að því að tryggja að íbúar í heimabörpi hennar þyrftu ekki að yfirgefa heimili sín og gætu áfram ræktað eigið land. Í Aleppo gat önnur kona fengið hömlum á mannúðaraðstoð aflétt með því að bjóða stjórnarhermönnum á eftirlitsstöðvum mat. Betra dæmi um hugrekki í raun get ég varla ímyndað mér.

Það er ekki bara í Sýrlandi sem konur glæða vonir um lausn átaka. Konur vegna lykilhlutverki í sameiginlegu markmiði okkar um velsæld, stöðugleika og frið. Það á jafnt við um það að binda enda á stríðsátök og reisa við efnahagslífið. Raunin er sú að það eru konur sem helst verða fyrir barðinu á stríðsátökum. En það er of sjaldan hlustað á raddir þeirra þegar samið er um frið.

Þessu verður að breyta.

Í löndum þar sem konur eru metnar verðleikum og fá að taka fullan þátt í ákvörðunum ríkir meiri stöðugleiki, velsæld og öryggi. Og öflugt. Þegar konur

er meinað að koma að samningaborðinu er friðurinn sem fylgir í kjölfarið ótryggari. Traust minnkar og mannréttindum og ábyrgð er gjarnan kastað fyrir róða.

Í alltof mörgum löndum eru friðarsamningar gerðir af stríðsmönnum og fyrir stríðsmenn. Það kemur því varla á óvart að meira en helmingur þeirra er rofinn innan áratugar frá undirritun. Þátttaka kvenna í því að stuðla að friði og afstýra átökum getur snúið þessu á annan veg.

Hvernig náum við markmiðinu

Það hefur sýnt sig víðsvegar um heim að meiri líkur eru á að koma í veg fyrir stríðsátök, ná sáttum og viðhalda friði þar sem konur taka þátt á jafnréttisgrundvelli.

Þess vegna leggjum við okkur fram við að styðja við konur á stríðs- og uppbyggingsvæðum um heim allan.

Í Afganistan hvetjum við til þátttöku kvenna á öllum stigum stjórnsýslu og staða þeirra nú hefði verið óhugsandi fyrir aðeins áratug. Þær stofna fyrirtæki. Þær sitja á þingi. Þær kenna í skólum og starfa sem læknar og hjúkrunarfræðingar. Á þeim byggist framtíð Afganistans.

Um þessar mundir reyna íbúar Búrma að leysa úr átökunum sem þjóðin hefur glímt við áratugum saman. Bandaríkin styðja við þátttöku kvenna í friðarferlinu og sáttaumleitunum á milli þjóðarbrotta.

Okkur er ljóst að til þess að konur geti tekið þátt í friðaruppbyggingu er nauðsynlegt að tryggja öryggi þeirra. Þess vegna viljum við tryggja jafnt aðgengi kvenna að mannúðar- og neyðarstöð hvar sem við störfum.

→ Engin þjóð nær árangri nema öllum borgurum sé gert kleift að leggja sitt af mörkum. Og varanlegur friður fæst aldrei nema konur gegni lykilhlutverki. Í dag minnumst við þess árangurs sem konur heimsins hafa náð, en horfum ekki síður fram á veg, til þess verks sem óunnið er.

fótspor föður okkar, sem starfaði hjá utanríkisráðuneytinu, mörgum árum áður en ég gerði slíkt hið sama. Hún er brautryðjandi, en hún er ekki sá eini. Það er engin tilviljun að margir af fremstu stjórnarereindrekum og friðarsamningamönnum Bandaríkjanna eru konur og má þar nefna þjóðaröryggisráðgjafann Susan Rice, Samönthu Power, sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum, varautanríkisráðherrann Heather Higginbottom og Wendy Sherman, stjórnmálaráðunaut hjá utanríkisráðuneytinu. Í dag eru allir nema einn aðstoðarsvæðisstjóra utanríkisráðuneytisins konur.

Afrek þeirra eru ekki einungis aðáunarverð af því þær eru konur, heldur vegna þess að störf þeirra víðsvegar um heim stuðla að auknu öryggi allra, karla og kvenna, drengja og stúlkna.

Friður felst ekki í skorti á átökum, heldur í því að allir þjóðfélagsþegnar vinni í sameiningu að því að efla stöðugleika og velsæld.

Engin þjóð nær árangri nema öllum borgurum sé gert kleift að leggja sitt af mörkum. Og varanlegur friður fæst aldrei nema konur gegni lykilhlutverki. Í dag minnumst við þess árangurs sem konur heimsins hafa náð, en horfum ekki síður fram á veg, til þess verks sem óunnið er.

Allra hagur

Eftir lok kalda stríðsins og fall

SAMSTÖÐUFUNDUR 2

Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 8. mars

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.

Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.

Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum **Þjóð.is** þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.

Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.

www.pjóð.is



**JÁ, ÉG VIL
KJÓSA!**



COSTA tungusófi
Ljóst og svart slitsterkt áklæði.
Stærð: 305/215 x 95 H: 84 cm
Hnakkapúðar seldir sér.

349.990

FULLT VERÐ: 399.990



**NÝTT
KYNNINGAR
VERÐ!**

WOODY borðstofustóll. 7 litir með
hvíttuðum viðarlöppum.

16.990

FULLT VERÐ: 19.990

VERTU MEÐ OKKUR Á  KOMDU Í HÖLLINA
EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á **HUSGAGNAHOLLIN.IS**

LEVANTO
hægindastóll með skemli
Hvítt og rautt gæðaleður.

126.990

FULLT VERÐ: 149.980



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili

HELGIN

Porkell Gunnar Sigurbjörnsson,
íþróttafréttamaður á Morgunblaðinu

Menningarferð til Prag

„Helgin hjá mér fer eiginlega að mestu bara í vinnu. Er á vakt bæði á laugardag og sunnudag. Tek í staðinn síðbúið helgarfrí á mánudag þegar við hjúin förum í stutta menningarferð til Prag.“



Guðjón Sigmarsson
viðburðastjórnandi

Árshátíð á Selfossi

„Ég ætla að setja upp árshátíð Toyota á Hótel Selfossi í kvöld, það verður franskt þema. Svo fer ég yfir heiðina í fimmtugsafmæli í Víkinni.“



Rebekka Jónsdóttir
fatahönnuður

Ferð á Pingvelli

„Ég ætla að vinna um helgina að nýrru fatalínu REY sem verður sýnd á RFF í lok mánaðarins. Á sunnudaginn ætla ég samt að kíkja til Pingvalla ef veður leyfir.“



Kristín Helga Guðmundsdóttir,
verkefnisstýra Konukots

Heldur markað


„Ég ætla að hafa gaman af því að vera á markaðinum á Konukoti í dag og taka þátt í skemmtilegasta samfélagsverkefni sem ég veit um í bili.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



MEÐ FJÖLSKYLDUNA
að skoða þjóðbúninga á Þjóðminjasafninu á morgun frá klukkan 14. Aðgangur er ókeypis fyrir þá sem mæta í þjóðbúning.

NÝJUSTU BÓK danska verðlaunahöfundarins Hanne-Vibeke Holst, Konungsmorðið. Bókin er sjálfstætt framhald Krónprinsessunnar. Spennusaga um miskunnarlausa valdabaráttu, ást og fórnir.



Á BARDAGAKAPPAN Gunnar Nelson sem stígur í búrið í O2-höllinni í London í kvöld þar sem hann mætir Rússanum Omari Akhmedov. Bardaginn er í beinni á Stöð 2 Sport og útsending hefst klukkan 20.



Á SÆNSKU TÓNLISTAR-KONUNNA Lykke Li og hitaðu upp fyrir tónleikana Stopp - Gætum garðsins, þar sem hún kemur fram ásamt til dæmis Patti Smith og Björk. Lagið I follow rivers fór sigur- for um heiminn á síðasta ári.



LEIKUR SÉR MEÐ VATNIÐ

Kanadíski listamaðurinn Jeremy Lynch opnar sýningu þar sem vatn og ljósmyndir leika lykilhutverk.

FRÉTTAHLAÐIÐ/DANIEL

Vatnið er listamaðurinn

Kanadíski listamaðurinn Jeremy Lynch opnar sýningu sína Pieces of Water - Ljósmyndir eftir listamanninn Vatn í dag. Samhliða sýningunni býðst almenningi að taka þátt og búa til sín eigin verk í myrkraherberginu á Kex hosteli.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Ég legg mikla áherslu á að það er vatnið sjálft sem er listamaðurinn og ég er bara að aðstoða,“ segir kanadíski listamaðurinn Jeremy Lynch sem opnar sýninguna Pieces of Water - Ljósmyndir eftir listamanninn Vatn með aðstoð frá Jeremy Lynch í dag. Lynch einbeitt sér að abstrakt-

ljósmyndun í list sinni en hann er þekktur fyrir að fara óvenjulegar leiðir í listsköpun sinni. Lynch er með aðsetur í Berlín og hefur haldið sýningar um allt Þýskaland. Ástæðan fyrir því að hann er staddur hér á landi er að islenskir vinir hans, þar á meðal leikarinn Ólafur Darri Ólafsson, plötuðu hann hingað. „Mér líkar mjög vel hér og svo er Ísland mótað af vatni sem mér finnst mjög áhugavert og tengist sýningunni.“

Samhliða sýningunni leitar Lynch eftir hjálpmenningsvið sköpun listaverka með

myndtáknnum eða sjálfsmýndum. Aðstaðan fyrir það verður í myrkraherberginu á Kex hosteli.

Aðferðin sem Lynch notar, og býður gestum að spreya sig á, er að framkalla myndir beint á svarthvítan ljósmyndapappír, og sjá svo myndina framkallast með þar til gerðum ljósmyndavökvum sem hann blandar vatni og öðru saman við. „Ég sé um að leiðbeina fólki. Útkoman verður einstök en tilgangur verkefnisins er að fá sem flesta til að taka þátt. Útvaldar myndir geta svo endað í sýningunni minni í Berlín í vor.“

Hvenær? Sýningin verður opnuð í dag kl. 17 og myrkraherbergið verður opið til 21. mars.

Hvar? Listamenn Gallerí, Skúlagötu 32-34, og myrkraherberginu á Kex hosteli.

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG
TANNKREM FYRIR
VIÐKVÆM SVÆÐI



NÝ OG BETRI
HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

Spænskir dagar

Allt að
15.000 kr.
bókunarafsláttur
til 18. mars 2014
valdir gististaðir, valdar dagsetningar.



Nýr gististaður!

Almería

Frá kr. 84.900 m/bókunarafsl.

Playaluna m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 84.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
17. júní í 7 nætur.



Albir

Frá kr. 78.800 m/bókunarafsl.

Albir Playa m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 78.800 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 98.100 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
13. maí í 7 nætur.



Benidorm

Frá kr. 85.500 m/bókunarafsl.

Vina del Mar

Netverð á mann frá kr. 85.500 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 111.100 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júlí í 7 nætur.



Costa del Sol

Frá kr. 98.200 m/bókunarafsl.

Vegasol Playa

Netverð á mann frá kr. 98.200 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 141.600 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
7. júlí í 10 nætur.



Mallorca

Frá kr. 90.900 m/bókunarafsl.

Jardin del Mar

Netverð á mann frá kr. 90.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 122.000 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
19. júní í 11 nætur.



Tenerife

Frá kr. 96.500 m/bókunarafsl.

Playa Real m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 96.500 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í mini suite. Netverð á mann frá kr. 126.300 m.v. 2 fullorðna í mini suite.
27. ágúst í 7 nætur.



Sól & borg

Frá kr. 159.900 m/bók.afsl.

Frábær sólarferð til Kanarí í 7 nætur og borgarferð til Jerez í 3 nætur.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi á Gran Canaria Princess og Hotel Jerez & Spa.
26. mars í 10 nætur.



Golf & menning

Frá kr. 159.900 m/hálfu fæði

Einstök golfferð þar sem spilað er golf í 4 daga og farið í dagsferðir til borganna Cadiz, Jerez og Sevilla. Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með hálfu fæði á Barcelo Costa Ballena. 28. mars í 8 nætur.



Vorferð fyrir eldri borgara til Costa del Sol

Frá kr. 181.900 m/bók.afsl.

Roc Flamingo m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 181.900 á Roc Flamingo m.v. 2 í herbergi með allt innifalið.
12. maí í 22 nætur.



Alicante

Frá kr. 19.900

Flug aðra leið með sköttum

Bit með lýrnara um prentvillur. Heimferðir askja sér rétt til laðbrettinga á síku. Ath. að verð getur breyst án lýrnara. ENEMM / SIA - NM5547



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimstendir.is



Hvernig á að jarða barnaníðing?

Fáar bækur hafa vakið aðra eins athygli og glæný bók **Bjargar Guðrúnar Gísladóttur**, Hljóðin í nóttinni. Þar rekur Björg minningar sínar frá uppvexti í versta slömmi Reykjavíkur með heimilisofbeldi, misnotkun og einelti. Sagan er þó engan veginn hörmungasaga því í gegnum allt mótlætið skín sterkur persónuleiki höfundarins og einbeittur vilji til að eignast betra líf. Það líf á hún í dag en leiðin þangað hefur hvorki verið bein né greið og á köflum hafði sársaukinn nærri sligað hana.

Friðrika Benónýsdóttir
friðrikab@frettabladid.is



Það er ekki á Björgu að sjá að hún hafi orðið fræg á einni nóttu og sett í gang kröftugri viðbrögð á net- og samfélagsmiðlum með uppljóstrunum sínum í bókinni en dæmi eru um lengi. Hún stendur í eldhúsinu sínu á útgáfudegi bókarinnar og hitar vatn í te, raular fyrir munninn sér og brosir út í annað eins og áhyggjur eða stress hafi aldrei verið hluti af hennar tilveru. Líður henni ekkert eins og hún sé nakin á gangi niður Laugaveginnum nú þegar ævi hennar er komin út á bók og hver sem er getur haft á henni skoðun?

„Nei, reyndar ekki, svo undarlega sem það hljómar nú. Ég er svo jarðtengd að ég held ég sé búin að taka út alla spennu og kvíða meðan ég var að skrifa bókina, stundum var ég alveg að fríka út og þurfti að fara frá tölvunni og fá mér göngutúr til að ná mér niður. Þetta var auðvitað hálfgerð þerapía tilfinningalega og tók mikið á, auk þess sem ég kveið viðbrögðunum, en þegar ég var komin með bókina í hendurnar fékk ég mjög góða tilfinningu og fann að ég var tilbúin. Það var líka svo mikill léttir að losna við þessa sögu úr líkamanum, þetta hafði fyllt út í hverja frumu, og það kom einhver kraftur í staðinn sem ræður ferðinni núna.“

Aldrei talað um ofbeldið

Hljóðin í nóttinni er sannarlega lesning sem tekur á og auðvelt að skilja að skriftirnar hafi gengið nærri Björgu. Hún lýsir ómurlægum aðstæðum í uppvextinum, köldum og saggafullum bústað í fátækrahverfinu Höfðaborginni sem álitin var samastaður úrhraka sem börn „venjulegs“ fólks mættu ekki undir nokkrum kringumstæðum hafa samskipti við. Samskiptin við skólafélagana einkenndust því af einelti og fyrirlitningu og kennarinn leit á krakkana úr Höfðaborginni sem vonlaus tilfelli sem ekki ættu sér viðreisnar von. Þegar ofan á bætist mikill drykkjuskapur og ofbeldi inni á heimilinu er myndin sem Björg dregur upp nánast óbærilega dökk. Sjónarhornið er alfarið barnsins og vandlega sneitt hjá tilfinningaklámi og sjálfsvorkunn. Það vekur athygli lesandans að þrátt fyrir hrottalegt ofbeldið sem stjúpfaðirinn beitir móður barnsins málur hún hann í hlýjum litum og segir ofbeldið hafi verið á ábyrgð þeirra beggja. Reiðin í garð móðurinnar er í raun meiri en í garð stjúpfaðursins, er Björg búin að fyrirgefa móður sinni? „Það var aldrei spurningin um að fyrirgefa neitt. Ég er auðvitað ekki sátt við hvernig hún fór með líf sitt en kannski fyrirgefningin hafi komið til mín á þann hátt að ég hætti að taka ábyrgð á mömmu. Þau voru bæði fangar aðstæðna og á tímabili fannst mér mjög sorglegt að þau skyldu eyða lífinu svona saman í stað þess að skilja og fara sitt í hvora áttina. Heimilisofbeldi er oft flókið samspil og ég upplifði oft að þeirra samband væri eins og dans. Þau voru föst inni í sínum hjúp og við krakkarnir vorum bara áhorfendur. Það var aldrei talað um ofbeldið og auðvitað var mjög átakalegt að horfa upp á þetta. Ég trúir því samt alveg að þau hafi gert sitt besta, ég held að fólk reyni að gera sitt besta. Þau eru gott fólk og mér þykir vænt um þau. Eitt af því sem ég vildi koma til skila í bókinni er hvað lífið er margbreytilegt og hvað við erum öll breysk.“

Misnotuð af pabba

Björg lýsir líka föður sínum sem góðum manni þrátt fyrir að hann hafi brugðist trausti hennar eins hrappalega og hægt er að gera með því að misnota hana sem barn. Það tók hana mjög langan tíma að vinna úr þeim svikum og stundum var hláturinn eina ráðið gegn sársaukanum. Ein fyndnasta senan í bókinni er þegar þær systur eru að ræða við prestinn sem á að jarðsyngja föður þeirra og

kasta fram spurningunni „Hvernig jarðar maður barnaníðing?“ Björg skellir upp úr þegar hún rifjar þá stund upp. „Þetta var mjög skondið augnablik en við ákváðum sem sagt að vera einlægar við prestinn. Þetta var allt orðið svo absúrd að það var annaðhvort bara að gráta út í eitt eða hlæja að þessu öllu. Ég hafði ekki haft samband við pabba í átta, níu ár áður en hann veiktist en ákvað auðvitað að fylgja honum í gegnum veikindin. Hvað annað gat ég gert?“

Auk þess að misnota Björgu misnotaði faðir hennar systur hennar, en um það vissi hún ekkert fyrir en hún var komin yfir tvítugt og löngu flutt að heiman. Ekki nóg með það heldur hafði bróðir hans einnig misnotað þær og fleiri stúlkur í föðurfjölskyldunni en það var ekki fyrir en um fertugt sem Björg fór að raða saman heildarmyndinni. „Það tók óskaplega langan tíma að vinna úr þessu öllu en ég átti nú eiginlega ekkert val um það. Ég sendi til dæmis pabba ljóðabókina mína, þar sem meðal annars var fjallað um hann, og var mjög stressuð yfir því. Ég var ekkert viss um að hann myndi þola að lesa hana en ég ákvað að taka ekki ábyrgð á hans upplifunum og tilfinningum. Ég varð að standa með mér.“

Sterk kvengen

Eitt af því sem hefur vakið furðu þeirra sem lesið hafa bókina er hvernig í ósköpunum kona úr þessum aðstæðum með þessa reynslu á bakinu hafi farið að því að verða svona sjálfsörugg og heilsteypt manneskja. Hver er galdurinn? „Sterk kvengen held ég. Mamma og amma voru viljasterkar konur með sterka persónuleika. Svo held ég að það hafi að einhverju leyti bjargað mér að hafa litlu systur mínar og þurfa að hugsa um þær, að hafa eitthvert hlutverk. Auðvitað þurfti ég líka að vinna mikið í mér og þetta var mjög langt ferli. Það var erfitt að fara í gegnum allar þessar tilfinningar og sársauka. Ég var búin að frysta allar tilfinningar og vissi ekki einu sinni hver ég var. Sjálfsmyndin mín var bara sú að ég væri hluti af öðru fólki. En það er aldrei eitthvað eitt sem bjargar manni, ég átti mér líka alltaf ákveðna draumsýn um að eiga fallegt líf sem ég gat stjórnað og ég sleppti lengi ekki tókunum á þeirri draumsýn og voninni um að eignast venjulegt líf. Eins undarlega og það hljómar var það samt ekki fyrir en ég sleppti tókunum á draumsýninni og fór að horfast í augu við raunveruleikann að ég fór að geta tekist á við sársaukann. Um leið og ég fann að ég gat það, þótt það væri erfitt, þá óx sjálfsmyndin mín. Það var mjög merkileg reynsla.“

Kennarinn var barnaníðingur

Það sem mestu uppnámi hefur valdið í netheiminum er þó sú uppljóstrun Bjargar að einn virtasti og dádasti kennari landsins hafi verið barnaníðingur. Hefur það verið vel varðveitt leyndarmál allan þennan tíma? „Ég hef í gegnum tíðina hitt marga sem urðu fyrir barðinu á honum bæði hvað varðar kynferðislegt ofbeldi og annars konar ofbeldi, bæði andlegt og líkamlegt. En á hinn bóginn hef ég líka hitt fólk sem dáði hann takmarkalaust. Ég hef ekki séð neinn halda því fram opinberlega að hann hafi verið barnaníðingur fyrir en núna eftir að bókin kom út en á þessum örfáu dögum hef ég fengið margar staðfestingar á því. Ég held það sé alveg ljóst að hann var mjög mikill ofbeldismaður.“

Það er hjartans mál Bjargar að koma af stað meiri umræðu um hvaða áhrif heimilisofbeldi hafi á börn sem verða vitni að því og hún segist vona að bókin hjálpi til við þá umræðu. Baráttan gegn kynferðisofbeldi gegn börnum hefur líka verið baráttumál Bjargar og ekki minnkandi áherslan á það þegar sonur hennar lenti í ódæðismanni sem lengi hafði fengið að stunda sitt nið óáreit. „Já, sonur minn lenti í manni með slóð kynferðisbrota á eftir sér, en sem betur fer hafði hann skjó til að kæra og sá maður var dæmdur fyrir brot sín. Einn af fáum.“ Ofbeldið setti mark sitt á son Bjargar, hann varð þunglyndur í kjölfar þess og leiddist út í neyslu vímuefna. Hann hefur



BJÖRG G. GÍSLADÓTTIR, „Það tók óskaplega langan tíma að vinna úr þessu öllu.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er aldrei eitthvað eitt sem bjargar manni, ég átti mér líka alltaf ákveðna draumsýn um að eiga fallegt líf sem ég gat stjórnað og ég sleppti lengi ekki tókunum á þeirri draumsýn.

þó náð tókum á lífi sínu en er enn þá að glíma við þunglyndið. Björg segir hann hafa erfitt viljastyrkinn frá sér. „Þau hafa það öll, börnin mín, og ég er mjög stolt af þeim öllum.“

Sjö ár á leið úr skápnem

Björg giftist ung og eignaðist elsta son sinn, en eiginmaðurinn var alkóhólisti og hún sá fljótt að það samband gengi ekki upp enda var hún harðákvæðin í því að börnin hennar skyldu ekki alast upp við drykkjuskap. Skömmu eftir að hún skildi hitti hún annan mann og draumsýnin hélt áfram, hún hélt að hún sæi loks fram á að geta lifað hinu venjulega lífi sem hún þráði. Örlögin höfðu þó ekki alveg lokið sér af við hana og enn var ein þraut eftir. „Ég hitti konu sem ég varð ástfangin af. Það var skrytinn og stór tilfinning sem ég vissi ekki hvað ég ætti að gera við. Það tók mig sjö ár að ákveða hvað ég ætti að gera við þessar tilfinningar. Ég vildi ekki splundra fjölskyldunni og við maðurinn minn reyndum að vinna úr málinu í sameiningu.

Það var mér svo óskaplega mikilvægt að eiga venjulegt líf og þessar nýju tilfinningar settu allt úr skorðum. Á endanum neyddist ég þó til að viðurkenna að ég yrði að taka ákvörðun og láta reyna á ástina. Eftir að ég lét slag standa og fór að búa með þáverandi kærustu uppgötvaði ég aftur í mér baráttuandann frá því í Höfðaborginni og skildi að ég hefði alveg rétt á því að vera til á mínum forsendum.“

Sambandið við fyrstu kærustuna gekk ekki upp en í dag er Björg í hamingjusömu sambandi við konu, börnin flutt að heiman og hún á barmi nýs lífs sem rithöfundur. Hún segist reyndar vera búin að lifa svo mörgum lífum í þessu lífi að hún hljóti að fara að verða búin með kvótann. „Ég er alveg búin að ákveða það að ég ætla ekki að fæðast á þessari jörð aftur. Ég ætla bara að klára þetta núna og koma aldrei aftur. Þetta er orðið fínt. Ég er hins vegar mjög spennit fyrir því að eignast líf sem rithöfundur og vona innilega að ég fái tækifæri til þess að halda áfram að skrifa.“



Hefur þitt heimili átt viðskipti við Lýsingu hf. ?

Vissir þú að:

Lýsing hefur ekki viljað viðurkenna að fullu leyti rétt neytenda?

Nánast allir bílasamningar Lýsingar hafa reynst vera ólöglegir.
Lýsing hefur látið framkvæma fjölda ólöglegra vörslusviptinga.
Lýsing hefur fallið frá prófmálum sem áttu að leysa úr ágreiningi.

Lýsing hefur aldrei haft starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til að eiga gengisbundin viðskipti fyrir reikning viðskiptavina sinna.
Lýsing viðurkennir ekki að fullu fordæmisgildi dóms nr. 50/2013.¹
Lýsing túlkar fordæmisgildi dóms nr. 672/2012 mjög þröngt.²

Lýsing greiðir ekki fulla vexti af endurgreiðslum ofgreidds fjár.
Lýsing telur að fjögurra ára fyrningarfrestur eigi við um oftekið fé.
Lýsing hefur ekki viljað leiðrétta að fullu lán sem eru uppgreidd.

Hæstiréttur Íslands hefur slegið því föstu að skaðabótaréttur viðskiptavina sé tryggður af Lýsingu, með dómi nr. 519/2013.³
Þrátt fyrir það hefur Lýsing veðsett allar eignir sínar kröfuhöfum.⁴
Endurgreiðslur til viðskiptavina takmarkast því af handbæru fé.

Óveðsett handbært fé Lýsingar er innan við 4 milljarðar króna.⁵
Það eru innan við 200.000 krónur á hvern bílasamning Lýsingar þrátt fyrir að sumir lántakendur hafi ofgreitt milljónir króna.

ER SKAÐABÓTARÉTTUR ÞINN TRYGGÐUR ?

Viðskiptavinir Lýsingar fyrr og síðar eru hvattir til þess að senda fyrirtækinu endurkröfu vegna þess sem þeir kunna að eiga inni. Þeim sem vilja leita réttar síns er bent á lögmennt og dómstóla.

Að gefnu tilefni er bent á að Lýsing hefur yfirtekið fjármögnunarstarfsemi Lykils.⁶

Nánari upplýsingar á vefsíðu Hagsmunasamtaka heimilanna www.heimilin.is.

¹ Plastiðjan ehf. gegn Landsbankanum hf.

² Lýsing hf. gegn Bjarnþóri Erlendssyni

³ Hagsmunasamtök heimilanna gegn Lýsingu hf.

⁴ Burlington Loan Management sem jafnframt er stærsti erlendi kröfuhafi bankanna

⁵ Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi Lýsingar 2012

⁶ Áður bíla- og tækjafjármögnunarsvið MP banka



JANUAR

KRINGLAN.IS

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

VELKOMIN Í VEISLUNA

Í Kringlunni færðu allt sem þarf til að halda glæsilega fermingarveislu. Fötin, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.



TÍSKUSÝNING

KLUKKAN 14:00

Spennandi tískusýning
á laugardaginn!

Hagkaup,
Herragarðurinn,
Gallerí 17,
Mótor & Mia og
Outfitters Nation sýna
fermingartískuna 2014.

OPIÐ 10-18 LAUGARDAGA
OPIÐ 13-18 SUNNUDAGA

Oscar Pistorius-réttarhöldin: Mistök eða morð?

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Réttarhöld yfir suður-afríska spretthlauparanum **Oscar Pistorius** hófust á mánudaginn en honum er gefið að sök að hafa orðið kærustu sinni, Reeve Steenkamp, að bana á heimili sínu þann 14. febrúar 2013. Pistorius segist saklaus og berst nú fyrir lífi sínu í réttarsal í Pretoríu.

Atburðarás Oscar Pistorius

22. nóvember 1986 Oscar Carl Pistorius fæðist í Jóhannesborg. Hann var ellefu mánaða þegar báðir fætur hans voru fjarlægðir fyrir neðan hné vegna sjaldgæfs fæðingargalla, en sperrileggi vantaði í báða fætur hans.

2002 Móðir Oscars, Sheila Pistorius, deyr af völdum læknamistaka.

2007 Pistorius hóf að keppa gegn ófötlum á alþjóðlegum mótum víða um heim. Fljótlega fóru að heyrast gagnrýnisráddir. Héldu menn því fram að blöðkufæturnir veittu honum forskot á aðra keppendur. Var honum í kjölfarið bannað að hlaupta á gervifótunum gegn ófötlum í þróttamönnum og draumur hans um að keppa á Ólympíuleikunum í Peking 2008 varð að engu.

Desember 2007 Pistorius hlaut verðlaun frá BBC sem íþróttamaður ársins fyrir hugrekki og afrek sín þrátt fyrir mótlaeti.

Fimmta degi réttarhaldanna yfir Oscar Pistorius lauk í gær. **Dagur 1:** Pistorius hefur sagst vera saklaus af ásökunum. Ef sakfelldur, á hann yfir höfði sér allt að 25 ára fangelsi. Hann lýsti líka yfir sakleysi í þremur öðrum skotvopnamálum. Pistorius lýsti dauða Reeve sem „hræðilegu slysi“. Michelle Burger gaf fyrsta vitnisburðinn en hún sagði að hún og eiginmaður hennar hefðu vaknað við öskur um nóttina. Hún sagði skotin hafa verið 4. Verjandi Pistorius þráspurði vitnið af hverju eiginmaður hennar teldi sig hafa heyrt fleiri skot en hún.

Dagur 2: Charl Johnson, nágranni Pistorius og eiginmaður Burger, sagðist hafa heyrt öskur og fjögur skot um kvöldið. Johnson segir þau hjónin hafa ákveðið að tala við lögfræðing frekar en lögregluna, til þess að draga ekki að sér athygli. Burger segist hafa heyrt öskur frá konu kvöldið sem um ræðir.

Burger sagði að hljóðin gætu ekki hafa verið tilraunir Pistorius til að brjóta hurðina niður, eins og verjendurnir drógu í efa að Steenkamp hefði verið fær um að öskra, með þrjú skotsár. Annar nágranni, Estelle van der Merwe, sagðist hafa heyrt rifrildi og fjögur hljóð – sem hefðu geta verið byssuskot. **Dagur 3:** Verjendur Pistorius reyndu að grafa undan vitnis-

burði Burger og Johnsons og sögðu vitnisburði þeirra of líka og að þau hefðu borið saman bækur sínar. Johnson neitaði. **Dagur 4:** Verjendur Pistorius sögðu misræmi vera á milli fyrsta og annars vitnisburðar Johnsons. Þeir gáfu í skyn að hljóðin sem Johnson hefði heyrt og haldið að væru öskur hefðu í raun verið Pistorius að brjóta niður baðherbergishurð með krikketkylfu. Saksóknari í málinu komst að þeirri niðurstöðu að Johnson hefði engar fyrirætlanir haft um að beina grunsemdum að Pistorius með upprunalegum vitnisburði sínum.

Johan Stipp, nágranni, kallaður til vitnis. Hann heyrði öskur og byssuskot. Verjendur Pistorius sögðu hann hafa verið í uppnámi og þess vegna hafi hann sjálfur framkallað öskur sem líktust kvenmannsöskrum.

Dagur 5: Samantha Taylor, fyrrverandi kærasta Pistorius kölluð til, og talaði um að Pistorius hefði skotið úr byssu í gegnum söllúgu á bíl í hennar víðurvist. Gert var hlé á réttarhöldunum tvisvar, þegar Taylor brotnaði niður því verjendur Pistorius spurðu hvernig sambandi þeirra hefði lokið. Pieter Baba var kallaður til sem vitni, en hann var öryggisvörðurinn á vakt í hverfinu kvöldið örlagaríka. Baba sagði Pistorius hafa sagt honum í símtali að allt væri í góðu lagi, þó grátandi. Verjendur Pistorius spurðu Baba ítrekað hvernig símtalið hefði verið orðað.



PISTORIUS VIÐ RÉTTARHÖLDIN
Dómari hefur leyft sjónvarpsstöðvum að taka upp hluta af réttarhöldunum.
AFP/NORDICPHOTOS

UM REEVEU STEENKAMP

Reeva Steenkamp fæddist 1983 og útskrifaðist úr lögfræði árið 2005. Eftir námið var hún nemi í starfsnámi á lögfræðistofu og var fyrirsæta. Steenkamp hóf fyrirsætuferil sinn 14 ára. Myndir af henni hafa birst í tímaritum í Suður-Afríku og hún var andlit Avon-snyrtivaranna og skartgripafyrirtækisins Sivana Diamonds. Hún vann í sjónvarpi, meðal annars fyrir FashionTV í Suður-Afríku og lék í sjónvarpsauglýsingum fyrir vörumerki á borð við Toyota Land Cruiser og Aldor Pin Pop. Hún kom fram sem stjarna í þáttunum Baking Made Easy, á BBC Lifestyle, árið 2012.

Steenkamp hafði mikinn áhuga á hestamennsku, þar til hún hryggbrotnaði upp úr tvítugu og þurfti að læra að ganga upp á nýtt. Hún var mjög þekkt í Jóhannesborg og hafði verið með Oscar Pistorius síðan í nóvember 2012.

Ebba Guðný og Pistorius

Ebba Guðný Guðmundsdóttir heilsukokkur er viðstödd réttarhöldin, ásamt móður sinni. Ebba hefur veitt erlendum fjölmiðlum viðtöl og segist hún hafa farið út til þess að veita Oscari andlegan stuðning, en þau eru miklir vinir og hafa þekkt frá árinu 2005, en Oscar hefur reynt fjölskyldu Ebbu gríðarlega vel. Sonur Ebbu, Hafliði, er líkt og Pistorius án sperrileggja í báðum fótum.

Í viðtali í Lífínu í mars 2013 sagði Ebba um samband fjölskyldunnar við Pistorius: „Hvað varðar Hafliða, þá hefur hann aldrei ætlað að verða Oscar eða eins og Oscar. Oscar gaf honum og okkur miklu dýrmætari gjöf en það. Hann sýndi Hafliða að hann er ekki einn og að hann eigi ávallt að vera ánægður með sig. Það er svalt að hafa enga fætur, svalt að vera öðruvísi og þetta skiptir í raun engu máli. Maður getur gert það sem maður vill þó maður sé fötalaus. Það dýrmætasta sem maður á er í hjartanu.“



LYKILSPURNINGAR ÚR RÉTTARHÖLDUNUM

1. Reifst parið kvöldið örlagaríka?

Í eiðsvarinni yfirlýsingu segir Pistorius þau hafa eytt rólegu kvöldi heima. Þau borðuðu kvöldmat og Pistorius horfði á sjónvarp á meðan Steenkamp æfði jóga, áður en þau sofnuðu bæði. Ákærvaldið kemur sennilega til með að draga þessa sögu í efa, og kalla til nágranna parsins sem vitni sem segjast hafa heyrt öskur úr húsi parsins. Símagögn parsins gætu einnig bent til þess að þau hafi verið að rifast. Steenkamp er sögð hafa verið með símann sinn inni á klósetti þegar hún var skotin. Hafði hún samband við vini? Yfirvöld hafa reynt að fá aðgang að síma Pistorius. Hann segist hafa gefið þeim rétt lykilorð, en það virkar ekki. Ef hægt verður að sanna að rifrildi hafi átt sér stað fyrr um daginn, er það þvert ofan í yfirlýsingu Pistorius og myndi gefa ákærvaldinu ástæðu fyrir því að um morð að yfirlögðu ráði hafi verið að ræða.

2. Af hverju hringdi Pistorius ekki á lögregluna?

Í eiðsvarinni yfirlýsingu segir Pistorius hafa hringt í tvö símanúmer eftir að hann gerði sér grein fyrir því að það var Steenkamp sem hann skaut: Johan Stander, sem var einn þeirra sem stýrðu öryggisgæslu í hverfi hans, og einkaheilbrigðisþjónustuna Netcare. Ákærvaldið kemur sennilega til með að grandskoða samband Standers og Pistorius og spyrja af hverju Pistorius hafi vísað öryggisvörðum frá, eins og talið er að hann hafi gert og sagt þeim að allt væri í góðu lagi. Ákærvaldið gæti reynt að sanna að Pistorius hafi myrt Steenkamp og svo reynt að fela sönnunargögnin.

3. Spillti lögreglan vettvangi glæpsins?

Rannsóknarlögreglumadurinn sem stýrir rannsókninni, Hilton Botha, hefur þegar viðurkennt fyrir dómara að hafa gengið inn á heimili Pistorius og rannsakað vettvang glæpsins án þess að hafa verið í réttum skóbúnaði, hann hafi ekki komið auga á byssukúlurnar og dregið margar rangar ályktanir. Í máli þar sem aðeins er eitt eftirlifandi vitni – sá ákærði – eru sönnunargögn oft það eina sem getur sakfellt viðkomandi. Hvernig farið var með vettvang glæpsins gæti haft áhrif á áreiðanleika þessara gagna. Nú virðist sem ákærvaldið hafi dregið í land með þær kenningar sínar að Pistorius hafi verið nær hurðinni þegar hann skaut en það vildi meina í byrjun, og að hann hafi kannski ekki haft gervifæturna á sér, en þessi atriði voru hluti af röksemdafærslu ákærvaldsins um að morðið hefði verið að yfirlögðu ráði og að hann hafi ekki verið hræddur.

3. mars 2014 Réttarhöld í málinu hefjast í Pretoríu og eiga að taka þrjár vikur samkvæmt dagskrá.

25. febrúar 2014 Dómariinn Dunstan Mlambo veitir leyfi til þess að sjónvarpa hluta réttarhaldanna og taka upp.


14. febrúar 2014 Á frá dauða Steenkamp. Pistorius sendir kveðju á opinbera heimasíðu Steenkamp og segir engin orð frá lýst tilfinningum sínum þegar hann hugsi til slýssins.

Hvað gerðist nóttina örlagaríka?



1 Pistorius segist hafa vaknað eldsnemma og farið út á svalir, án gervifótanna. Áður en hann fór að sofa segist hann hafa verið að horfa á sjónvarpið og að Steenkamp hafi verið í jóga. Ákærvaldið segir vitni hafa heyrt rifrildi innan úr húsinu.

2 Pistorius segist hafa heyrt umgang á baðherberginu og hélt að þar væri innbrotspjófur á ferð. Hann tók 9mm skammbyssu undan rúminu og æpti á Steenkamp að hringja í lögregluna. Hann segir hafa verið kolniðamyrkur í herberginu og hann hafi haldið að Steenkamp væri í rúminu.



Baðherbergi

3 Pistorius segist hafa séð opinn glugga, og talið að innbrotspjófurinn væri inn á klósetti og skaut í gegnum hurðina. Ákærvaldið segir hann hafa vitað að Steenkamp væri þar. Fjórðum skotum var skotið, og Steenkamp hlaut þrjú skotsár. Ákærvaldið segir skotin hafa verið niður á við, sem bendir til þess að Pistorius hafi haft gervifæturna á.

4 Pistorius segist hafa farið aftur í svefnherbergið og séð að Steenkamp var ekki þar. Ákærvaldið segir byssuslörðið hafa verið undir vinstri hlið rúmsins, þar sem Steenkamp svaf, sem þýði að ógerlegt hafi verið fyrir Pistorius að ná í byssuna án þess að sjá að hún var ekki í rúminu.

5 Pistorius segist hafa sett á sig gervifæturna, kveikt ljósinn og brotið niður salernishurðina með krikketkylfu, áður en hann hélt á Steenkamp niður stiga og út á götu til þess að ná í læknisaðstoð.

17. febrúar 2013 Umboðsmaður Pistorius segir að hætt hafi verið við alla dagskrá hans svo hann hafi svigrúm til þess að einbeita sér að réttarhöldunum.

19. febrúar 2013 Útför Reeve Steenkamp fer fram í Port Elizabeth. Sama dag kemur Pistorius fyrir dómara í aðdraganda réttarhaldanna. Saksóknari í málinu segir Pistorius hafa skotið fjórum skotum í gegnum baðherbergishurð, og þrjú þeirra hafi farið í Steenkamp. Lögfræðingar Pistorius lesa yfirlýsingu frá honum þar sem hann segist hafa haldið að kærasta sín væri innbrotspjófur.

22. febrúar 2013 Dómariinn Desmond Nair lætur hann lausan gegn milljón randa tryggingu. Skilyrðin eru að hann láti af hendi vegabréf sitt og öll vopn.

11. mars 2013 Lögfræðingar hlauparans áfrýja því að honum séu sett skilyrði fyrir því að vera látinn laus gegn tryggingu.

28. mars 2013 Skilyrðin eru milduð af æðra dómstigi, þannig að hann má ferðast til þess að taka þátt í alþjóðlegum mótum, þótt ekkert verði úr því þegar til kastanna kemur.

19. ágúst 2013 Steenkamp hefði orðið þrjúg. Pistorius er fyrir rétti hjá dómranum Desmond Nair til þess að hlýða á formlega ákæru. Hann er ákærður fyrir morð að yfirlögðu ráði og fyrir að hafa í fórum sínum byssuskot án leyfis. Ríkið birtir mögulegan vitalista, en á honum eru 107 nöfn.

Egill
Arnason™

Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG

+35%

35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.



30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.



Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórrí smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.


Baltic Wood™



KÓSÝ HEIMA „Stórfjölskyldan hefur tekið mikinn þátt í lífi okkar og krakkarnir hafa alist upp við að alltaf væri einhver til taks en líka að þurfa svoltið að bjarga sér. Þeir hafa ekkert slæmt af því,“ segir Liv sem hér er með Sverri Konráð og Tómasi Viðari.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óljós skil milli vinnu og frítíma

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, hlaut stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2011, var Markaðsmaður ársins 2012 og hlaut viðurkenningu FKA 2014. Auk þess skoraði Nova hæst fjarskiptafyrirtækja á Íslensku ánægjuvöginni 2014, í fimmta sinn. Liv situr í stjórnnum þriggja stórfyrirtækja og sinnir heimilishaldi og uppeldi með manni sínum. Hvernig fer hún eiginlega að þessu?

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Ég vinn með öflugum fólki og þegar komið hafa upp vandamál hefur okkur tekist að greiða saman úr þeim. Mér finnst ég aldrei ein með áhyggjur og árangur minn er árangur hópsins,“ segir Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova. Hún kveðst oft taka vinnuna með sér heim. „Skilin milli vinnu og frítíma eru óljós – en með árunum hef ég styrkst og lært að taka hluti ekki eins mikið inn á mig og í byrjun. Ég nærst líka á stressinu að nokkru leyti – það heldur mér á tánum. Hluti af því að ná árangri er að fara út fyrir þægindarammann og þannig halda áfram að læra og takast á við nýja hluti. Það er það sem gerir starfið fjölbreytt og skemmtilegt,“ segir hún glaðlega.

Við sitjum að spjalli í húsakynnum Nova og Liv virðist allt annað en stressuð. Þegar henni er óskað til hamingju með viðurkenningu Félags kvenna í atvinnulífínu og úrslit ánægjuvogarinnar, segir hún: „Vissulega er gaman að hljóta viðurkenningar en hraðinn í viðskiptalífínu er þannig að lítill tími gefst til að fagna. Samkeppnin er hörð og maður veit aldrei hvað gerist næst.“ Hún segir niðurstöðu ánægjuvogarinnar vera líðsheildinni í Nova að þakka og þeim baráttuanda sem þar hafi skapast. „Ánægja starfsmanna er grunnurinn að öllu öðru og forsenda þess að geta veitt góða þjónustu,“ segir hún og kveðst stoltust af því að Nova hafi verið í 2. sæti í síðustu VR-könnun sem mældi ánægju starfsmanna.

Þýðir ekki að vera í yfirlíði

Liv var skírð í höfuðið á móðurömmu sinni, Liv Ellingsen, sem

átti norska foreldra. Spurð hvort hún sé komin af kaupsýslufólki svarar hún: „Pabbi, Bergþór Konráðsson, er viðskiptafræðingur, hann átti Sindrastál og hefur verið í viðskiptum alla tíð. Mamma, Hildur Björg Halldórsdóttir, er meina-tæknir að mennt og tvær af þremur systur hennar líka. Við dætur þeirra, sex talsins, fórum allar í viðskiptafræði. Ég var að vinna á skyndibitastað á skólaárunum og var strax komin með hærri laun en mamma. Auðvitað finnur hver og einn hvar hans áhugi liggur og viðskiptasviðið lá mun betur fyrir mér en heilbrigðisgeirinn. Það þýðir ekkert að fara að vinna á spítala til að vera alltaf í yfirlíði!“

Hún kveðst alltaf hafa haft gaman af vinnu enda fengið tækifæri til að taka þátt í mörgum skemmtilegum verkefnum. „Ég hef helst láðast að því sem er nýtt að gerast og því fylgir alltaf mikil vinna,“ segir hún og rifjar upp að 1998 hafi henni boðist starf markaðsstjóra Tals sem þá var glænýtt fyrirtæki. „Ég var einstæð móðir og mamma og pabbi spurðu hvort ég vildi ekki aðeins bíða en mér fannst spennandi að takast á við þetta og sé ekki eftir að hafa tekið það skref.“

Síðar kom Liv að sameiningu Íslandssíma og Tals og var framkvæmdastjóri þegar vörumerkið Vodafone var tekið upp. Einnig kom hún að stofnun símafyrirtækisins Sko en staldraði stutt við. Ásamt Jóakim Reynissyni setti hún símafyrirtækið Nova á stofn haustið 2006 og vöxtur þess hefur verið gríðarlegur. „Árið 2007 réðum við 55 starfsmenn og stöðugildin í lok síðasta árs voru 120 en á sama tíma höfum við fjölgað viðskiptavinum í 130.000. Það er magnað hvernig hver og einn kemst alltaf yfir meira og meira á þessari tölvuöld.“

Liv lærði að taka til hendinni þegar hún var að alast upp. Hún segir skólann hafa verið henni hálfgerð kvöð framan af ef undan er skilið félagslífið. „Það var ekki fyrr en ég var komin í viðskiptafræði sem mér fannst reglulega gaman í námi,“ segir hún. „Ég hef alltaf haft tilbreytingarþörf. Ein leiðin til að fá útrás fyrir hana var að sinna ölkum störfum í Hvalstöðinni. Það var 1989, á síðustu vertíðinni. Mér finnst gaman að hafa kynnt lífinu þar. Svo var ég au pair í Danmörku og Chicago. Það kom líka til af því að ég átti frekar erfitt með að læra tungumál og þetta var fín leið til að bjarga sér út úr því. Ég segi ekki að ég hafi náð tökum á dönsku og ensku en að minnsta kosti nægum til að hafa menntaskólann af. Þetta var líka liður í að breyta til. Það segir sitt um fjarskiptageirann hvað ég hef enst lengi í honum, hann er hraður og spennandi og þar er alltaf eitthvað nýtt að gerast. Það er það sem heldur í mig.“

Góð að vaska upp

Nú er komið að því að forvitnast um fjölskylduhagi Liv. „Ég á eiginmann þó ég hafi aldrei gift mig,“ upplýsir hún brosandí. „Hann heitir Sverri Viðar Hauksson og er yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Lýsingu. Við eigum fjögur börn samtals. Ég átti Kormák Sigurðarson úr fyrri sambandi. Sverrir átti Raket Maríu og Tómas Viðar og svo eigum við Sverri Konráð, nú ára, saman. Raket María er 21 árs,

gift og flutt að heiman. Kormákur og Tómas Viðar eru 17 ára og ólust upp eins og tvíburar. Tómas Viðar er í MR en Kormákur í Argentínu sem skiptinemi. Þannig að nú er heimilishaldið létt miðað við þegar þau voru öll heima og við foreldrarinnir báðir í krefjandi störfum.“

Hún kveðst hafa haft erlendrar au pair-stúlkur í tvö ár þegar Sverrir Konráð var lítill. „Það var góður og skemmtilegur tími, líka fyrir eldri krakkana og þetta voru góðar stelpur sem við höldum alltaf sambandi við. Stórfjölskyldan hefur tekið mikinn þátt í okkar lífi og krakkarnir alist upp við að alltaf sé einhver til taks en líka að þurfa svoltið að bjarga sér. Þeir hafa ekkert slæmt af því. Svo er líka hægt að vinna hvar sem er í gegnum tölvurnar og skil milli vinnu og heimilis orðin mun minni en áður.“

Lýsing er að flytja í húsið bak við Nova þannig að Liv og Sverrir Viðar geta vinkað hvort öðru út um glugga og hist í kaffi. En hún býst ekki við að þau verði samferða í og úr vinnu. „Hann fer alltaf snemma og með krakkana í skólann. Ég er frekar sein á morgnana en kem oft seinna heim. Hvort eldar? Hann – enda er hann mikill kokkur.“

Ég fæ stundum að heyra að ég sé frekar ömurleg húsmóðir en tek það ekkert nærri mér. Ef það er eitthvað sem ég hef ekki áhuga á get ég verið brjálæðislega léleg í því. Ég hef aldrei sýnt matreiðslu áhuga og fer ekki inn í eldhúsið fyrr en þarf að vaska upp. Er mjög góð í því og vil alveg eiga huggulegt heimili og hreint. Það er gaman hvað áhugi karlmanna á eldamennsku hefur aukist. Það er líka helst sá þáttur í heimilishaldinu sem þeir sinna.“

Skyldi Liv svo líka stunda líkamsrækt og hendast út að hitta

“Vissulega er gaman að hljóta viðurkenningar en hraðinn í viðskiptalífínu er þannig að lítill tími gefst til að fagna. Samkeppnin er hörð og maður veit aldrei hvað gerist næst.

fólk? „Nei, ég er ekki sú týpa og mætti sko alveg vera vinræknari. Ég á auðvitað góða vini og svo er ég mikið með fjölskyldunni. Við förum dálítið oft í frí en höfum þau stutt. Ég er frekar hvatvís þegar kemur að ferðalögum og vil helst „fara á morgun“. Það hentar mér rosalega vel að gera hlutina einn, tveir og þrír.“

Stekkur á tækifærin

Á síðasta ári skellti Liv sér í nám við virtan skóla í Barselóna. IESE Business School. „Þetta var hefðbundið endurnunarnám fyrir fólk sem hefur verið stjórnendur í fimmtán ár, það stóð frá mars til september. Ég fékk námsefni, las í mánuð og fór svo út í viku og viku. Þó þetta væri nám með vinnu fannst mér líka gaman að horfa úr fjarlægð á starfið mitt.“


Liv er stjórnarformaður Wow Air, og í stjórn 66°Norður og CCP. Hún kveðst fá meira út úr því en að sitja á skólabeck. „Þetta var frábært nám í Barselóna en það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir að taka þátt í raunverulegum verkefnum með ólíku fólki,“ segir hún og kveðst alltaf einbeita sér að því sem er fram undan. „Maður uppsker ekkert til framtíðar í viðskiptalífínu fyrir eitthvað sem maður gerir í dag. Breytingarnar eru svo hraðar. En daginn sem maður hættir að stökkva á ný tækifæri hættir maður líka að vaxa í starfi.“



990.-



2490.-



1490.-

SÍÐASTA HELGIN

BÓKAMARKAÐURINN

Laugardalsvelli

BÓKAMARKAÐURINN ÞAKKAR FYRIR SIG - SJÁUMST AÐ ÁRI



OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA

SÍÐASTI
DAGUR
ER Á MORGUN
SUNNUDAG




2990.-



2990.-



990.-



990.-



1499.-



1699.-



1499.-



990.-

Var viss um að hún yrði rekin

Fyrir tæplega ári vissi enginn hver leikkonan **Lupita Nyong'o** var. Nú er nafn hennar á allra vörum. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni *12 Years a Slave* og er fyrsti Keníabúinn sem hreppir Óskarsstyttu. Hún er jafnframt mikið tískutákn og bíða margir með öndina í hálsinum eftir því hverju hún klæðist næst á rauða dreglinum. Lupita ólst upp í Kenía og brá gífurlega þegar hún flutti til Bandaríkjanna og fólk skilgreindi hana vegna litarhaftsins.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
liljakatrin@frettabladid.is



Leikkonan Lupita Nyong'o hefur heillað heiminn upp úr skónum eftir leik sinn í kvikmyndinni *12 Years a Slave* sem var valin besta myndin á Óskarsverðlaunahátíðinni um síðustu helgi. Lupita hlaut einnig verðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir túlkun sína á þrælum Patsy sem tínur rúmlega tvö hundruð kíló af bómull á hverjum degi og þarf að þola misþyrmingar sem valda því að hana dreymir um að binda enda á líf sitt. Lupita er jafnframt fyrsti Keníabúinn sem hlýtur Óskarsverðlaunin en hún fæddist í Mexíkó. Foreldrar hennar eru Dorothy og Peter Anyang' Nyong'o og er Lupita næstelst af sex börnum þeirra.

Áður en Lupita fæddist bjuggu foreldrar hennar í Kenía en neyddust til að flytja til Mexíkó eins og Lupita hefur sagt frá í viðtali við CNN.

„Faðir minn er stjórnmálamaður. Þá var hann líka kennari í stjórnmálafræði og reyndi að virkja lýðræði í Kenía. Við bjuggum í einræðisríki og eftir röð óheppilegra atburða, þar á meðal hvarfs bróður hans, var hann rekin í pólitíska útleið í Mexíkó,“ segir Lupita. Faðir hennar kenndi stjórnmálafræði við háskólann í Mexíkó en fjölskyldan flutti aftur til Kenía þegar Lupita var tæplega eins árs og faðir hennar fékk starf sem prófessor við háskólann í Nairóbí.

„Allar mínar æskuminningar eru tengdar við Kenía þangað til ég var sextán ára og foreldrar mínir sendu mig aftur til Mexíkó til að læra spænsku,“ segir Lupita í viðtali við CNN sem talar ensku, svahílí, spænsku og tungumál ættbálks síns, luo.

„Ég ólst upp í Nairóbí sem er höfuðborg Kenía. Þar er mikill hraði og ys og alltaf eitthvað að gerast. Ég er úr stórrí fjölskyldu og við erum mjög nán þannig að við eyðum miklum tíma saman. Foreldrar okkar ólu okkur upp með þeim skilaboðum að við ættum alltaf að sækjast eftir því sem hjarta okkar þráði. Þau sögðu alltaf: „Komist að því hver tilgangur ykkar í þessum heimi er og fullkomnið hann með yfirburðum: sama hver hann er. Hvort sem það er að vera hús-vörður eða læknir. Við erum ánægð svo lengi sem þið gerið það sem ykkur var ætlað að gera í lífinu.“ Þau beittu okkur ekki þrýstingi til að gera eitthvað ákveðið en faðir minn var samt sem áður vonsvikinn þegar ég hætti í eðlisfræði,“ bætir Lupita við.

Áður en Lupita flutti til Mexíkó lék hún í ýmsum leikritum hjá Phoenix Players-leikhópnum í Nairóbí, þar á meðal Rómeó og Júlíu og On The Razzle.

Í Mexíkó nam hún spænsku í sjö mánuði en ákvað að sækja háskóla í Bandaríkjunum. Í viðtali við CNN segist hún ekki hafa gert sér grein fyrir því að litarhaft skipti máli áður en hún flutti til Bandaríkjanna.

„Ég ólst upp í heimi þar sem meirihluti fólksins var svartur þannig að það skilgreindi engan. Ég var stelpa, ég var Luo, ég var í millistétt, ég var margir hlutir áður en ég skilgreindi mig sem blökkukonu. Það voru því viðbrigði þegar ég kom til Bandaríkjanna og það var það fyrsta sem fólk tók eftir í mínu fari. Maður heyrir orðið svartur ekki oft í Kenía þannig að það var viss áfall,“ segir Lupita sem fannst hún í kjölfarið ekki nógu falleg eins og hún sagði frá á viðburði Essence Black Women

in Hollywood í febrúar á þessu ári. „Ég man eftir tímabili þegar mér fannst ég ekki falleg. Ég kveikti á sjónvarpinu og sá aðeins ljósa húð. Mér var strítt út af dökkri húð minni. Mín eina bón til Guðs var að ég myndi vakna með ljósari húð.“

Lupita útskrifaðist með gráðu í kvikmynda- og leikhúsfæðum frá háskólanum í Hampshire.

„Það er eitthvað við leiklist sem er dularfullt og töfrum gætt því ég get bara gert vissið mikið til að undirbúa mig og síðan þarf ég bara að sleppa takinu og anda og trú á að undirbúningurinn skíni í gegn,“ segir Lupita í viðtali við CNN og bætir við að átrúnaðargoðin sín séu leikkonan Whoopi Goldberg og spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey.

Eftir útskrift vann hún á setti nokkurra mynda, þar á meðal the Constant Gardener, The Namesake og Where God Left His Shoes. Á setti þeirrar fyrstu hitti hún leikarann Ralph Fiennes og segir hún að hann hafi veitt henni innblástur til að sækjast eftir frama í leiklist.

Árið 2008 lék hún í stuttmyndinni East River og sama ár sneri hún aftur til Kenía og lék í sjónvarps-seríunni Shuga. Ári seinna skrifaði hún, leikstýrði og framleiddi heimildarmyndina My Genes um albinóa í Kenía. Þá leikstýrði hún einnig tónlistarmyndbandinu The Little Things You Do með tónlistarmanninum Wahu sem var tilnefnt sem besta tónlistarmyndbandið á afrísku MTV-tónlistarverðlaunahátíðinni. Í kjölfarið skræði hún sig í leiklist í Yale-leiklistarskólanum og hreppti hlutverkið í *12 Years a Slave* þegar aðeins þrjár vikur voru í útskrift.

„Ég var gífurlega spennit og auðvitað gífurlega hrædd. Ég var viss um að ég yrði rekin. Ég var viss um að ég fengi símtal þar sem sagt yrði: „Fyrirgefðu, við gerðum mistök.“ Á hverjum degi. Það var ekki fyrr en daginn sem ég flaug til Louisiana að það var tilkynnt að búið væri að ráða í hlutverk Patsy. Sem betur fer var ég ekki rekin,“ segir Lupita í viðtali við Vulture en kvikmyndin var tekin upp í Louisiana í Bandaríkjunum yfir sumartímann, í gríðarlegum hita.

Líf Lupitu hefur breyst gríðarlega síðustu mánuði. Áður en kvikmyndin *12 Years a Slave* var frumsýnd á Telluride-kvikmyndahátíðinni í Colorado í Bandaríkjunum í ágúst á síðasta ári vissi enginn hver þessi 31 árs leikkona var. Nú er nafn hennar á allra vörum. Ekki síst vegna þess að hún stígur ekki feilsþor á rauða dreglinum og bíða flestir, ef ekki allir, tiskuspekúlar eftir því hverju hún klæðist næst. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína og nú síðast Óskarsverðlauna þar sem hún sló út leikkonurnar Jennifer Lawrence, Sally Hawkins, Juli Roberts og June Squibb. Þakkarræða hennar á hátíðinni var tilfinningaþrungin og skein viska foreldra hennar í gegn.

„Það líður mér ekki úr minni að svo mikil gleði í mínu lífi er sprottin úr sársauka einhvers annars,“ sagði Lupita og bætti við: „Þegar ég lít á þessa gylltu stytta minnir hún mig á að draumar eru réttmætir, sama hvaðan maður er.“

Lupita býr nú í Brooklyn og geta kvikmyndaáhugamenn séð hana í kvikmyndinni Non-Stop, með leikurunum Liam Neeson og Julianne Moore, í bíóhúsum um þessar mundir. Framtíðin er hins vegar óráðin. Henni hafa borist nokkur mismunandi verkefni upp á síðkastið sem hún skoðar núna. Hún hefur ekki enn tekið ákvörðun um hvaða hlutverk hún tekur sér næst fyrir hendur en í samtali við The Hollywood Reporter sagði hún frá því hvernig hún ætlar að taka þá ákvörðun:

„Ég ætla að hlusta á hjarta mitt.“



BLÁ FRÁ TOPPI TIL TÁAR

LEIKKONAN VAR Í FAGURBLÁUM KJÓL FRÁ GUCCI Á SCREEN ACTORS GUILD-VERÐLAUNAHÁTÍÐINI ÞAR SEM HÚN HREPPTI STYTTHYRIR LEIK Í 12 YEARS A SLAVE.



ENN EIN VERÐLAUNIN

KJÓLLINN SEM VARÐ FYRIR VALINU Á NAACP IMAGE-VERÐLAUNUNUM VAR FRÁ GIVENCHY EN LUPITA HREPPTI EINNIG VERÐLAUN Á ÞEIRRI HÁTÍÐ.



MEÐ PUTTANUM Á TÍSKUPÚLSINUM

LUPITA LÉT SIG EKKI VANTA Á PRODUCERS GUILD-VERÐLAUNNAFHENDINGUNA OG KLÆDDIST BRÚNUM KJÓL FRÁ STELLU



„Ég man eftir tíma þegar mér fannst ég ekki falleg. Ég kveikti á sjónvarpinu og sá aðeins ljósa húð. Mér var strítt á dökkri húð minni. Mín eina bón til Guðs var að ég myndi vakna með ljósari húð.“

NAIROBI-BLÁR LUPITA KLÆDDIST KJÓL Á ÓSKARNUM SEM VAR SÉRSAUMADUR Á HANA AF TÍSKURISANUM PRADA. Í VIÐTALI VIÐ RYAN SEACREST KALLAÐI HÚN LIT KJÓLSINS NAIROBI-BLÁAN EN HÚN VILDI KLÆÐAST EINHVERJU SEM MINNTI HANA Á FÖÐURLANDIÐ KENÍA.



ÓAÐFINNANLEG

LUPITA MÆTTI Í KJÓL FRÁ RALPH LAUREN Á GOLDEN GLOBE-HÁTÍÐINA.

DÁSAMLEG Í DIOR

LUPITA STAL SENUNNI Á BRESKU BAFTA-HÁTÍÐINI Í GRÆNUM SÍDKJÓL FRÁ CHRISTIAN DIOR.

SAMNINGUR VIÐ MIU MIU



Lupita landaði samningi við Miu Miu, dótturfyrirtæki Prada, á síðasta ári og er stjarna í vorherferð merkisins ásamt Ellen Fanning, Bella Heathcote og Elizabeth Olsen. Það virðist kannski ekki merkilegt að Hollywood-stjarna hafi gert stóran samning við tiskurisa enda er það nánast daglegt brauð í glamúrheiminum. Hins vegar er Prada ekki þekkt fyrir að ráða þældökkar konur til að sitja fyrir í herferðum sínum. Naomi Campbell var sú fyrsta árið 1994 til að auglýsa vörur Prada og síðan liðu níttján á þangað til sú næsta landaði samningi við fyrirtækið. Það var hin níttján ára Malaika Firth.



VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem hlaut
gæðavottun Skráargatsins



Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.

Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.

Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamenskuna.

Lestu meira um Skráargatið á
skraargat.is



Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen!

A

Um 20 fyrirtæki og verslanir eru í Vild og fer fjölgandi

C

Í Vild færðu afsláttinn án þess að biðja um hann



B

Afslátturinn kemur sjálfkrafa á kortaviðskiptin



Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

SVONA FÆRÐU AFSLÁTT ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM HANN!

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptapjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Vild



**HAPPDRAETTI
Í HVERJUM
MÁNUÐI!**

Í mars drögum við út:

46" Samsung sjónvarp

Hvert skráð kort í VILD gildir
sem happdrættismiði

★★★★★

VEGAMÓT
RESTAURANT | BAR



SÓLNING
Renndu við

Einar Ben
RESTAURANT

MICHELSEN
GRSMIDJUR SÍÐAN 1909



Trans-Atlantic

MARGT GLEÐUR AUGAÐ AÐ FÍFILBREKKU – BÆÐI ÚTI OG INNI



MÁLVERK Myndir unnar út frá altaris-klæðinu frá Miklagarði.



OFIÐ ÚR VIÐJU Veggverk eftir Guðrúnu Höddu annars vegar úr teinungum sem búið er að flysja börkinn af og hins vegar upprunalegum.



BOLLAMOTTUR Anna Sigríður Hróðmarsdóttir og Hadda halda oft sýningar og tefla saman leir og vefnaði. Hér er lítil borðmotta ofin í þráðabrekán ásamt leirbolla.



KÓSÝ Í KOFANUM Eitt af smáhýsinum sem Guðrún Hadda byggði sjálf.



GRÆNA HÚSIÐ Þetta hús var byggt fyrir barnabörnin að leika sér í.



HERÐASLÁ Handverkið í Dyngjunni er af margvíslegum toga.



SPÝTUHÚS Enn eitt eftir Helga.

Unir sér best í Dyngjunni sinni

Að Fífilbrekku í Eyjafjarðarsveit er ævintýraveröld **Guðrúnar Höddu Bjarnadóttur**, handverks- og listakonu. Hún hefur komið sér upp myndarlegu listhúsi nærri heimili sínu og umhverfis það eru minni hús, sem hvert og eitt er listaverk.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er snjóugga þegar ég held frá Akureyri inn í Eyjafjarðarsveit að hitta listakonuna Guðrúnu Höddu Bjarnadóttur í Fífilbrekku. Eftir að hafa ekið fram hjá kirkjustaðnum Grund skoða ég kort og átta mig á að ég er komin of langt, sný við og beygi upp í brekkuna. Guðrún Hadda er nýkomin heim frá vinnu í Sjólistamiðstöðinni á Akureyri og er að tendra ljósin í Dyngjunni, hinu veglega listhúsi sínu í Fífilbrekku, enda er byrjað að rökkva og hún á von á nokkrum konum á tövinnunámskeið innan stundar. „Það var gamall draumur að vera með vinnustofu og galleríastöðu heima, svo varð byggingin stærri en mig hafði órað fyrir og ég bara nýt þess og þakka fyrir,“ segir Hadda brosandí þegar Dyngjan er dásömuð. Á túninu í kring eru lítil hús, flest byggð af Helga Þórssyni í Kristnesi og ætluð barnabörnum Höddu og manns hennar, Edwards Kiernan, önnur eru keypt í Húsasmíðjunni og reist af Höddu sjálfri eitt sumarið. Það var byrjunin á uppbyggingunni í Fífilbrekku, síðan var reist stórt íbúðarhús og vinnustofan í framhaldinu. „Ég ver flestum stundum hér í Dyngjunni listhúsi og vil helst ekki annars staðar vera,“ segir Hadda, sem auk þess að vinna listmuni í Dyngjunni heldur þar sýningar og námskeið. Um þessar mundir starfar hún sem fræðslufulltrúi í Sjólistamiðstöðinni en hefur lengi verið stundakennari í listgreinadeild Háskólans á Akureyri.“

Hafði áhyggjur af nafninu

Hún heitir reyndar Guðrún Hallfríður en kveðst kalla sig Höddu. „Mér skilst að ég hafi sjálf byrjað lítil stúlka að kalla mig Höddu og það festist við mig. Samt man ég eftir mér fimm ára gamalli með áhyggjur af að ég gæti ekki alltaf látið kalla mig Höddu. Engin fullorðin kona hétu Hadda og ég yrði líklega að fara að láta kalla mig Guðrúnu!“

Hadda fæst við margs konar handverk og listsköpun, það leynir sér ekki þegar komið er inn í Dyngjuna. „Mér gengur illa að halda mig við eitthvað eitt og finnst best að leyfa hugmyndunum að flæða,“ segir hún.

Fyrirferðarmestur í Dyngjunni er vefnaðurinn því vefstólarnir taka sitt pláss.

Tveir eru uppsettir þar, í öðrum er tuskumotta og í hinum brekásvefnaður. „Ég þarf að drífa mig að ljúka við mottuna því ég er búin að gefa stólinn,“ segir Hadda

broandi en brekanið kveðst hún vera að vefa fyrir verslunina í Laufási. „Ég er í Laufáshópnum sem hannar vörur út frá munum úr Laufásbænum, ég er að vefa litlar hliðartöskur og hef rúmteppin sem fyrirmynd,“ útskýrir hún. Þriðji vefstóllinn er í smáhýsi rétt hjá Dyngjunni, þar er uppsett vaðmálsvoð. „Ég er alltaf með vaðmál í einhverjum stól,“ segir listakonnan. Í fjórða vefstólnum sem er staðsettur í íbúðarhúsinu vefur hún damask.

Treystir máttarvöldunum

Í grunninn er Hadda þroskaþjálfari frá Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hún bjó í níu ár í Eskilstuna í Svíþjóð þar sem hún vann á sambýli og vernduðum vinnustað fyrir þroskahefta. Í Svíþjóð tók hún ýmis handverksnámskeið meðal annars í vefnaði. Síðasta árið úti var hún í listadeild lýðháskóla. „Á sínum tíma var ég í Gagnfræðaskóla verknáms sem var góður skóli. Þar liggur í raun minn handverksgrunnur,“ segir hún.

Eftir dvölina í Svíþjóð stundaði Hadda nám í listmálun við Myndlistarskólann á Akureyri og tók virkan þátt í uppbyggingu Listagilsins með starfrækslu opinna vinnustofu sem kölluð var Grófin. Seinna rak hún Samlagið-listhús, í félagi með öðrum listamönnum.

Jólamarkaður í Fífilbrekku er orðin árleg hefð. Þó ekki væri möguleiki að hafa varning úti eins og veðrið er í dag þá sleppur jólamarkaðurinn alltaf við óveður og ófærð að sögn Höddu. „Ég segi að maður eigi að ákveða svona hluti með góðum fyrirvara, treysta á æðri máttarvöld og ef maður breytir ekki um dagsetningu þá bara virkar það. Það er alltaf gott veður á markaðsdaginn þó stundum hafi verið vitlaust veður og ófærð bæði daginn á undan og eftir,“ segir hún.

Uppsprettur víða

Sumarsýning Höddu 2013 var unnin út frá altarisklæði frá miðri 16. öld sem varðveitt er í Þjóðminjasafni Dana. Það er úr Miklagarðskirkju sem var tekin niður á miðöldum en stóð skammt sunnan við Fífilbrekku. „Ég tel þetta altarisklæði eitt elsta myndverk sem varðveist hefur í heilu lagi héðan frá Eyjafjarðarsveit og því langaði mig að nota það í hugmyndavinnu sem varð grunnurinn að sýningunni,“ lýsir hún. „Í framhaldinu langar mig svo að fá konur í sveitinni í vinnu með mér við að skapa listmuni út frá þessu forna myndverki og tengja þannig nútíðina við menningu fortíðarinnar.“

Veffang Dyngjunnar er: <https://www.facebook.com/dyngjanlisthus>



VEFURINN SLEGINN „Ég er alltaf með vaðmál í einum stól,“ segir Guðrún Hadda sem hér er að vefa í einu smáhýsinu.

KONUR Á BESTA ALDRI

Kynningarblað Atvinna, áhrif, hreyfing og mataræði.

Fann starfsþrekið og endurnýjaði orkuna á Heilsuhóтели Íslands

Gestir Heilsuhóteles Íslands sækja þangað af ýmsum ástæðum. Allir njóta þeir þó úrvals þjónustu og aðbúnaðar í fallegu umhverfi á Reykjanesi. Fjölbreytt, fræðandi og skemmtileg dagskrá er í boði sem gestir stýra að mestu leyti sjálfir eftir eigin þörfum.

Myndlistarkonan Sigríður Ásgeirsdóttir, betur þekkt sem Systa, fór að finna fyrir mikilli þreytu fyrir nokkrum árum, eitthvað sem var ólíkt henni sjálfri að eigin sögn. Hún fann hvernig starfsþrek hennar minnkadi jafnt og þétt auk þess sem hún þyngdist nokkuð á sama tíma.

„Það tók langan tíma fyrir mig að finna út hvað væri að angra mig. Svo kom í ljós að skjaldkirtillinn í mér hafði lagt niður störf og í kjölfarið fékk ég viðeigandi lyf við þeim vanda. Eftir lyfjameðferðina þurfti ég að finna starfsþrekið aftur og endurnýja krafta mína. Þá fór ég í fyrsta skiptið á Heilsuhóтелиð og dvaldi þar í tvær dásamlegar vikur.“

Fjölbreytt dagskrá

Hún segist hafa fundið orkuna og kraftinn koma fljótlega til baka. „Það þurfti ekki langan tíma á Heilsuhóтелиnu til að fá orkuna af stað. Nú er ég ein af mörgum sem fara á Heilsuhóтелиð eins oft og ég get við komið til að núllstillast kerfið, fá aukna orku og minna mig á að njóta lífsins í botn. Alls hef ég farið fjórum sinnum þangað og stefni á að fara að minnsta kosti einu sinni á ári.“

Fyrsta verk Systu þegar hún mætir á Heilsuhóтелиð er að panta nudd. „Ég reyni að fara þrisvar sinnum í viku enda er nuddið stór þáttur í meðhöndluninni. Þá fer ég alltaf tvisvar á dag í infrarauða klefann og heita pottinn. Svo fer ég í jóga sem er frábært.“ Auk þess sækir Systa allar gönguferðir sem eru í boði.

„Heilsuhóтелиð er tveggja vikna



„Það þurfti ekki langan tíma á Heilsuhóтелиnu til að fá orkuna af stað,“ segir myndlistarkonan Sigríður Ásgeirsdóttir.

MYND/GVA

grænmetis-, safe- og súpufasta svo maður kemur kannski ekki vegna matarins. Engu að síður eru máltíðir mikilvægar enda hittast allir og þá er oft mikið fjör. Eftir mat eru svo fyrirlestrar, nudd eða annað sem maður hefur bókað. Svo les ég og sef einhver ósköp, hugsa upp ný verkefni og teikna. Maður verð-

ur mjög skapandi þegar líður á föstuna.“

Endurnærandi staður

Aðstaðan hjá Heilsuhóтелиnu er til fyrirmyndar að sögn Systu, raunar eins og best verður á kosið og starfsfólkið er frábært. „Heilsuhóтелиð er einstaklega góður staður til að endurnýja líkama og sál. Allur

aðbúnaður er frábær og starfsfólk Heilsuhótelesins hefur bæði góða menntun og þekkingu á því sem það gerir og er einstaklega vinsamlegt og alúðlegt.“

Systa segist hiklaust geta mælt með dvöl á Heilsuhóтели Íslands fyrir allt fólk. „Hvort sem einstaklingar þurfa að léttast um nokkur kíló eða bara að endurnýja sjálfan

sig, til dæmis eftir mikla vinnu eða veikindi, þá er Heilsuhóтелиð frábær staður til að dvelja á. Maður kemur svo sannarlega endurnærð til baka og tilbúin til að takast á við daglegt líf og störf. Svo er líka alltaf svo gaman á Heilsuhóтелиnu því þar eru allir svo glaðir og samstiga í að taka á málunum og hressa sig!“

heilsuhóтели
Íslands

Góður lífsstíll

Fyrirlesarar og kennarar



Ásdís Ragna
Einarsdóttir
grasalæknir



Chad
Keilen
BSc Heilsuvísindi



Sólveig Klara
Káradóttir
hjúkrunarfræðingur



Ásta Mjöll
Óskarsdóttir
einkaþjálfari

HEILSUNÁMSKEIÐ
heilsa, hvíld og gleði

VOR

7. – 21. mars
Heilsunámskeið 2 vikur
5 herbergi laus

SUMAR

2.-16. maí og
6.-20. júní
Pantið tímanlega,
vinsælasti tíminn

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is | heilsa@heilsuhotel.is

Heilsuhóтели Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanesbær

GLÆSILEG VORDRESS



Skoðað
laxdal.is
/london-porto-bilbao

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook



Flott fót fyrir flottar konur
Nýjar vörur í hverri viku

stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Garcinia Cambogia Iceland

KOMIÐ Í VERSLANIR!

Garcinia Cambogia

DREGUR ÚR SVENGD
HJÁLPAR AÐ BRENNNA FITU
DREGUR ÚR SÆTUPÖRF
EYKUR VELLÍÐAN
100% NÁTTÚRULEGT
REYNSLA UM ALLAN HEIM

BALSAM

FRÍ HEIMSENDING hjá Heimkaupum

Hagkaup – Heilsuver – Fjarðarkaup – Heimkaup - Lyfsalinn
Glæsibæ – Akureyrarapótek og Apótek Vesturlands

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

Voldugar konur

Á lista Forbes yfir valdamesta fólk heims árið 2013 eru níu konur. Konur eru því aðeins 12 prósent af fólkinu á listanum. Þó það hljómi heldur lítið hefur orðið nokkur breyting síðustu ár því tvö árin þar áður voru konur á listanum aðeins sex og árið 2010 voru þær ekki nema þrjár eða 4,4 % listans. Konurnar á listanum eru flestar landshöfðingar eða stjórnendur mikilvægra stofnana og fyrirtækja. Þá er áhugavert að sjá að þær eru allar komnar yfir fimmtugt.

1. *Angela Merkel*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 5
Aldur: 58
Kanslari Þýskalands

2. *Dilma Rousseff*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 20
Aldur: 65
Forseti Brasilíu

3. *Sonia Gandhi*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 21
Aldur: 66
Forseti indverska landsþingsins

4. *Christine Lagarde*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 35
Aldur: 57
Land: Frakkland
Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

5. *Park Geun-hye*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 52
Aldur: 61
Forseti Suður-Kóreu

6. *Virginia Rometty*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 56
Aldur: 56
Land: Bandaríkin
Framkvæmdastjóri IBM

7. *Margaret Chan*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 59
Aldur: 66
Land: Hong Kong
Stjórnandi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

8. *Jill Abramson*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 68
Aldur: 59
Land: Bandaríkin
Aðalritstjóri The New York Times

9. *Janet Yellen*

Á lista yfir valdamesta fólk heims: 72
Aldur: 67
Land: Bandaríkin
Varaformaður seðlabanka Bandaríkjanna



PURELOGICOL

Collagen til inntöku

Sléttir fínar hrukkur og þéttir húðina

- » Hrukkur og línur sléttast út um 43%*
- » Húðin á andliti og öllum líkama verður mýkri og þéttari um 35%*
- » Aukin fylling í vörum
- » Sterkari hár og neglur
- » Frábært fyrir liðina, aukin liðugleiki og betri líðan
- » Árangur sést og finnst eftir 3 vikur



Valið „favorite age-defying“
af tímaritinu MS London

*Húðgreining eftir 6 vikur inntöku á 2.4g af
Pure Logicol collagen í blindprófs samanburði.



Fæst í apótekum, Græn Heilsa og Fríhöfninni

Collagen er öflugasta byggingarprótein líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskortri er m.a slakari húð, hrukkur og stíðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogicol collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðla að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Dregur úr húðsliti
Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.

Kennitalan neikvæð í atvinnuleit

Guðný Ruth Þorfinnsdóttir, blaðamaður á Skessuhorni, lauk prófi í viðskiptafræði síðastliðið sumar en lokaritgerðin fjallaði um fordóma gagnvart miðaldra og eldra fólki á vinnumarkaði. Langtímaatvinnuleysi er algengara hjá 55 ára og eldri en þeim yngri.

Guðný býr á Akranesi og ákvað að einskorða sig við Vesturland í ritgerðinni. Þær vísbendingar sem koma fram eiga þó örugglega við um allt landið. „Það var mjög áhugavert að skrifa þessa ritgerð. Ég var búin að hugsa mikið um hvaða efni ég ætti að taka fyrir. Mér var bent á að best væri að skoða nærumhverfi sitt til að fá hugmyndir. Ég þekkti bæði miðaldra fólk sem var að glíma við atvinnuleysi og fólk sem starfaði við atvinnuráðningar. Ég heyrði því talsvert um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og það vakti athygli mína á fordómum gagnvart aldri,“ útskýrir Guðný.

Fordómar á vinnustað

Hún segir að ritgerðin sé ekki viðamikil rannsókn en gefi örugglega vísbendingar. Ritgerðin var gerð eftir hrúnið og margir atvinnulausir á þeim tíma. „Enginn sem ég talaði við hafði lent í fordómum á vinnustað né misst vinnuna af þeim sökum. Hins vegar höfðu allir orðið vitni að slíku á vinnustað. Þá kom það fólki mjög á óvart hversu illa gekk að fá vinnu á ný,“ segir Guðný og bætir við: „Fólk var mjög hissa á því hversu fálega umsóknum þess var tekið og að það hafði enga möguleika að komast í atvinnuviðtal. Upplifunin var sú að kennitalan væri það sem málið snerist um.“

Erfið reynsla

Í ritgerð Guðnýjar segir meðal annars: „Eldra fólk sem missir vinnuna þjáist meira tilfinningalega heldur en yngra fólk í sömu aðstæðum. Ennfremur finnst því að trygg þjónusta þeirra hafi verið vanmetin þegar því er sagt upp.“



Guðný segir að það hafi verið áhugavert að skrifa ritgerð um aldursfordóma á vinnumarkaði.

Guðný segir að jafnvel fólk sem sé rétt skriðið yfir fimmtugt finni fyrir æskudýrkun. „Sérstaklega kom það fram hjá konunum,“ segir hún. „Þetta er líklegast misjafnt eftir atvinnugreinum. Miklar kröfur eru gerðar um nútíma tækniþekkingu og allir þurfa að kunna á tölvu. Ég tel að fólk sem hafði ekki þessa kunnáttu en sækir sér endurmenntun eigi örugglega meiri möguleika á að fá aftur vinnu. Annars er fólk yngra í anda í dag en áður fyrr og flestir kunna á tölvur.“

Önnur viðhorf

Í ritgerðinni koma fram tölur frá síðasta ári sem sýna að langtímaatvinnuleysi sé mun algengara hjá fólki yfir 55 ára en þeim yngri. Þrátt fyrir þetta eru viðhorf þessa hóps gagnvart vinnu töluvert frábrugðin vinnuviðhorfum þeirra yngri.

„Yngsta kynslóðin leggur mjög mikið upp úr frítíma og er vinnan yfirleitt ekki sett í fyrsta sæti. Yngri kynslóðin spyr oft: „Hvað getur vinnu-

veitandinn gert fyrir mig?“, en hjá eldri kynslóðum er þessu öfugt farið. Eldri kynslóðin leggur mikið upp úr vinnunni og kemur vinnan í fyrsta sæti á kostnað frítíma. Einstaklingurinn gerir minna úr mikilvægi frama og hárra launa en leggur áherslu á þætti svo sem félagslegt hlutverk vinnunnar, mikilvægi vinnunnar fyrir aðra og starfsöryggi. Eldra fólk metur vinnuna almennt meira en það yngra og álitur vinnuna mikil-

vægari. Það er ánægðara í starfi, leggur áherslu á að vinna alltaf vel óháð launum og hefur meiri hollustu gagnvart vinnuveitanda. Einnig er það jákvæðara gagnvart vinnunni. Hugsanlega er skýringin fólgin í því að munur sé á milli kynslóða, vegna aðstæðna sem hafa haft áhrif á hugsunarhátt kynslóðanna og ekki hægt að fullyrða að með því að eldast fari fólk að meta vinnuna meira,“ segir í ritgerð Guðnýjar.

Ert þú með verki?



Stoðkerfislausnir

Námskeiðið hentar þeim sem eru með einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfan sig og finna sín mörk í hreyfingu.

• **3x í viku:** Mán., mið. og fös. kl. 15:00
Þjálfari **Anna Borg, sjúkráþjálfari**
Hefst **10. mars**
Verð **39.800** (19.900 pr. mán.)

• **2x í viku:** Þri. og fim. kl. 16:30
Þjálfari **Arna Steinarsdóttir, sjúkráþjálfari**
Hefst **11. mars**
Verð **33.800** (16.900 pr. mán.)

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG

Betri heilsa borgar sig!

Faxafeni 14 • Sími 560 1010 • heilsuborg.is

Konur yfir fimmtugu geta vel gengið með barn

Meðalaldur mæðra hefur hækkað undanfarna áratugi víða um heim. Þá hafa fáeinar konur eignast börn á sextugsaldri, flestar með hjálp tæknifrjóvgunar og gjafaeggja.

Rannsókn á vegum læknadeildar háskólans í Kólumbíu í Bandaríkjunum frá 2012 sem birt var í American Journal of Perinatology bar saman meðgöngu 101 konu yfir fimmtugu við meðgöngu kvenna 42 ára og yngri. Í báðum hópum eignuðust konurnar börn með gjafaeggja.

Rannsóknin leiddi í ljós að áhættan á meðgöngu var aukin hjá öllum konum sem eignuðust barn með gjafaeggja en að hættan jókst ekki þótt konurnar væru eldri en fimmtíu ára.

Niðurstöðurnar stangast á vissan hátt á við niðurstöður annarra rannsókna sem benda til að eldri konum sé hættara við vissum vandkvæðum á meðgöngu, líkt og háþrýstingi, meðgöngusykursýki, ótímabærum fæðingum og afbrigðileika í fylgju.

Læknar rannsóknarinnar töldu að með góðu eftirliti væri ekkert því til fyrirstöðu að eldri konur eignist börn með þessum hætti. Meginvandamál eldri kvenna sem vilja eignast börn er að framleiða egg enda fæðast konur með öll sín egg og eru þau oftast uppurin upp úr fertugu. Legið er hins vegar allt annað líffæri en eggjastokkar. Legið breytist lítið með aldri og með viðeigandi hormónagjöf getur legið starfað eðlilega til að næra stækkandi fóstur, að sögn lækna rannsóknarinnar.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

NEMENDAÓPERA

Nemendur Söngskólans í Reykjavík flytja óperu í Salnum, Kópavogi, á morgun kl. 15 og 18. Fimmtán nemendur taka þátt í sýningunni. Flutt verða verkin Hans og Gréta eftir Humperdinck, Kátu konurnar í Windsor eftir Nicolai og Don Giovanni eftir Mozart.



Ertu að missa af lestinni í náminu? Þarftu aðstoð í einhverri námsgrein? Það er ennþá tími til að auka kunnáttuna fyrir vorprófin. Við bjóðum

NÁMSAÐSTOÐ

til að styrkja stöðuna. - Öll skólastig.

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

BETRI MELTING MEÐ BIO-KULT CANDÉA

ICECARE KYNNIR Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.

NÝTT - NÝTT HLAÐBORÐ Í HÁDEGINU

TILBOÐ

KR. 1.390.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00

hlaðborðið er alla virka daga,
ekki um helgar.



Kinakofid

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

Ég er með mjólkuróþol og var mjög oft með magaverki," segir Andrea Óskarsdóttir. „Ég var slæm í maganum, með uppþembu og einnig fékk ég oft ristilkrampa. Mér finnst Bio-Kult Candéa hafa hjálpað mér töluvert, mér líður betur í maganum, ég er minna uppþembd og hef ekki fengið ristilkrampa frá því að ég byrjaði að nota Bio-Kult Candéa. Mér líður almennt betur, meltingin er komin í jafnvægi og er ánægð með hvernig mér líður núna í maganum," segir Andrea.

Bio-Kult Candéa slær á kláða

Sigurður Sveinsson segist stundum fá ofsakláða í fótleggina. „Ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa að ráði manns með sama vandamál. Og viti menn, það sló mjög fljótlega á kláðann. Ég tek alltaf tvö hylki á dag. Ég get eindregið mælt með Bio-Kult Candéa til að slá á húðkláða.“

Virkar á sveppasýkingar

Bio-Kult Candéa er öflug blanda vinveittra gerla, hvítlauks og greipaldinfrækjarna. Það virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.



BETRI LÍÐAN

Bio-Kult Candéa hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Ice-care, icecare.is.

ÁNÆGD

Andrea Óskarsdóttir segist hafa fengið bata eftir að hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa.

MYND/VALLI

Flott vesti (pleður)

Str. 40-56/58

Litir:
svart, rautt, blátt,
ljósbrúnt, perlugrátt

Kr. 8.900.-

Ríta

Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Við erum á Facebook

Gefðu húsgögnunum þínum lengri líftíma og komdu með þau í hreinsun hjá okkur!



FYRIR

Hreinsandi sérhæfir sig í:

Myglugró
Djúphreinsun
Lyktareyðingu
Sóthhreinsun teppa,
húsgagna,
rúmdýna og annarra
húsmuna.

Í tilefni af Mottumars mun 20% af verði hreinsunar á mottum hjá Hreinsanda renna til Krabbameinsfélagsins. Verum öll með og styrkjum gott málefni.




EFTIR

Hreinsandi

fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000 Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

Hreinsandi notar efni frá



ELLEN - EKKI SÖNGKONAN

MISSKILNINGUR Hafnfirski húsmóðirin Ellen Kristjánsdóttir er ekki söngkonan margfræga. Það þurfti hún að ítreka í símaskránni.

Frjá því ég var tíu ára hefur síminn hringt stöðugt vegna misskilnings um að ég væri söngkonan Ellen Kristjánsdóttir,“ segir Ellen Kristjánsdóttir, húsmóðir í fæðingarorlofi.

Í símaskrá er ritað „ekki söngkonan“ á eftir nafni Ellenar og þannig hefur það verið í tvö ár.

„Fyrir misgáning hef ég verið beðin um að koma í viðtöl og fengið símtöl frá aðaendum en mér þótti erfiðast að taka á móti símtölum frá syrgjandi fólki sem bað mig að syngja í jarðarförum og útskýra fyrir þeim að þeir hefðu hringt í vitlausu Ellen.“

Síminn þagnaði hjá Ellen eftir að hún breytti skráningunni.

„Þegar ég fór fram á þessa breytingu hjá já.is uppskar ég mikinn hlátur því þetta þótti sniðugt. Ég hafði áður reynt að hafa starfsheiti mitt fyrir aftan nafnið en fólk hringdi eftir sem áður og spurði hvort ég væri frænka söngkonunnar, skírði í höfuðið á henni eða gæti haft milligöngu um samband við hana,“ segir Ellen og hlær dátt.

GÓDLÁTLEGT GRÍN

Ellen á ellefu ára son, níu mánaða dóttur og tvö stjúpbörn, sjö og tíu ára, sem henni eru kær. Hún hefur undanfarin níu ár starfað sem verslunarstjóri hjá

KFC en er nú í atvinnuleit.

„Mig langar að breyta til og prófa eitthvað nýtt þótt KFC sé æðislegur vinnustaður hjá frábærum vinnuveitendum sem gera mjög vel við sitt fólk.“

Áður en Ellen fór til KFC vann hún í Fjarðarkaupum með hressu fólki.

„Einn daginn kallaði verslunarstjórinn í hátalarakerfið: „Ellen Kristjánsdóttir! Ellen Kristjánsdóttir! Vinsamlegast komdu inn á skrifstofu.“ Þegar ég kom þangað var ég auðvitað beðin um að taka lagið við mikla kátínu viðstaddra,“ segir Ellen um góðlátlegt grínið, sem hefur fylgt henni lengi vegna nafnaruglingsins.

„Ég hef líka fengið símtöl um miðjar nætur og minnisstætt þegar eldri maður hringdi og sagðist eiga allar plötur mínar. Ég tjáði honum að ég væri ekki söngkonan en hann svaraði því til að ég segði nú bara svo vegna þess að hann væri með þetta ónæði og bað mig að skila kærri kveðju til KK bróður míns.“

SÆTTIST VIÐ NAFNIÐ

Ellen hefur aldrei farið á tónleika með nöfnu sinni.

„Mér hefur alltaf þótt Ellen vera góð og sérstök söngkona, með sinn eigin söngstíl sem er engum líkur. Ég hef einkum yndi af söng þeirra systkina, Ellenar



SÖNGELSKA FJÖLSKYLDAN Ellen Kristjánsdóttir söngkona með Eyþóri Gunnarssyni og börnunum fjórum.

og KK, og fékk jólaplötu þeirra í jólagjöf frá kallinum mínum, en upphaldslagið með Ellen er „When I think of angels.“

Þegar Ellen var telpa varð hún stundum þreytt á ruglingnum.

„Þá spurði ég mömmu af hverju í ósköpunum hún hefði látið skira mig þessu nafni en mamma gerði bara gott úr því enda hafði hún valið mér nafnið vegna fegurðar þess. Í dag mundi ég heldur ekki vilja breyta því.“

ELLEN OG ELLEN

Blaðamaður hafði samband við Ellen Kristjánsdóttur söngkonu sem hafði samúð með nöfnu sinni en gladdist yfir tilvist hennar, bað fyrir kveðju til hennar og bauð henni á tónleika um aðra helgi. Þá



EKKI SÖNGKONAN Ellen Kristjánsdóttir með níu mánaða dóttur sína, Auði Lilju.

MYND/GVA

verður Ellen, ásamt eiginmanninum Eyþóri Gunnarssyni og dætrunum Sigríði, Elísabetu og Elínu með tónleika í Landnámssetrinu, Borgarnesi, föstudaginn 14. mars og á Café Rósenberg laugardaginn 15. mars. Þó öll hafi þau tónlist að aðalstarfi er sjaldgæft að þau komi saman fram á tónleikum. Systurnar hafa að undanfögnu gert við-

reist með hljómsveit sinni, Sísý Ey, og Eyþór sinnir tónlistarstörfum heima og erlendis, meðal annars með hljómsveitinni Mezzoforte. Á efnisskrá eru lög úr ýmsum áttum, frumsamin og tókulög.

Miðapantanir eru hjá Landnámssetrinu og á Café Rósenberg.

■ thordis@365.is

Afmælis dagar!

Afmæli Parísartískunar á laugardaginn 8. mars á milli kl 11- 16
Max Mara í öllum stærðum á 10% kynningarverði.

Minnum á afmælisleiðinn www.facebook.com/Parisartizkan afmælisveisla laugardaginn 8. mars. og glaðningar fyrir heppna viðskiptavinum



MARINA RINALDI

WEEKEND

MaxMara

persona

PENNYBLACK

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Skipholt 29b • S. 551 0770





VERKFAERI EHF

SUÐURLANDSBRAUT 32, 108 REYKJAVÍK



UMBOD - WWW.VERKFAERIEHF.IS



TEREX®



NOTAÐAR VÉLAR - WWW.VERKFAERIEHF.IS



Merlo 32.6 árgerð 2009 og ekin 2230 tíma.



Takeuchi TB175, árgerð 2006, ekin 3570 tíma.



Caterpillar 312L árgerð 2009, ekin 5100 tíma.



Hitachi ZX210LC-3 árgerð 2008 og ekin 6370 tíma.



Manitou MT1030ST árgerð 2011, ekin 510 tíma.



Hitachi ZX50-U árgerð 2007, ekin 4090 tíma.



Volvo EC220DL árgerð 2013, ekin 53 tíma.



JCB 4CX, árgerð 2007, 5100 tíma.



Amman AVP 4920 árgerð 2008, 365 kg, Diesel aftur/áfram.



John Deere 6430, árgerð 2009, ekin 1511 tíma.



Terex TL80, árgerð 2011, ekin aðeins 650 tíma.




JCB 2CX árgerð 2005, aðeins 1575 tímar.

JLG 1930ES, árgerð 2006, aðeins 104 tímar.



Útvegum varahluti í allar tegundir vinnuvéla og lyftara
WWW.VERKFAERIEHF.IS



Ólafur Baldursson - Framkvæmdastjóri
Telephone: +354 892 9399
E-mail: olafur@verkfaeriefh.is



Gunnar R. Ólafsson - Sölustjóri
Telephone: +354 859 9399
E-mail: gunnar@verkfaeriefh.is



Jóhann Sigurjónsson - Varahlutir
E-mail: parts@verkfaeriefh.is



HÁRLITA RÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

Laugardagur 8. mars
kl. 12-17
Lyfjum&heilsu Krínglunni

Mánudagur 10. mars
kl. 12-17
Lyfjum&heilsu Austurveri

Þriðjudagur 11. mars
kl. 12-17
Lyfju Lág múla



Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og
Image designer kennari
frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum
frá L'Oréal Paris.

JÓGÚRTSÓSA



Með samosum er gott að hafa sæta chili-sósu en það er jafnframt gott að hafa líka ferska jógurtsósu. Hana er einfalt að laga.

1 dós hrein jógúrt
1 msk. fljótandi hungang
ferskt kóríander, saxað

Öllu blandað saman. Hægt er að setja ýmis krydd í hreina jógúrt og útbúa margvislegar mjög góðar sósur. Jógurtsósa passar vel með öllum sterkum mat en einnig grillmat.



SAMOSAS Indverskur matur er í uppáhaldi hjá mörgum.

LJÚFFENGAR SAMOSUR

Samosa heita indverskar, fylltar smábökur. Þessar þríhyrnu bökur eru frábær forréttur þegar gesti ber að garði eða bara þegar mann langar í eitthvað gott.

ÞAÐ SEM ÞARF:

250 g hveiti
1 tsk. salt
1 tsk. garam masala
½ tsk. pipar
¼ tsk. túrmerik
2 msk. olía
2 msk. heitt vatn

Fylling

300 g nautakjöt, skorið í strimla
2 msk. olía
2 hvítlauksrif
1 tsk. smátt saxað

engifer
1 laukur
2 tsk. garam masala
1 rauður chili-pipar
½ tsk. chili-krydd
½ tsk. túrmerik
½ tsk. salt
2 msk. smátt saxað ferskt kóríander
½ sítróna
olía til að djúpsteikja

Setjið hveiti í skál og bætið vatni saman við ásamt olíu. Hrærið vel saman og látið hvíla í 20 mínútur. Skerið laukinn mjög smátt og steikið ásamt kjötinu. Fjarlægjið frá úr chili-piparnum og saxið hann smátt ásamt hvítlauknum. Bætið út á pönnuna

og hellið yfir safu úr hálfri sítrónu. Bætið kóríander út í ásamt öðrum kryddum. Blandið öllu vel saman.

Fletjið út deigið og skerið það í ferkantaða hluta. Setjið kjötblöndu, um það bil stóra matskeið, á hverja köku og brjótið deigið þannig að úr verði þríhyrningur.

Hitið olíuna og djúpsteikið hverja köku þar til deigið verður gullinbrúnt. Leggið á eldhúspappír til þerris. Borið fram með sweet chili-sósu.

Þjáist þú af Mígrene.is

eða einhver sem þú þekkir

<http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka>

SPARAÐU BENSÍN!
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
VeiRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

NÁTTÚRULEGAR VÖRUR

Novexpert-vörurnar eru prófaðar undir eftirliti húðsjúkdómalækna. Þær eru:

100% náttúrulegar
0% rotvarnarefni
0% paraben

0% BHT-BHA
0% EDTA
0% phenoxyethanol
0% silicone
0% mineral oil
0% propylene glycol



Dr. Colletta

Háskólaprófessor og doktor í vísindum. Fv. framkvæmdastjóri rannsóknastofu Kanebo.

EXPERT
EYKUR
LJOMA

Viltu draga fram náttúrulega útgeislun húðarinnar með sérhæfðri meðferð?



Dr. Colletta

Háskólaprófessor og doktor í vísindum. Fv. framkvæmdastjóri rannsóknastofu Kanebo.

EXPRESS
GEGG
ÖLDRUN

Viltu ná samstundis árangri?



Dr. D'Anna

Doktor í lyfja- og frumulífraði. Sérfræðingur á heimsmaðlíkvarða í frumuoxun.

EYE
EXPERTISE
FYRIR AUGN-
UMGJÖRÐINA

Viltu fallegri augnumgjörð?



Dr. Lintner

Doktor í vísindum. Fv. framkvæmdastjóri alþjóðavísindasviðs Sederma.


INTEGRAL
GEGG
ÖLDRUN

Viltu unglegra yfirbragð?



J. Leclere

Fv. framkvæmdastjóri tæknisviðs Shiseido og vísindasviðs Nuxe.

ANTI-
AGING
SKIN
BB-KREM

Viltu sólar-ljoma allt árið?

Endurstilltu stofnfrumur húðarinnar

Fjórir franskir vísindamenn hafa þróað sína eigin húðlínu, Novexpert, sem er byltingarkennd nýjung í heimi húðumhirðu. Novexpert er fyrir bæði kynin og eru innihaldsefni þess náttúruleg og án allra óæskilegarefna. Línan er ein eftirsóttasta húðvara Frakklands og hefur unnið til verðlauna.

Novexpert er byltingarkennd nýjung í heimi húðumhirðu. Teymi fjögurra þekktara og eftirsóttara franskra vísindamanna, sem hefur unnið fyrir snyrtivörur á borð við Kanebo, Dior og Shiseido, ákváðu að sameina krafta sína og þróa sína eigin húðlínu, Novexpert. „Húðlínan er fyrir bæði kynin og er sannkölluð nýsköpun,“ segir Ýr Björnsdóttir, snyrtifræðingur hjá Óm snyrtivörum.

Án allra aukaefna

„Það sem gerir merkið svo einstakt er hundrað prósent náttúrulegur uppruni allra innihaldsefna. Kremin eru án allra óæskilegra efna, ECOCERT vottuð, hundrað prósent „biodegradable“ sem þýðir að efnin brotna niður í náttúrunni og hundrað prósent „hypoallergenic“ og þess vegna minnsta hættu á ofnæmisviðbrögðum. Einnig vinnur Novexpert í að endurstilla öldrunarferli húðarinnar.“

Engin rotvarnarefnisvandamál

Ýr segir Novexpert vera eina af fáum húðvörum á markaðnum sem er laus við svokölluð „problem preservative“ eða vandamál vegna rotvarnarefna. „Novexpert notar náttúrulega leið til þess að viðhalda líftíma kremlanna. Með þekkingu sinni fundu sérfræðingarnir upp aðferð sem beislar vatnið í kremunum þannig að skaðlegar bakteríur komast ekki í snertingu við það og því hefst ekkert rotnunarferli í kremunum. Þessi aðferð er gerð með skaðlausum íblöndunarefnum sem mynda filmu utan um vatnsdropana. Það veldur því að bakteríurnar komast ekki í snertingu við vatnið og deyja því af sjálfu sér. Þar sem línan er án þessara vandamála vegna rotvarnarefna fá allar æskilegu bakteríurnar í húðinni að halda sínu starfi áfram en það er einmitt það sem við viljum öll,“ segir hún.



Ýr Björnsdóttir, snyrtifræðingur hjá Óm snyrtivörum, segir húðlínuna frá Novexpert standast sínar kröfur um húðvörur.

MYND/GVA

„Ritstjórar tískutímarita, fréttamenn og blogggarar lofa vöruna í hástert og nú þegar hefur hún unnið til ýmissa verðlauna.“

Hvað viljum við meira?

Húðvörurnar eru skaðlausar okkur og umhverfinu og stenst Novexpert þannig þær kröfur sem flestir gera til húðvara. „Flestir vilja líka krem sem hægja á öldrunarferlinu, ég vil það að minnsta kosti,“ segir Ýr og brosir. „Sérfræðingarnir hættu ekki þróun sinni og fundu upp formúlu með mjög virku náttúrulegu efni sem þeir eru með einkaleyfi á og kalla Novaxylene. Þetta undraefni hægir á líffræðilegu ferli öldrunar og

breytir öldruðum frumum aftur í ungar frumur.“

Lofuð og verðlaunuð vara

Á örfáum árum er Novexpert orðin ein eftirsóttasta kremlína í Frakklandi og er henni nú dreift út um allan heim. „Ritstjórar tískutímarita, fréttamenn og blogggarar lofa vöruna í hástert og nú þegar hefur hún unnið til ýmissa verðlauna á sviði húðumhirðu. Ég skora því á bæði dómur og herra að sannreyna Novexpert,“ segir Ýr.



LABORATOIRES
NOVEXPERT
PARIS

Mikill ávinningur í hreyfingunni

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ávinningur af því að hreyfa sig er hlutfallslega meiri fyrir fólk sem komið er yfir miðjan aldur. Mikilvægt er að velja sér skemmtilega hreyfingu því þá eru minni líkur á að fólk hætti.

Þegar konur eru komnar á miðjan aldur hafa þær oft meiri tíma en áður til að rækta sjálfar sig. Margar þeirra fara þá að hreyfa sig meira en framboð á ýmiss konar líkamsrækt fyrir þennan aldurs-



Bjarney Bjarnadóttir,

hóp hefur aukist mikið á undanförunum árum sem og almenn vitundarvakning um mikilvægi reglubundinnar hreyfingar. „Það má ætla að konur á þessum aldri hreyfi sig meira en áður,“ segir Bjarney Bjarnadóttir, íþróttarafræðingur og einkaþjálfari í Sporthúsinu í Kópavogi.

Hreyfing bætir margt

„Sýnt hefur verið fram á að ávinningurinn af því að hreyfa sig er hlutfallslega meiri fyrir fólk komið er yfir miðjan aldur. Hreyfing veitir auknið úthald, viðheldur og jafnvel eykur liðleika. Hjarta- og æðakerfi verður skilvirkara, vöðvastyrkur eykst, betri líkamsstaða fæst, blóðþrýstingur lækkar, einnig dregur hreyfing úr líkum á og getur jafnvel snúið við þróun sykursýki-2 og

líkur á ristilkrabbameini og fleiri líkamlegum kvillum minnka. Einnig hefur verið sýnt fram á jákvæð áhrif á heilastarfsemi þar sem hreyfing getur meðal annars minnkað líkur á elliðlopum og Alzheimer.“

Dregið úr beinþynningu

Hún segir það sérstaklega mikilvægt fyrir konur á miðjum aldri að hreyfa sig reglulega þar sem talið er að þær missi allt að tvö prósent af beinmassa á hverju ári eftir tíðahvörf. „Þar er styrktarþjálfun mikilvægust en hún getur dregið úr beinþynningu og minnkað líkur á slæmum beinbrotum, bæði þá vegna aukinnar beinþéttni og betra jafnvægis sem hlýst af reglubundinni þjálfun.“

Farið rólega af stað

Áður en farið er af stað er gott að fara til læknis í allsherjar skoðun, sérstaklega ef viðkomandi hefur ekki æft áður eða langt er um liðið, og ganga úr skugga um að allt sé í lagi áður en byrjað er á líkamlegri áreynslu. „Það tekur tíma fyrir líkamann að aðlagast breyttu álagi og ef byrjað er of geyst þá aukast líkur á meiðslum og álags-tengdum vandamálum.“

„Einnig bendi ég fólki alltaf á að fá ráðleggingar hjá faglærðum ein-



Framboð á ýmiss konar líkamsrækt hefur aukist á undanförunum árum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. MYND/GETTY

staklingum og fá sérsniðna æfinga-áætlun sem hentar þeirra ásigkomulagi og markmiðum.“

Hreyfing við allra hæfi

Mikilvægt er að velja þá líkamsrækt sem hverjum og einum þykir skemmtileg, þá er ólíklegur að viðkomandi hætti. Allir ættu að geta

funduð eitthvað við sitt hæfi því margt er í boði, göngutúrar, golf, vatnsleikfimi, jóga og margt fleira. „Sífellt fleiri rannsóknir sýna fram á góð áhrif styrktarþjálfunar eða lyftinga á líkamann. Ég ráðlegg fólki alltaf að stunda einhvers konar styrktarþjálfun með þeirri hreyfingu sem þau eru í reglulega, bæði til að við-

halda jafnvægi í vöðvum líkamans og einnig til að þola betur það álag sem sett er á líkamann, sérstaklega ef hreyfingin er einhæf. Að lokum má ekki gleyma félagslega þættinum en það er fátt skemmtilegra og betra fyrir sálartetrið en að hreyfa sig í góðra vina hópi,“ segir Bjarney.



Við náum til fjöldans

Póstdreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.



Soffía finnur mikinn mun á sér eftir að hún fór að nota Femarelle. MYND/STEFÁN

Algjört undraefni

Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaskeiði. Femarelle er jurtaefni sem slær á einkenni tíðahvarfa.

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaskeiði. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótáóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun hafi öll einkennin verið horfin.

„Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófum eða fótáóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna

fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, því líkt undraefni.“

Femarelle er öruggur kostur fyrir konur.

- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.

- Náttúruleg lausn, inniheldur tofú-extract og flaxseed-duft.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.

- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.

- Fjölmargar rannsóknir, síðustu þrettán árin, staðfesta virkni Femarelle.

Femarelle fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.

Femarelle er ekki hormón og inniheldur ekki ísóflavóníða.



Handbragð konu

Mia-vínin eru ný og spennandi viðbót við spænska vínframleiðslu. Gloria Collell er höfundurinn á bak við Mia en ástríða hennar fyrir víni og lífið í Barcelona varð henni innblástur við gerð þess. Hún segir „Barcelona í flösku“ lýsa Mia-vínunum best en hún bjó vínið til fyrir konur.



„Ég ólst upp við vingerð og æskuminningar mínar snúast um spænsk vín. Ég man ilminn í vín-skemmumni okkar og af tunnunum, fullum af víni, og þegar fjölskyldan smakkaði vínin heima,“ segir Gloria Collell, höfundurinn á bak við Mia, nýja og spennandi viðbót við spænska vínframleiðslu. Gloria hannaði vínið í sam-

vinnu við Freixenet, sérstaklega fyrir konur.

„Ég tók eftir því að konur virtu ekki falla fyrir spænskum vínunum því mörg þeirra þóttu gamaldags. Í samstarfi mínu við Freixenet lagði ég því til nýja nálgun til að búa til líflegt og ferskt vín sem myndi höfða til fólks um allan heim. Mia-vínin eru ávaxtavín og unnin þannig að spænska vínþrúgan njóti sín sem best. Ég veit að þótt ég hafi búið vínin til með konur í huga líkar karlmönnum þau ekki síður.“

Hvað er það við spænsk vín sem þér líkar?

„Fjölbreytileikinn í vínþrúgunum sem eingöngu eru ræktaðar á Spáni finnst mér frábær, eins og Tempranillo- og Parellada-þrúgurnar. Við gerð Mia tókst mér að sameina íberískar þrúgur og nútíma vingerðartækni við þann stíl og lífsprótt sem einkennir Barcelona, mína heimaborg. „Barcelona í flösku“ er frábær lýsing á Mia-vínunum.“

Hver var innblásturinn á bak við merkingarnar á flöskunum?

„Orðið „mia“, sem þýðir mitt á spænsku, var mikið notað meðan á vinnsluferlinu stóð. Þróun þessa víns var afar spennandi og hreint ævintýri fyrir alla sem komu þar að, Freixenet-fjölskylduna, vínkrubændurna og okkur öll. Okkur finnst við öll eiga vínið og þess vegna fannst okkur Mia viðeigandi nafn. Á miðanum er nafnið mótað með mósáikmunstri, sem vísar til verka hins fræga arkitekts, Gaudi. Þá er saga mín og undirskrift einnig á flöskunni, sem gerir merkinguna persónulega.“



Mia hvítvín: 11%

Ferskt og létt með ríkum ávaxtakeim og votti af hunangi. Vínið er blanda af spænskum vínþrúgum og hentar vel sem fordrykkur eða með grilluðum kjúklingi.

Mia rauðvín: 12,5%

Silkimjúkt vín unnið úr Tempranillo-vínþrúgum. Vínið ber ríkan ávaxtakeim með þykku berja- og plómubragði. Hentar vel með pastaréttum eða eitt sér.





MIKILVÆGT AÐ AUKA KALK- OG TREFJAINNTÖKU

Mikið er rætt um næringarþörf unglingsstúlkna og kvenna á barneignaraldri. En hvað með konur yfir fimmtugu?

Konur yfir fimmtugu þurfa að auka kalkinntöku sína til að vinna á móti beinþynningu en kalk í beinum kvenna byrjar að minnka upp úr þrítugu og minnkar verulega eftir fimmtugt. Samhliða er mikilvægt að gera reglulegar styrktaræfingar.

Konur yfir fimmtugu ættu sömuleiðis að gæta þess að borða nóg af trefjum. Bæði gefa þeir góða fyllingu sem kemur í veg fyrir ofát en auk þess hefur verið sýnt fram á að trefjar minnka kólesterólmagn í blóði og draga úr hættu á ristilkrabbameini.

Með aldrinum minnkar orkuþörfin og því ekki endilega hægt að borða jafn mikið og á yngri árum án þess að það safnist fyrir á óæskilegum stöðum. Á það líka við um konur yfir fimmtugu sem leggja stund hreyfingu. Konur yfir fimmtugu ættu því helst ekki að borða mikið meira en 1900 kaloríur á dag.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Félag kvenna í atvinnurekstri, FKA, heldur málþing í Hörpu í hádeginu í dag í tilefni af Alþjóðadegi kvenna. Þingið ber yfirskriftina Allir græða - ábyrgð og ávinningur fyrir fyrirtæki og samfélag. Aðalfyrirlesari er Afsané Bassir-Pour, forstjóri upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Brussel en auk þess munu Halldóra Hreggviðsdóttir, framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Alta, Sigurborg Arnarsdóttir hjá Össuri og Janne Sigurdsson hjá Alcoa Fjarðaráli fjalla um samfélagslega ábyrgð og ávinningur fyrir fyrirtæki og samfélög í heild.

Með málþinginu vill FKA varpa ljósi á hugtakið samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja en í dag er talið að ávinningur fyrirtækja sé mikill af því að sýna samfélagslega ábyrgð. Dæmin sýna að fyrirtæki sem huga að samfélagslegri ábyrgð njóti meiri vinsælda hjá fjárfestum, starfsfólk þeirra er ánægðara auk þess sem fyrirtækin njóta meiri virðingar í samfélaginu.

Frú Vigdís Finnbogadóttir verður heiðursgestur samkomunnar. Fundarstjóri verður Soffía Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastjóra UN Women á Íslandi. Málþingið hefst klukkan 12 og stendur til 13.30.

Sumra kvenna yfir fimmtugu bíður fátæktargilda

Konum sem komnar eru yfir fimmtugt gefst síður tækifæri til að auka starfsframa sinn vegna fastmótadðrar vinnustaðamenningar. Þær ná einnig síður að samræma vinnuna við fjölskyldulífið. Þetta eru niðurstöður nýlegrar könnunar sem Samtök verkalýðsfélaga í Englandi létu gera og segir frá á vef Independent.

Könnunin sýndi að kvenna yfir fimmtugu bíður fátæktargilda við starfslok vegna lágra mánaðarlauna í áratugi. Þá aukast skyldur kvenna gagnvart fjölskyldunni með aldrinum.

Launamunur milli kynjanna í þessum aldurshópi í fullu starfi er tvisvar sinnum meiri í Englandi en milli yngra fólks. Nærri helmingur kvenna yfir fimmtugu

er í hlutastarfi þar sem meðalárslaun eru undir 10.000 pundum á ári (u.þ.b. 1.880.000 ísl. kr.)

Nær helmingur kvenna yfir fimmtugu hugsar í það minnsta um annað foreldri sitt í ellinni, meðan tvær af hverjum fimm hafa sín eigin börn á sinni könnu. Ein af hverjum fimm passar barnabörnin og 13 prósent kvenna, eldri en fimmtugt, hugsa um veikan eða aldraðan ættingja eða maka.

Frances O'Grady, ritari Samtaka verkalýðsfélaga, segir að róttækar breytingar þurfi að gera á vinnu-umhverfi og menningu á vinnustöðum svo hægt sé að mæta því flókna hlutverki sem konur standa frammi fyrir þegar þær eldast.



Þrjár mismunandi lausnir ...

... því engar konur eru eins

- Náttúrulegt efni
- Jafnar sveiflurnar
- Slær á hitakófin
- Engir hormónar

Eitt af fáum efnum sem skandinavísk læknablöð og kvensjúkdómalæknar hafa mælt með fyrir konur á breytingaskeiðinu.

Chello Forte +D-vítamín Blár er gott fyrir konur undir fimmtugu. Það slær á mikil hita- og svitakóf og inniheldur sömu efni og rauða Chello með viðbættu D-vítamíni sem styrkir beinin sem er mikilvægt fyrir konur sem byrja snemma á breytingaskeiðinu.



Chello Forte Rauður er ætlað konum yfir fimmtugt og er gott við miklu svita og hitakófi. Það inniheldur dong quai og sojaextrakt sem hefur sýnt sig að virka vel á hita og svitakóf, rauðsmára og salvíu.

Chello Classic Grænn er gott við mildum einkennum af svita og hitakófi. Það inniheldur plöntuextrakt úr dong quai ásamt rauðsmára, vallhumal, kamillu og tünfíli. Inniheldur ekki soya.



www.gengurvel.is

Útsölastaðir: Apótek, heilsubúðir og stórmarkaðir

SKÍÐADAGAR

35%
afsláttur



UTANBRAUTASKÍÐI

Skiði, skór, bindingar og stafir



GÖNGUSKÍÐATILBOÐ

Skiði, skór, bindingar og stafir

30%-35%
afsláttur



30%-35%
afsláttur

FJALLASKÍÐATILBOÐ

Skiði, skór, bindingar, stafir og skinn



ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727

Raunhæft að bjóða upp á gjaldfrjálsa leikskóla

Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í Reykjavík, segir raunhæft að forgangsraða í borginni í þágu barnafjölskyldna og bjóða upp á gjaldfrjálsa leikskóla. Hún segir að þétting byggðar sé ein af forsendum þess að hægt sé að gera borgina umhverfisvænni.

EINI KVENKYNIS ODDVITINN Í REYKJAVÍK

„Það er mjög sérstakt að núna árið 2014 skuli flokkarnir ekki treysta konum betur en raun ber vitni. Vinstri græn eru eini flokkurinn sem er með konur í leiðtogasætinum þrátt fyrir þá vitundarvakningu sem staðið var fyrir af fulltrúum allra flokka um að koma konum í forystusæti.“

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR

„Ég samþykkti aðalskipulagið og við höfum staðið öll nema lítil hluti sjálfstæðisflokksins með þessu aðalskipulagi og það býður upp á þéttingarreit í Vatnsmýrinni.“

FYRSTA VERK SEM BORGARSTJÓRI

„Mitt fyrsta verk yrði að setja af stað áætlun um það hvernig við getum gert þjónustu við börn gjaldfrjálsa.“



Við getum gert borgina umhverfisvænni með ýmsum hætti. Fyrst og fremst með skynsamlegri þéttingu byggðar. Með því að þetta borgina í stað þess að dreifa úr henni er hægt að tryggja að fólk sé ekki alltaf á þessum endalausum ferðalögum á einkabílnum heldur bjóða fólki upp á að ferðast með öðrum hætti. Það er auðveldara að skipuleggja almenningssamgöngur, auðveldara að skipuleggja hjólastíga ef við erum með aðeins þéttari borg. Auk þess sem nærþjónustan verður betri. Það eru fleiri verslanir í þéttum hverfum heldur en strjálbýlum. Þetta þýðir að við öxlum ábyrgð á umhverfisvandana, loftlagsbreytingum, súrnun sjávar og útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Það skiptir líka máli að við séum ekki að byggja stórkarleg umferðarmannvirki heldur reynum að stuðla að umhverfisvænni samgönguáttum. Svo verðum við að vera ábyrgari í nýtingu auðlinda. Framganga Orkuveitu

Reykjavíkur gagnvart auðlindinni á Hellisheiði hefur ekki verið okkur til sóma. Ef við höldum áfram að nýta háhitasvæði á Hengilsvæðinu með sama hætti og við höfum verið að gera þá munum við þurrausa svæðið á næstu áratugum. Við verðum að draga úr framleiðslunni. Að minnsta kosti staldra við og velta fyrir okkur hvað við erum að gera áður en við förum inn á ný svæði,“ segir Sóley.

Vill gjaldfrjálsa þjónustu við börn

Sóley segir raunhæft að bjóða upp á gjaldfrjálsa þjónustu við börn í Reykjavík eftir nokkur ár. „Það er ekki raunhæft að bjóða upp á það strax í júní en það hefur alltaf verið stefna Vinstri grænna að tryggja að útsvarið nýtist í grunnþjónustuna. Það er okkar mat að við getum innleitt áætlun um að gera þjónustu við börn gjaldfrjálsa á næstu árum. Það er mjög mikilvægt að við forgangsroðum í þágu barna. Þetta snýst um það að létta barnafjölskyldum lífið.“

Venjuleg fjölskylda í dag með tvö börn, annað í leikskóla og hitt í grunnskóla, er að borga upp undir 60 þúsund krónur á mánuði óháð tekjum til viðbótar við útsvarið. Þessa peninga er hægt að nýta í ýmislegt annað ef við myndum forgangsraða fjármunum borgarinnar með öðrum hætti. Þetta er ekki þjónusta sem fólk er að velja. Þetta er þjónusta sem við teljum að eigi að vera sjálfsgöð. Öll börn eiga rétt á leikskólaplássi, skólamáltíð og að komast á frístundaheimili. Ef okkur er alvara með það þá eigum við sjálfsgöðu ekki að mismuna fólki eftir efnahag og gera það að verkum að einhverjir þurfi að velja sig frá því,“ segir Sóley. Hún segir að þetta muni kosta borgina um þrjú milljarða sem séu um 3,5 prósent af tekjum borgarinnar. „Við höfum hagrætt við annað eins á undanföllum árum. Að sjálfsgöðu þurfum við að skera niður annars staðar á móti. Við verðum að búa til áætlun um þetta. Þetta gerist ekki strax. Ég er ekki með Framsóknarloforð

en þetta er eitthvað sem við getum gert til langs tíma,“ segir Sóley.

Nauðsynlegt að fjölga leiguíbúðum

Leiguverð á fasteignamarkaði í Reykjavík hefur margfaldast á undanföllum árum. Sóley segir að stærsta verkefnið á næsta kjörtímabili verði að fjölga leiguíbúðum í Reykjavík, um það séu allir flokkar sammála. „Þetta þarf að gerast með ýmsum hætti. Það skiptir máli að fara í uppbyggingu á fjölbreyttum íbúðum, sérstaklega smærri íbúðum. Við höfum öll tekið þátt í mótun húsnæðisstefnu borgarinnar og aðgerðum í kjölfarið þar sem verið er að reyna að búa til blönduð fjölbýlishús og fleira sem við erum öll sammála um að þurfi að gera. Eitt af því sem við höfum gagnrýnt og hefðum viljað gera meira af er að kaupa eða byggja fleiri félagsbústaði. Það er langur biðlisti eftir félagslegu húsnæði hjá borginni og meirihlutinn hefur ekki verið að standa sig sem skyldi,“ segir Sóley.

MENNTUN OG FYRRI STÖRF

1989 Grunnskólapróf úr Digranesskóla

1997-1998 Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands

2000-2002 Rannsóknarstjóri Hvíta hússins

2004-2007 Deildarstjóri barnasviðs í Miðbergi

2005-2007 Í stjórn Kvenréttindafélags Íslands

2009 Borgarfulltrúi Vinstri grænna



STJÓRN MÁLAPÁTTAKA

Höskuldur Kári Schram
hoskuldur.schram@365.is



visir.is

Viðtalið við Sóleyju er hægt að sjá í þættinum Pólitíkin á www.visir.is.

LAMBALÆRI

Í Iceland færðu alvöru íslenskt
lambalæri á frábæru verði!



TAKMARKAÐ MAGN!

998 kr. kg.

1. FLOKKS LAMBALÆRI
FRÁ FJALLALAMBI



Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

OG ALLT HITT MEÐ HELGARSTEIKINNI

50% afsláttur

199
Áður: 398 kr.

Sticky Toffee ostakaka
455 g

298

Colman's mintusósa
250 g

298

Rósakál
900 g

298

Blómkál
900 g

298

Maisbaunir
900 g

998

Coca Cola
4x2 l



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

HVÍTIR JAKKAR ERU ÞAÐ HEITASTA HJÁ FRÆGUSTU MÖNNUM HEIMS

ARNOLD SCHWARZENEGGER



MATTHEW MCCONAUGHEY DOLCE & GABBANA



RYAN REYNOLDS BURBERRY



JARED LETO SAINT LAURENT



KANYE WEST



APP VIKUNNAR FINDERY: SOCIAL LOCAL DISCOVERY

App vikunnar að þessu sinni er drauma-app heimsborgarans og ber það nafnið Findery: Social local discovery.

Í smáforritinu getur þú fræðst um helstu staði heimsins. Segjum sem svo að þú sért að fara til Parísar og viljir fræðast eða lesa skemmtilegar sögur af fólki sem gerst hafa við Eiffeltúrninn. Þá er lítið mál að finna slíkar sögur í forritinu. Notendur forritsins geta einnig sjálfir skrifað sögu sem gerðist á viðkomandi stað.

Í forritinu finnur þú skemmtilegar staðreyndir. Þú getur lesið um hina ýmsu staði, slúður um hvað fræga fólkið hefur gert á hinum ýmsu stöðum í heiminum, ásamt skemmtilegum fróðleik.

Í forritinu er kort af öllum heiminum. Þú getur svo deilt sögunum þínum og hugmyndum í gegnum Facebook, Twitter og fleiri samskiptamiðla.

Appið er eingöngu til fyrir stýrikerfi Apple.

YFIRHEYRSLAN GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR ÓPERUSÖNGKONA

Vigdís Finnbogadóttir æskuhetjan

1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt? Ef þeir bæru það upp við mig gæti ég leitt sannleikann í ljós!

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Að ég skuli oft telja í huganum stafi í setningum (sem eru 30 stafir).

3 Hvað kemur út á þér tárnum? Það sem er fallegt og einlægt, hvort sem það er í fólki, skáldskap eða tónlist. Einnig það sem er sorglegt, eins og lokin á óperunni Ragnheiði.

4 Hvað gerir þig pirraða? Eigingirni, sjálfselska, leti, tilætlunarsemi, vanþakklæti, hroki og kvart.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Fólki! Sérstaklega börn. Ég hlæ reyndar mjög mikið að mjög mörgu.

6 Er líf á öðrum hnöttum? Það væri nú gaman að vita svarið við því, en mér þykir það afar líklegt.

7 Hvert er fallegasta hjóð sem þú hefur heyrt? Raddirnar í börnunum mínum, Evu og Leó.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Ég sofna með hinum.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotin í? Ég þjáist sem betur fer ekki af frægafólksörum og er mjög skotin í manninum mínum.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu? Úff, það væri erfitt, en segjum kannski að ég tæki með mér Sjálfstætt fólk, Maria Callas la divina og The Big Lebowski.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Að horfa á bleikan himin í Stykkishólmi úr rimlarúminu mínu inni hjá pabba og mömmu.

→ Óperudíva

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir leikur eitt af þremur stórum kvenhlutverkum í óperunni Ragnheiði sem sló í gegn í Hörpu um síðustu helgi. Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson eru höfundar verksins. Aðrir söngvarar í Ragnheiði eru Póra Einarsdóttir, Viðar Gunnarsson og Elmar Gilbertsson.

“Ég tel oft stafi í setningum í huganum.

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Vonandi verð ég að syngja og ala upp börnin mín með manninum mínum.

13 La Traviata eða Turandot? Ég er nú meira fyrir La Traviata, en á góðar minningar frá því að syngja í kórnum í Turandot og dást að stjórn Rico Saccani þegar ég var að byrja að læra söng.

14 Hver var æskuhetjan þín? Vigdís Finnbogadóttir, ekki spurning.

15 Er ást á tunglinu? Ef ekki þá þyrfti að fara með hana þangað.



Þar sem ferðalagið byrjar

Combi Camp er kominn aftur til Íslands

Verð: 1.990.000 kr. með fortjaldi og eldhúsi

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18 - lau-sun kl: 12-16



Útilegu maðurinn®
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Korputorg | 112 Reykjavík | Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

NÝR 8BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM FERMINGARTILBOÐUM

**8BLS
BÆKFLINGUR**
MEÐ PÓSTINUM TIL
ALLRA HEIMILA Á
LANDINU

8BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM FERMINGARTILBOÐUM

GIGABYTE
BESTU TÖLVURNAR Í TÖLVUTEK

GIGABYTE
EXTRA TÖLVUTILBOÐ 3
149.900

GIGABYTE
30 MONSTER TILBOÐ 2
179.900

GIGABYTE
30 MONSTER TILBOÐ 1
149.900

20" TILBOÐSPAKKI 24.900

22" TILBOÐSPAKKI 29.900

24" TILBOÐSPAKKI 29.900

ÖRYGGISVÖRN 4.900

TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

FERMINGAR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

Framúrskarandi
Fyrirtæki 2011-2013

**NR40
RISA
PASKAEGG**
HEPPINN FACEBOOK VINUR
VINNUR 3KG PASKAEGG
FRÍ FREYRI!

**OPIÐ
Í DAG FRÁ
11-16**

TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA

1. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

2. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

3. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

1. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

2. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

3. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI

1. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

2. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

3. TÖLVUTEK ER SITT MESTI BÉTTI LAUSINGU AF TÖLVUNUM OG HVAÐ Á BETRA VERÐI

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar. Innstættarvillur og myndabreytingar

Vnr: 0113450
KRONOSPAN Saragossa
harðparket, eik,
7 mm, 192x1285 mm.

1.595 kr./m²

kronosspan

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

Vnr. 18080030
Angel Grigio gólfflísar,
15x60 cm, frostþolnar.

4.995 kr./m²

Vnr. 0113453
KRONOSPAN harðparket,
hnota, 6 mm, þriggja stafa,
193x1380 mm.

995 kr./m²

kronosspan

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



[facebook.com/BYKO.is](https://www.facebook.com/BYKO.is)

GROHE



Vnr. 15332843
GROHE Eurosmart
Cosmopolitan eldhústæki.

24.995 kr.

FEGRADU HEIMILIÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 10708500
RONDA handlaug,
33,5x29x11,5 cm.
Hægt að nota á vegg eða borð.
Blöndunartæki fylgir ekki.

9.995 kr.



Vnr. 15332204
GROHE Concetto
handlaugartæki.

15.995 kr.

GROHE

ÞEGAR ÞABBASTRÁKURINN VAR GERÐUR KÓNGUR

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson segir gamla sögu um líklega fyrstu alþýðubyltingu sem gerð hefur verið í veröldinni.



Pabbi hans var æðsti prestur, þess vegna varð hann kóngur. Það hjálpaði líka mikið til að tengdafaðir hans var einn af ríkustu mönnum í plássinu, milljónamæringur, landeigandi. Þegar þeir tóku saman höndum, æðsti presturinn og landeigandinn, þá stóðst þeim enginn snúning og strákurinn varð kóngur. Hvort þeir rændu beinlínis völdum fyrir hann, eða hvort þeir keyptu þau, það vitum við ekki. En við vitum að strákurinn varð kóngur í krafti þeirra tveggja.

Hvenær gerðist þetta? Þetta hefur oft gerst. Alltof oft og fram á þennan dag. Þetta hefur líka gerst víða, sjálfsgagt í hverju landi eru til svona sögur. En þær enda þó ekki allar eins. Okkar saga endar vel, best að draga enga dul á það. Ekki samt fyrir kónginn. Heldur fyrir fólkið í landinu. Ótrúlegt nokk.

Lagash, það er staðurinn. Núna er lítið að sjá í Lagash, fölbrún hæðardrög í bland við leirlitar sléttur, það er eins og ryk sitji yfir öllu og hylji allt líf, jafnvel græni liturinn á gróðurskikum bændanna sem þarna hokra virðist gamall og lúinn, bókstaflega runnin út í sandinn. Þetta er í Írak, við höfum margoft séð svipað landslag í sjónvarpsfréttunum, brynvarðir amerískir Hummerar róta upp rykskýjum, kufklæddir íbúar í nokkrum kumböldum úti sveitinni

reyna að leiða þá hjá sér, tveir úlfaldar í fjarska, enþá fjær ein hrísla. Lagash er núna á ófrjósömu landi milli ána Tígris og Efrat, vatn er af skornum skammti í þessari deyfðarlegu sveit. En í þá daga, þá var líf og fjör í Lagash. Því Lagash var þá heil borg, stórborg, og um þær mundir þegar æðsti presturinn og milljónamæringurinn gengu í bandalag um að koma prestsyninum á konungsstólinn og gera dóttur milljónamæringins að drottningu, þá var Lagash-borg hvorki meira né minna en sú fjölmennasta í heimi. Þá stóð hún við eina af kvíslum Efrats og reyndar nálægt sjónum líka, því strandlengjan var þá rúmlega 200 kílómetrum ofar en nú er. Og borgin var hluti af Súmer, stórfenglegu menningarríki sem risið hafði í suðurhluta Íraks eða Mesópótamíu á fjórðu þúsöld fyrir Krist, en söguhetja okkar var aftur á móti uppi kringum árið 2400 fyrir Krist, eða fyrir rúmum 4.400 árum. Súmerar voru þá upp á sitt besta, brautryðjendur í allskonar vísindum og tækni, smíðuðu áveitur, þróuðu hjólið betur en aðrir höfðu gert áður, fóru að skrifa, fyrst hagtölur mánaðarins en seinna bókmenntaverk.

Lagash-menn réðu yfir víðlendu ríki þarna í suðurhluta Mesópótamíu, þar voru sautján stórar borgir, átta héraðshöfuðborgir og fjöldinn allur af smærri bæjum og þorpum. Æðsti guð borgarinnar var Ninurta, skrímslabani mikill, en ekki yfir það hafinn að fást við landbúnað og hjálpa mannkyni að yrkja jörðina. Og það var fyrrnefndur æðsti prestur Ninurta sem náði að taka völdin í Lagash og gera son sinn að kóngi, en prestarnir munu um þær mundir hafa náð miklu áhrifavaldi yfir borginni.

Kaupskýslukona

Sonurinn sem nú varð kóngur hét Lugalanda og drottning hans, dóttir landeigandans og milljónamæringins, hét Baranamtarra. Hún var greinilega ekki síðri peningamaður en karl faðir hennar, fræðimenn hafa getað rakið kaupskýslu hennar víða um nágrennið og til nágrannaborganna líka. Hún virðist hafa sýslað með ullarfatnað, mjólkurvörur, kopar og margt fleira. Á margvíslegum listum sem Súmerar héldu yfir eignir og hagsmuni má víða finna orðin „Eign Baranamtörru“ við kvikfénað, jarðeignir og alls konar smærri hluti. Og svo

líka fólk, Baranamtarra átti fólk, það var sem sé búið að finna upp þrælalaldið.

Uppreisn

Í níu ár sátu Lugalanda og Baranamtarra á hásætum sínum í Lagash. Það hafa áreiðanlega verið góð ár – fyrir þau. Þau mökuðu krókinn, sópuðu að sér fé, röðuðu sínu fólk á garðann, spilling varð landlæg, augljós og grim. Kóngurinn kastaði eign sinni á jarðeignir almennings og svívirði hina veikari þegna sína á ýmsan hátt. Alþýðan kveinaði undan þeim byrðum sem á hana voru lagðar en konungshjónin skeyttu engu um þá kveinstafi, þau voru með prestana bak við sig og stórkapítalið og búin að gera embættismenn og alla helstu leiðtoga háða sér, hvaða áhyggjur þurftu þau að hafa?

Allt í einu braust út í Lagash einhver allra fyrsta bylting sem sögur fara af í heiminum. Valdarán höfðu auðvitað lengi tíðkast, þar sem einn einstaklingur tók við af öðrum, en það sem nú virtist vera í Lagash var hrein og klár alþýðubylting. Uppreisn kúgaðra stétta, ekki síst bænda, sem höfðu fengið nóg af spillingunni, skeytingarleysinu, arðráninu, kúguninni. Nákvæmlega hvernig þessi bylting var gerð vitum við ekki, en allt í einu var kominn nýr kóngur í landið, Úrukagína hét hann. Í einni heimild segir að guðinn Ninurta hafi valið Úrukagína úr hópi fjölda manns og það bendir óneitanlega til



HELGRÍMA SÚMERAKÓNGS.

þess að hann hafi verið einn af leiðtogum uppreisnarrinnar gegn Lugalanda, væntanlega alþýðumaður. Hvað varð um pabbastrákinn á konungsstólum er ekki vitað, Lugalanda hverfur einfaldlega úr sögunni eins og jörðin hefði gleypt hann – og kannski var það einmitt raunin. Hins vegar er vitað að ríka drottningin Baranamtarra dó tveimur árum eftir byltinguna og þá brá svo við að drottning Úrukagína, Shagshag að nafni, annaðist útför hennar með heilmikilli viðhöfn.

En byltingin sem sópaði Lugalanda frá völdum hefur orðið þekkt í sögunni vegna þess að Úrukagína hófst nú handa um að bæta samfélagið sem mest hann mátti. Hann lét setja mikla lagabálka, löngu á undan Hammurábí hinum babýlónska, og í þeim verður vart mikillar viðleitni til að auka frelsi og jafnrétti þegnanna (nema náttúrulega þrælanna!) og skorður voru settar við valdi prestanna og hinna stóru landeigenda, sem sagt einmitt þeirra sem höfðu komið

Lugalanda í hásætið. Það hefur því greinilega átt að bylta gjörsamlega því skipulagi sem komist hafði á undir stjórn fyrri konungs. Þá benda heimildir til að í lögum Úrukagína hafi verið sérstök ákvæði gegn okri, ofstjórn, hungri, þjófnum, morðum og eignaupptöku af hálfu hinna völdugu. Í lofgjörð um verk Úrukagína segir að „ekkj-an og munaðarleysinginn voru ekki lengur leiksoppar hins völdugu manns“.

Lifðu sníkjulífi á alþýðunni

Þá var lagt bann við því að ríkir menn og völdugir mættu berja alþýðufólk eins og virðist hafa verið plagsiður undir stjórn Lugalanda.

Ég ítreka – þetta gerðist fyrir 4.400 árum eða þar um bil. Íbúar í Lagash létu ekki bjóða sér hvað sem er, heldur hrintu kúgaranum úr sessi. En það kom því miður í ljós að hinir ríku og völdugu, þeir áttu síðasta orðið. Þeir höfðu lifað sníkjulífi á alþýðunni en reyndar kostað her ríkisins, að því er talið er. Og nú þegar Úrukagína hafði skorð upp herör gegn hinum ríku, þá hefndu þeir sín grimmilega. Þegar nágrannaborgin Umma fór að láta ófriðlega, þá virðast þeir ekki hafa lagt sig mikið fram um að verja heimaborg sína. Kannski var áráð kóngsins í Umma meira að segja runnin undan rifjum óvina Úrukagína heima fyrir, annað eins hefur nú gerst. Altént varð Umma-kóngur ráðinn í að koma byltingarforingjanum Úrukagína frá völdum – þessi saga minnir óneitanlega á það þegar byltingarmenn í Frakklandi settu Bourbon-ættina af og franski aðallinn gekk í bandalag við nágrannaríkin um að koma byltingarmönnum aftur frá völdum. Aðalsmennirnir vildu auðæfi sín aftur, kóngar nágrannaríkjana vildu koma í veg fyrir að byltingin í Frakklandi breiddist út til þeirra með hættulegum hugmyndum alþýðunnar.

Svo kóngurinn í Umma réðist á Lagash og þótt Úrukagína berðist eins og ljón var hann lemstraður eftir undanbrögð hinna ríku. Borgin var brennd, alþýðunni slátrað og aftur komst á „röð og regla“ eins og kúgun heitir gjarnan í munni kúgaranna. Hvað varð um Úrukagína veit enginn, ætli hann hafi ekki bara farist í eldinum, en óneft súmerskt skáld orti eftir hann tregakvæði: „Syndir Úrukagína, þær engar voru.“

Þannig fór um fyrstu alþýðubyltinguna, þannig hefur farið um þær fleiri en þó kemur alltaf að því að lokum að alþýðan gerir byltingu sé henni nóg boðið.

ÁSTRALÍA – TASMANÍA – NÝJA SJÁLAND – DUBAI

Kynningarfundur, þriðjudaginn 11. mars



Úrval Útsýn kynnir glæsilega ferð um Ástralíu. Kynningarfundur verður kl. 20, þriðjudaginn 11. mars í Hlíðasmára 19. Guðrún Bergmann, fararstjóri, kynnir þessa ævintýrlegu ferð um landið „down under“, auk Nýja Sjálands og Dubai. Verið velkomin.

“**Pau mökuðu krókinn, sópuðu að sér fé, röðuðu sínu fólk á garðann, spilling varð landlæg, augljós og grim. Kóngurinn kastaði eign sinni á jarðeignir almennings og svívirði hinu veikari þegna sína á ýmsan hátt. Alþýðan kveinaði undan þeim byrðum sem á hana voru lagðar en konungshjónin skeyttu engu um þá kveinstafi.**”



„Framúrskarandi akstursupplifun“

Ford Kuga Titanium AWD.

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Ford Kuga fær þig til að brosa í hvert skipti sem þú sest undir stýri. Komdu og prófaðu.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk og dráttarbeisli að verðmæti 365.000 kr. öllum Ford Kuga í mars. Nýttu tækifærið.

Beinskiptur með dísilvél frá 5.790.000 kr.

Sjálfskiptur með dísilvél frá 6.490.000 kr.

Sjálfskiptur með bensínvél frá 6.190.000 kr.



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Vissir þú að Ford Kuga er öruggasti bíllinn í sínum flokki?

Öryggi skiptir miklu máli en það gerir staðalbúnaðurinn líka. Ford Kuga stenst þann samanburð fyllilega líka enda búinn skynvæddu fjórhjóladrifi, Ford SYNC raddstýrðu samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slítfloðum sæta, 17" Titanium álfelgum, upphitanlegri framrúðu, starthnappi, regnskynjara í framrúðu og langboga með álútliti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. CO₂ losun 154/162 g/km.

Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. CO₂ losun 179 g/km.


Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Konráð og félagar á ferð og flugi 86

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meiri myndin,“ sagði Konráð og dæsti. „Línurnar eru allar svo skakkar og skældar að maður fær hausverk af því að horfa á þær.“ Lísaloppa horfði rannsakandi á myndina. „Ertu alveg viss Konráð,“ sagði hún. „Gæti þetta ekki bara verið hilling?“

Hvað heldur þú, eru línurnar allar skakkar og skældar eða er þetta hilling? Legðu reglustiku yfir lóðréttu línurnar og sjáðu hvort svo sé.



Brandarar

Það var aðfangadagskvöld jóla og þjófur var búinn að brjótast inn í hús eitt. Skyndilega heyrir hann rödd sem segir: „Jesús sér þig.“

Nú reynir þjófurinn að finna eiganda raddarinnar og finnur páfagauk í búi. „Sagðir þú þetta?“ spyr þjófurinn.

„Já,“ segir páfagaukurinn. „Og Jesús sér þig.“

„Hver heldurðu eiginlega að þú sért?“ spyr þjófurinn.

„Ég er Róbert,“ svarar páfagaukurinn.

„Róbert?“ spyr þjófurinn. „Hvaða hálfvita dettur í hug að kalla páfagaukinn sinn Róbert?“

„Sama hálfvitanum og dettur í hug að kalla Rottweiler-varðhundinn sinn Jesús,“ svarar páfagaukurinn.

LEIÐIN TIL HOLLUSTU

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skráargatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.



www.skyr.is



Hvað veistu um Pollapönk og Eurovision?

Hljómsveitin Pollapönk verður fulltrúi Íslands í Eurovision með lagið Enga fordóma. Veistu hverjir spila í Pollapönki?

1. Hvað heitir trommuleikarinn?
2. Hvaða vinnu stundar Haraldur Gíslason Pollapönkari númer eitt?
3. Hverjir syngja með Pollapönki í laginu Enga fordóma?
4. Hvað var fyrsta lagið sem Pollapönk gerði vinsælt?
5. Hvað heitir blái Pollinn?
6. Hvaða lag varð í öðru sæti í íslensku undankeppinni?
7. Hver keppti í Eurovision fyrir Íslands hönd í fyrra?
8. Hvaða íslensku lög hafa komist lengst í aðalkeppni Eurovision?
9. Hvað var fyrsta lagið sem Íslendingar sendu í Eurovision?
10. Hvað hét lagið sem vann Eurovision í fyrra?



Svör

1. Arnar Gíslason.
2. Hann er leikskólakennari.
3. Ottar Þroppé og Snæbjörn Ragnarsson úr Skálmöld.
4. 13 væljubillinn.
5. Heiðar Arnar Kristjánsson.
6. Lífið kviknar á ný.
7. Eyþór Ingi.
8. All out of luck með Selmu.
9. Björns var í öðru sæti og Ís í þriðja.
10. Only Teardrops.

Langar að verða stórstjarna í fótbolta

Ísak Daði Henrysson, sem fagnar ellefu ára afmæli á morgun, er mikill áhuga- maður um íþróttir. Hann spilar bæði fótbolta og handbolta með stórveldinu HK.

Hvað heitir þú og hvað ertu gamall? „Ísak Daði Henrysson og ég verð 11 ára á morgun, sunnudag.“

Í hvaða skóla gengur þú? „Hörðuvallaskóla í Kópavogi.“

Hvaða námsgreinar eru í upphaldi í skólanum? „Stærðfræði og íþróttir eru skemmtilegustu greinarnar.“

Ertu í íþróttum utan skóla- tímans? „Já, ég er bæði í handbolta og fótbolta með stórveldinu í Kópavogi, HK.“

Hefurðu keppt í íþróttum? „Já, oft. Það er rosalega gaman. Shell-mótið í Vestmannaeyjum er skemmtilegasta mót sem ég hef farið á.“

Heldurðu upp á einhverja sérstaka íþróttamenn og þá hverja? „Ég held mest upp á Cristiano Ronaldo. Ég held líka upp á Aron Pálmarsson í handboltanum. Aðrir góðir eru Eden Hazard, Juan Mata, Van Persie og Messi.“

Hvað heitir besti vinur þinn og hvað gerir þið helst saman? „Hann heitir Victor. Við förum oft út í fótbolta saman.“

Hvað finnst þér langskemmtilegast að gera? „Spila fótbolta.“

Hver er uppáhaldstónlistarmaðurinn þinn? „Það er Eric Saade. Hann er sænskur söngvari.“

Ertu farinn að spá í hvað þú ætlar að verða þegar þú verður stór? „Stórstjarna í fótbolta.“



5
ÁRA
Ábyrgð
Ótakmarkaður
akstur
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



Hyundai Santa Fe

Sparneytinn lúxusjeppi

Hyundai Santa Fe dísil, 197 hestöfl, sjálfskiptur
Verð frá: 7.450.000 kr.

LED fram- og afturljós / LCD mælaborð / regnskynjarar á framúðu
íslenskt leiðsögukerfi / leðuráklæði / bakkskynjarar / panorama glerþak
rafstýrð sæti með minni / aksturstölva

*Middi vöð uppgefnar tölu framleiðanda um eidsneytisnotkun bensínþéttis í x35 í blönduðum akstri

OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12-16

 NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL

Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bilaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENMEMM / SIA / NMB1797



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Hef hag af því að vinna sé nákvæm (7)
- Er fótarbrauð einn af fæðuflokkunum fjórum? (14)
- Davíð urrar á skipsuglu (7)
- Fús að deila nýmóðins pælingum núna (14)
- Sjálfstæð rauf svipuð (8)
- Leita fjár í Austur-Evrópu (3)
- Ertu að herma félagi, á þetta að vera Tarzan? (9)
- Er sá gamli til ama með sínu kvikasílfurskokteilrugli? (8)
- Vissu vottar um vitnisburð? (13)
- Aftan vakið og upp þurrkað (8)
- Síðasti spölur loftsiglingarinnar (8)
- Gullljóminn skýrir sjónina (8)
- Ætli maður svitni af bulli sjónarvottar? (6)
- Unginn er ringlaður meykóngur (6)
- Ef elskuð gerðust löt (7)
- Tekinn ef auðnin er í rugli (6)
- Klikkaður vesalingur og aumur sauður (8)
- Kolvitlaus hljómsveitarsöngur (8)
- Pegar traust mun ganga kynslóða á milli (6)
- Hér má sjá síðhærðu tuddana frá Tíbet (8)
- Níða garma (5)
- Sjóm þau sem við erum með (5)
- Ljóta skítamálið, að stinga útúr fjárhúsunum (10)
- Hönd fyrir utan tímenn (7)
- Komast kjafar til uppsprettu auðævanna? (8)
- Vals og velta (5)

LÓÐRÉTT

- Frá fella í skjóli skjóla (7)
- Baulu beina á nýja og allt aðra braut (7)
- Stjórn riðar ef hún ber ekki saman bækur sínar (9)
- Vita vendi (5)
- Kíki ekki í heimsókn fyrir hverfandi (8)
- Sá meðfæddi hefur það sem hann gerði (8)
- Álkufjötur heftir höfuðfat (8)
- Hugsum um ár með harmi slegnum (8)
- Ormur lækar allt eftir að hann fékk heilsuna á ný (8)
- Frostbit og blóðhlaup við Eystrasalt (6)
- Skýrði hví hann skráði mig út (9)
- Skyldi þetta kvikindi ná að tæla Mæju? (9)
- Festu það sem þau öngluðu saman (5)
- Liðið með tölurnar um tilfelli á árinu var bara að fara (8)
- Móðurlíf gefa oft vel af sér (9)
- Einhver handsama hóp og ákveða upplag (13)
- Örva rök (6)
- Fantar móta merkingu Morfis-keppna (8)
- Fundu frænkur og frændur og fluttu svo allt heila slektið (8)
- Gerpín, ómennin og endemis ræflarnir (9)
- Segir leiðindi veraldarvefsins vísa á karl sem kann að ríða (8)
- Sómi hins hugstola manns (3)
- Belgmikil málmstaup (6)
- Löstum þá sem dreifa napuryrðum (6)
- Mjakaði sér þá maturinn í mæðulegan (6)
- Sendi bola til bræðra sinna norður af Norðausturlandi (6)
- Bólva undir stýri enda lélegur bílstjóri (5)
- Auma hef ég útlími (4)



Lausnarorð síðustu viku var
AÐILDARVIÐRÆÐUR



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Skuggasund eftir Arnald Indriðason frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðbjörg Svava Sigurz, Hafnarfirði**.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist þjarg sem enginn sleppur lifandi frá. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. mars“.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 32. STARFSÁR
THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 32ND SEASON

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU THE MOTET CHOIR OF HALLGRÍMSKIRKJA

STJÓRNANDI / CONDUCTOR: HÖRÐUR ÁSKELSSON



1614-1674

HALLGRÍMUR PÉTURSSON

400 ÁRA AFMÆLI / 400TH ANNIVERSARY

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU
FESTIVE CONCERT IN HALLGRÍMSKIRKJA

TIL HEIÐURS MESTA SÁLMAKÁLDI ÍSLENDINGA
IN THE HONOR OF ICELAND'S GREATEST HYMN WRITER
SUNNUDAGINN 9. MARS 2014 KL. 17 / 5 PM

Á EFNISKRÁNNI ERU HALLGRÍMSÁLMAKÁLDAR EFTIR JÓN NORDAL, ÞORKEL SIGURBJÖRNSSON, JÓN HLÓÐVER ÁSKELSSON, SIGURD SÆVARSSON, HALLDÓR HAUSSON OG HREIÐAR INGA ÞORSTEINSSON OG VERK EFTIR SAMTÍMAMENN HALLGRÍMS, HEINRICH SCHÜTZ, MOGENS PEDERSEN OG THOMAS SCHATTENBERG

THE PROGRAM INCLUDES MUSIC BY CONTEMPORARY ICELANDIC COMPOSERS AND GERMAN AND DANISH BAROQUE MASTERS

ADGANGSEYRIR / ADMISSION 3.500 / 2.500 ISK.

MIDASALA / TICKET SALE HALLGRÍMSKIRKJA S./TEL 510 1000, OPIÐ 9-17 ALLA DAGA / OPEN DAILY 9 AM - 5 PM



Hannað af arkitekt

Scrabble, krossgátuspilið eða skrafl er borðspil sem tveir til fjórir geta spilað í einu. Leikmenn eiga að mynda orð úr stöfum sem þeir draga af handahófi á leikborð sem skipt er í 15 snum 15 reiti. Hver reitur gefur mismörg stig og hver stafur einnig. Hver leikmaður verður að tengja orðið við þá stafi sem búið er að leggja á borðið. Sá vinnur sem fær flest stig.

